

PORSTEINN JÓNSSON

Á ÚLFSSTÖÐUM

TUNGLS GEISLAR

NOKKRAR HUGLEIÐINGAR

Í SAMBANDI VIÐ

ÍSLENZKA HEIMSFRÆÐI

PORSTEINN JÓNSSON
Á ÚLFSSTÖÐUM

TUNGLSGEISLAR

NOKKRAR HUGLEIÐINGAR
Í SAMBANDI VIÐ ÍSLENSKA HEIMSFRÆÐI

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.
PRENTAÐ Á KOSTNAÐ HÖFUNDAR
REYKJAVÍK 1953

AF EIGIN RAMMLEIK LJÓMAR TUNGLIÐ EKKI,
EN ÞÓ ENDURSKÍN PAÐ JÖRÐINNI GEISLUM,
SEM HÚN ANNARS HEFÐI FARIÐ Á MIS

H A U S T

Sérhver einmani er sem nótt án stjarna,
eða stjarna, sem ekki finnur nótt.

Það er skuggaleg haustnótt, og veturinn er að ganga í garð. Vindurinn þýtur ömurlega við gluggann minn, og ég harma lífið, sem er að hverfa.

Það kemur stundum að mér, að ég efast um það, sem ég veit og mér hefir skilist. Og nú efast ég um, að þetta hverfula líf eigi fyrir sér nokkra framtíð. Ég á erfitt með að trúa því nú, sem mér þó hefir skilist, að allir hinir deyjandi og dánu eigi fyrir sér líf eftir að hafa lokið lífi sínu hér. Og þó þrái ég einmitt núna svo mjög að geta trúð þessu og vildi jafnvel gefa til þess líf af lífi mínu. En er það þá vegna trúleysis míns og vanmáttar, að ég ann, og vegna fátæktar minnar, að ég þrái að gefa?

Eitt sinn varð til hjá mér kvæði, sem aldrei varð þó nema vanasmíð, og þó minnist ég sköpunar þess með unaði. Var efni þess á þá leið, að lítil daggarperla færði andvaka blómi, gegnum myrkur og kulda næturinnar, sýn til fjarlægra sólna og fann hammingju sína um leið. Slíkar gjafir vildi ég nú geta fært þeim, sem þess þörfnuðust, því að það væru þær einu gjafir, sem ég yrði auðugur af að gefa.

Ég vildi geta látið þá sjá og skilja þá fegurð og þann mikilleik, sem ég stundum hefi séð, að tilveran hefir að geyma. Þess, sem í sannleika var mitt eigið, nytí ég þá fyrst, þegar ég megnaði að gefa það einhverjum öðrum.

Blágresið mælti: Þér ber þökkin míin.
 Þú hefir birt mér leið til himinsala,
 leitt mig í sátt við lífs míns dimmu byggð.
 Daggperlan mælti: Ljúf var þökkin þín.
 Það hefir veitt mér, prýðin foldardala,
 sælu að mega léttu lífs þíns hryggð.

Petta var niðurlag hins vansmíðaða kvæðis míns, sem mér þykir þó svo gott að minnast.

Og því þykir mér svo gott að minnast þess eða þeirrar hugsunar, sem að því lá, að það var fyrsti tunglsgeislinn minn eftir að hafa öðlast þá útsýn, sem ég hefi bezta þegið. Þar varð mér fyrst ljóst, að væri ég raki við rætur einhvers blóms, þá bæri mér að verða því næring, gefa mig því, því að þannig aðeins mætti ég finna mér leið upp úr moldinni. Og nú, þegar ég horfi út í myrkrið og hugsa um þá, sem orðið hafa að þola ranglæti dauðans, reyni ég að leiða hugann að því sama. Ég veit það enn, að mér ber að gefa það, sem ég hefi ráð á að gefa, svo að ég megi eignast það í raun og sannleika. Það, sem mér hefir skinið og það sem mér hefir skilist, ber mér að gefa þeim, sem ég enn næ til og þegið geta, því að þá yrði það mér raunveruleiki og sem ljós í myrkri. Mér ber að gefa þeim þetta, sem mér

hefir skilist, að tilveran þurfi á varanleik hvers einstaklings síns að halda.

Mér ber að gera öðrum ljóst, að það væri stærra brot gegn ástinni og fegurðinni, að einstaklingarnir hættu að vara en hitt, að þeir hefðu aldrei orðið til. Fengi ég einhverja til að skilja þetta með mér og annað það, sem ég hefi best þegið, og skilið, mundi efi minn hverfa. Þá mundu þeir verða mér leið upp úr myrkrinu og efanum líkt og blómið varð daggarperlunni upp úr moldinni. Og þegar ég loks væri orðinn sem daggarperlan, orðinn sjón annarra til himins, hvort mundu þá ekki stjörnurnar gleðjast af að sjá myndir sínar speglast í mér? — Það sem mér tækist að gera fyrir hina lifandi, gerði ég einnig fyrir hina horfnu.

KENNINGAR NÝALS

Ég segi ekki, að þeir séu allir heimskingjar, sem ekki láta sér skiljast þau sannindi, sem dr. Helgi Pjeturss hefir borið fram í ritum sínum. En skilningsskorturinn gagnvart heim stafar þó ekki af því, hve menn séu vitrir.

I.

Það er viðurkennt, að dr. Helgi Pjeturss hafi unnið merkilegt vísindastarf á sviði íslenzkrar jarðfræði, og mun þessa verks hans líka hafa verið getið í öllum minningargreinum þeim, sem birtust í blöðunum við lát hans á síðastliðnum vetri. En fyrst var það þó, og lengi síðan, að þessu verki hans var hér fálega tekið, og sá maður, sem bezt hafði átt að geta dæmt þar um, lagði jafnvel kapp á að fá það að engu metið. — Það má nú ef til vill segja, að þetta sé svo langt að baki, að óþarft sé á það að minnast, þar sem líka hið réttara hefir hér sigrað. En því minnist ég á þetta þó, að annað verk, sem dr. Helgi fórnaði kröftum sínum framar öllu öðru, hefir enn ekki hlotið þá viðurkenningu, sem því ber. Á ég þar við kenningar þær, sem Nýalsbækur hans hafa að flytja, og var það jafnvel tekið fram í sumum minningargreinunum um hann, að þær kenningar

eigi ekkert skylt við náttúrufræði. En þó að slíkt muni nú vera álit flestra fræðimanna hér, að þarna sé aðeins um óvissar staðhæfingar að ræða, þá er raunveruleikinn ekki sá. — Raunveruleikinn er, að kenningar Nýals, eða þau undirstöðuatriði, sem þær kenningar byggjast á, eru, eins og dr. Helgi hefir sjálfur tekið fram, hrein náttúrufræði, og er það ekki af öðru en því, að menn hafa ekki kynnt sér þær nógu vel, ef þeir vilja neita því. Þar ræðir einmitt um vísindi, sem fyrr eða síðar munu fá viðurkenningu.

II.

Í rannsóknarferð sinni frá Danmörku til Grænlands vorið 1897 varð dr. Helgi Pjeturss fyrir því óhappi að ofþreytast af svefnskorti, og beið hann þess aldrei bætur síðan. Var hann síðan jafnað svefnvana. En enginn veit hvað átt hefir, fyrr en misst hefir. Einmitt þetta, að fara að miklu leyti á mis við þá hressingu, sem svefninn veitir, kom nú dr. Helga til þess að fara að hugleiða, hvað svefninn er, og má nú að vísu skilja, ef vel er íhugað, að þar hlýtur að vera um magnan að ræða. Að segjast hvílast við það eitt að liggja og gleyma sér, er í rauninni engin skýring án þess að gert sé ráð fyrir einmitt þessu, að um magnan sé að ræða fyrir tilkomu einhvers kraftar. En til þess nú að leita skilnings á svefninum, tók dr. Helgi það fyrir að rannsaka draumana, og þótti honum síðar koma í ljós, að þar hefði hann valið hina réttu byrjun. Segir hann frá því í einni ritgerð sinni, að hann hafi átt það

Schopenhauer að þakka, að hann fór að veita athygli þeim eftirtektarverða mun, sem er á því að dreyma einhvern hlut og hugsa um hann. Draumur er líf en ekki hugsun. Og nú fór dr. Helgi að velta því fyrir sér, hvernig á þessum mun gæti staðið. Væru draumar sofandans aðeins komnir upp í hans eigin huga, aðeins endurminningar liðinna atburða úr vöku, eða þá ósjálfráður tilbúningur niðurbældra óska eða hvata, hversvegna voru þeir þá sýnir og atburðir, sem stundum voru ólik öllu því, sem nokkru sinni hafði fyrir hann borið í vöku? Hafði dr. Helgi, þegar þetta var, oft veitt því eftirtekt, að þegar hann sá sjálfan sig í draumi, t. d. í spegli, þá leit hann æfinlega út eins og hann væri annar maður. Og nú fór hann einnig að veita því athygli, að það annað, sem fyrir hann bar í svefninum, og honum þótti þó vera einn eða annar hlutur eða staður sér kunnugur, þá var það jafnan meira og minna frá-brugðið því, sem hann í svefninum ætlaði það vera. Hann sá þannig, að draumsýnirnar eru jafnan meira og minna ósamkvæmar þeim hlutum, sem hann ætlaði þær vera, og þótti honum það undarlegt, ef þær væru endurminningar hans úr vöku eða hans eigin hugsköpun.

Og nú fór dr. Helgi að hugleiða enn eina reynslu sína. Hann hafði tekið eftir því, að í huga hans voru við og við að koma orð og orðatiltæki á þann hátt, sem undarlegt var.

Orðum þessum eins og skaut upp í meðvitund hans án þess, að hann hefði hugsað þau. Segir hann, að reyndar hafi verið við hendina þetta athvarf fá-

fræðinnar, sem menn hafa kallað undirvitund, og að telja hefði mátt sér trú um, að það væri skýring, ef sagt væri, að orðum þessum hefði skotið þaðan upp. En önnur skýringarleið var það nú, sem hann fór. Hann fór nú að láta sér koma í hug, að orð þessi eða orðatiltæki kynnu að vera komin sér úr annarra hugum líkt og loftskeyti berast, og segir hann, að þegar hann fór að prófa þetta, hafi hann fundið, að hann var kominn á leiðina fram.

„Til sérhvers orðs í meðvitundinni“, segir dr. Helgi, „svavarar sérstakt ástand heilans. Og ef nú getur flutst orð frá huga til huga, þá er það af því, að ástand eins heila getur haft þau áhrif á annan heila, að sama ástand verði þar. Eða með öðrum orðum, ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum heila. En ef svo er, þá getur alveg eins flutst frá einum heila það ástand, sem samsvarar mynd í meðvitund þess, sem heilann á. En það verður sama sem að einn maður geti séð með augum annars. Eða með öðrum orðum: Það sem ein augu sjá, getur komið fram, eigi einungis í þeim heila, sem augun fylgja, heldur einnig öðrum“.

III.

Petta var nú sú merkilega niðurstaða, sem dr. Helgi Pjeturss komst að um eðli draumanna. Hún er sú, að draumar sofandans séu að vísu litaðir af endurminningum hans og hugsunum úr vöku, en að undirrót þeirra sé æfinlega vitundarsamband hans við einhvern vakanda.

Og það varð nú við þessa niðurstöðu ljóst, ekki einungis, hvers vegna draumurinn er fyrst og fremst líf en ekki hugsun, heldur og hvers vegna t. d. húsið mitt, þegar ég þykist sjá það í draumi, er jafnan svo ólíkt því, sem það raunverulega er, eða þá mitt eigið útlit. Mun hver einn geta gengið úr skugga um, að þannig er jafnan í draumi, að sýnir þær, sem þá ber fyrir, eru jafnan eithvað ósamkvæmar þeim hlutum, sem maður í svefninum ætlar þær vera. Hafa draumfræðingar eða þeir, sem fengist hafa við að rannsaka drauma, of lítið tekið eftir þessu, því að það má í rauninni heita alveg fullgild sönnun þess, að draumsýnirnar séu ekki komnar upp í manns eigin huga. Væru þær það, væru þær aðeins endurspeglanir þess, sem séð var í vöku, þá ættu þær að vera samkvæmar því. En hitt, að þær séu að fengnar á þann hátt, sem dr. Helgi segir, kemur aftur á móti mjög vel heim við þessa staðreynd draumanna auk þess, hve það liggar beint og eðlilega við séð út frá sumum lögmálum tilverunnar. Eru líka til dæmi þess, að það sem bar fyrir vakandi mann, hafi á öðrum stað en samtímis borið fyrir annan mann í draumi. — En nú þegar hér var komið, fór dr. Helgi að veita athygli, ekki einungis þessu, sem sagt hefur hér verið um draumana, heldur og því, að sumar draumsýnir eru þannig, að þær geta ekki átt sér stað á þessari jörð. En af því leiddi hann þá ályktun, að sambandsvera dreymandans, draumgjafinn, sem hann nefndi svo, hlyti lögum, eða jafnvel oftast, að vera íbúi annarrar jarðstjörnu.

IV.

Eins og sagt var hér að framan, þá verður hún alveg óskiljanleg þessi magnan, sem svefninn veitir, nema gert sé ráð fyrir, að hún sé aðstreymi tilsenda kraftar, sem endurnæri sofandann til lífs. Og eins er í rauninni um lífið á jörðinni. Án þess að líta á það sem þátt í alheims lífi, verður það alveg órokstutt og óskiljanlegt. Sérhvað einstakt, hvort sem það er lífstilvera einhvers einstaklings eða heildarlíf einhverrar einnar jarðar, hlýtur að vera þáttur í annarri stærri heild, því að án þess vantaði það sína frumorsök. Það getur ekkert einstakt verið til, eða hafa orðið til, án þess að eiga sína frumorsök að rekja til sambands við annað. Og hér var það nú, að dr. Helgi Pjeturss fór að sjá fyrir sér leið til að skilja. Við það að uppgötva, að draumar sofandans eru tilorðnir fyrir inngeislun frá hugum einhverra vakenda, fór hann nú að skilja, að svefninn er einnig eitthvað líkt, magnan frá lífheimum annarra stjarna. Og um leið og honum varð þetta ljóst, varð honum einnig ljóst, að „krafturinn, sem magnar manninn í svefni, er sá hinn sami, sem tendraði hina fyrstu örsmáu neista lífsins á jörðu hér, þegar jarðefnin fyrir svo sem þúsund milljónum ára höfðu hafist á það stig, að magnanin fór að geta komið fram sem líf“. „Hið mikla samband“ blasti hér við opið og augljóst. Hér blasti það við, að ekki einungis ljósið og segulmagnið berst frá stjörnu til stjörnu, heldur einnig lífmagnið. Lífsambandið milli stjarnanna var

hér fundið, og þar með fór margt að verða ljóst, sem áður hafði verið óskiljanlegt. Hér fór nú að verða ljóst, hver var undirrót kraftaverka, hugboða og annars sliks, sem menn höfðu til þessa litið á með vanþekkingu eða vantrú, sem að vísu er önnur vanþekkingin frá. Lífgeislan og vitgeislan frá lengra komnum íbúum annarra stjarna, mátti nú sjá, að þar var undirrótin, eins og líka að goðasögum og fleiru slíku. Einnig mátti nú sjá, að það sem kallað er miðils-eða andasamband, var þessu skylt, og hefir dr. Helgi sýnt fram á, að miðilssvefninn eða miðilssambandið er ekkert nema afbrigði vanalegs svefns, og að þar er aðeins um samband að ræða milli draumþega og draumgjafa. Er munurinn þar aðeins sá, að í vanalegum svefni mun aðaldraumgjafinn ekki vita af sambandinu, í stað þess að draumgjafi miðilsins veit um þetta samband og kann að haga sér nokkuð eftir því. Leitaðist dr. Helgi mjög við það að sýna fram á, að lifað sé áfram á öðrum jarðstjörnum, og hvergi annarsstaðar. Eru í ritum hans teknar til meðferðar ýmsar þær framlífslysingar, sem hafðar eru eftir miðlum, og hefir hann skarplega sýnt fram á, að í þeim sé nú einmitt verið að leitast við að koma fram þessum sannindum. Má þar til nefna, hve víða er í framlífslysingum lögð mikil áhersla á það, hve allt í heimi hinna framlíðnu sé staðlegt og áþreifanlegt. Og enn er þar margt, sem bendir í þessa sömu átt, en kemur fram óbeinlínis, og má þar til nefna, hve auðsætt er jafnan, að um fjar-sambönd sé að ræða, þar sem miðilsfyrirbrigðin eru, en ekki eins og ætlað er löngum, að hinir framlíðnu

séu staddir þar, sem þeim þó tekst að gera vart við sig. En auk þessa hefir það nú, þótt lítt eða ekki hafi eftir því verið tekið, stundum komið beint fram í frásögnum framliðinna, að heimkynni þeirra séu aðrar jarðstjörnur, og hefir dr. Helgi bent á ýmsa slíka staði í hinum spíritisku ritum.

V.

„Vér þurfum að átta oss betur á því, að undir-stöðulögumál heimssmíðarinnar er flutningur á orku, og að lífið er þar engin undantekning“, segir dr. Helgi Pjeturss í einni ritgerð sinni. Og óneitanlega er það stórkostleg þekkingarviðbót að skilja uppruna lífsins á jörðinni á þann hátt, sem dr. Helgi hefir gert. — Á síðastliðinni öld var það fyrst vitað, að samband er á milli alls lífs á jörðinni, að líftekundir jarðarinnar eru vaxnar upp af sameiginlegum stofni. Var það hið þýðingarmesta spor til skilnings á lífinu að gera sér þetta ljóst. En þó er hér um enn meiri skilningsauka að ræða, og liggur, eins og fyrr er sagt, uppgötvunin á sambandseðli svefnsins og draumanna þar til grundvallar. Fyrir uppgötvun þá má nú skilja, að lífið hér á jörðu er tilorðið fyrir tilgeislan lífskraftar frá öðrum jarðstjörnum. Og það er ekki einungis, að fyrir þá uppgötvun opnist möguleiki til að vita þannig frumorsök lífsins á jörðinni, heldur opnast fyrir hana nýr skilningur á sjálfu lífinu eða eðli þess. Geislan er viðleitni eins hlutar til að koma sinni skipan á hjá öðrum, og sé nú lífið hingað komið fyrir geislan eða flutning orku,

þá hlýtur það að vera hleðsla eða niðurskipan í efni, og verður þá ljóst, að líf getur ekki verið á annan hátt en líkamlegt. Niðurskipan eða röðun hlýtur auðvitað að vera óaðskiljanlegt hinu raðaða. Og nú er það hér, að sjá má fram á sættir á milli trúar og vísinda, milli andahyggju og efnishyggju, og verða þær sættir þó ekki á annan hátt en þann, að andatrúin hverfur úr sögunni, en í stað hennar opnast náttúrufræðingnum leið til að sjá fram á möguleika alls þess, sem trúmanninn hefir bezt dreymt, og meira til. Fyrir honum opnast nú möguleiki til að skilja, að lífið heldur áfram í nýjum líkönum, og verður það, eins og fyrr segir, á þann hátt, að niðurskipan sú eða kraftform, sem hinn deyjandi líkami var, kemur fram á öðrum stað. Krafturinn, sem stendur að hverri einustu lífsveru, veldur því, að hver einstaklingur varir, og eru líkamningar þeir eða svipir, sem stundum koma fram á miðilsfundum, nokkur vísir til slíkrar endurlíkómunar, sem verður þar, sem lífið hlýtur að vera miklu öflugra og samstilltara en hér. Guð alheimsins, sem út frá þessu sjónarmiði er samband alls lífs í alheimi, þarf á því að halda, að hver einstaklingur vari, og er gott í þessu sambandi að minnast þess, að hver einn maður, dýr eða jurt er félagsvera, samskipan ótölulegs grúa af lífögnum, sem halda verður við eða endurnýja, svo að félagsveran megi vara. Á varanleik hins skapaða byggist möguleikinn til að aukast, og vilji lífsins er einmitt sá. „Lífið er tilraun til að ráða við og samstilla krafta hinnar líflausu náttúru, og þegar sú tilraun tekst til fulls, verður alheimurinn orðinn

að guði, veru sem kemur fram í óendantlega mörgum myndum og hverri mynd óendantlega fullkominn. Tilgangurinn með heimssmíðinni er, að fram geti komið guð, sem er óendantlega margur og þó ein heild“.

VI.

Petta var nú sá skilningur, sem blasir við frá sjónarhól þeim, sem uppgötvun dr. Helga Pjeturss er á eðli svefsins og draumanna, og lét ég hér síðast koma hans eigin orð. Þar ræðir ekki einungis um framlífsfréttir til að vita, að lifað sé áfram á öðrum jarðstjörnum líkamlegu lífi, heldur verður þar ljóst, að það er óhjákvæmilegt. Við það að skilja eins og hér er gert, hvað lífið í eðli sínu er og tilgangur þess, verður tilvera anda og andaheims alveg óhugsanleg og eins það, að um endurburð geti nokkru sinni verið að ræða á þann hátt, sem guðspekin kennir. Fyrir uppgötvun lífsambandsins og það, sem af henni leiðir, blasa hér við lífinu framhaldsmöguleikar á öðrum stjörnum og verða um leið óhugsanlegir, nema þar. Og sé nú horft út frá þessum skilningi, að tilgangur lífsins sé að „ráða við og samstilla“ krafta allrar tilveru, þá má jafnvel fara að skilja það, sem dr. Helgi hélt fram, en margir munu hafa talið firru, að nokkurt samband geti verið á milli hugarfars manna og stillingar veðurfarsins og annarra slíkra afla. Hugsunina eða vitið verður að ætla brodd hinnar samstillandi viðleitni lífsins, og má því vel skilja, að mistök á framgangi þess geti valdið nokkurri umhverfingu jafnvel í öflum hinnar dauðu náttúru,

og svo á hinn veginn, þegar vinnst í rétta átt. En þó að uppgötvun lífsambandsins gefi þessa útsýn, sem hér hefir verið drepið á, þá var hún ekki algjör án þeirrar uppgötvunar dr. Helga, sem ég enn hefi ekki getið um, uppgötvunar hans á stillilögþálinu, sem hann nefndi svo. Og það væri líka fyrst fyrir þekkingu á því lögþálinu, að takast mætti að færa sér í nyt þennan skilning á þann hátt, sem svo nauðsynlegt er. En lögþálinu þetta fann dr. Helgi einnig við athuganir á draumunum. Veitti hann því eftirkort, að draumar hans urðu betri og skýrari, ef hann daginn áður hafði umgengist þá, sem skýrt voru hugsandi og góðviljaðir. Komst hann þannig að því, að þeir, sem hann umgekkst, réðu svefnsamböndum hans, en ekki sjálfur hann, og sá hann síðar, að sama lögþálinu kom til greina við sambönd miðilsins. Sá hann þar, að það var að miklu leyti undir fundarmönnunum komið, við hverja miðilssambandið varð og hvað það var, sem í gegn náði að komast. Má nú sjá, að lögþálinu þetta liggur alla leið í gegnum tilveruna og að lífsþróunin hefir farið fram samkvæmt því þannig, að sérhvað, sem ávannst, hlaut æfinlega að verða mjög samkvæmt því, sem við var bætt. Sérváð tilsent hlýtur, samkvæmt þessu lögþálinu, að mótask og litast af því, sem viðtekur, og er þá skiljanlegt, að sannindi, sem reynt væri að koma gegnum miðil hingað til jarðarinnar, komist ekki í gegn, nema samkvæm skilningi þeirra og hugarfari, sem sannindunum eiga að veita viðtöku. Verður þannig skiljanlegt, að þessi sannindi, sem dr. Helgi var að leitast við að fá menn til að þiggja, þau sannindi,

að draumasamböndin og miðilssamböndin séu við íbúa annarra stjarna, hafi enn varla komist í gegn þessa leið, nema óbeinlínis. Það sem vantaði til þess, var, að menn væru farnir að nálgast þau sannindi sjálfir, hefðu byggt upp til þeirra neðan frá, því að þann undirstöðuskilning var ekki hægt að öðlast á annan hátt. Skilninginn á hlutunum verða menn yfirleitt að skapa sér sjálfir rétt eins og það, að hver einn verður sjálfur að hafa fyrir því að melta þá fæðu, sem að honum er rétt. Og nú blasir þetta hér við: Því betur sem menn eru samtaka um það, sem rétt er og gott, því betri sambönd fá þeir við þá, sem lengra eru komnir á braut þroskans, og svo á hinn veginn, því verri sambönd því lakara sem hugarfarið er. En því betra verður hugarfarið, því betur sem menn vita og skilja. Undirstaðan til hinna góðu sambanda, til þess að magnast á réttan hátt, er að menn geri sér sem réttastar og sem ljósastar hugmyndir um tilveruna, því að góðvildin fylgir sannleikanum eins og vorið hækkandi sól. Eða eins og dr. Helgi segir á einhverjum stað: „Sannleikurinn er leið guðs til mannanna“.

VII.

Það var almennt viðurkennt, að málfar dr. Helga Pjeturss væri hið fegursta, og hefðu menn þá í rauninni átt að sjá, hver boðskapur hans var, því að sannarlega fagurt getur málfar ekki verið án ljósrar og viturlegrar hugsunar. Fagurt mál getur enginn skrifað einungis málsins vegna, því að sann-

arlega fallega tekst engum að segja annað en sannleikann. Sannfagurt mál segir því engu síður til um hugsunina, sem það á að flytja, en göfugmannlegur svipur um innræti þess og hugarfar, sem svipinn ber. En þó að menn sæju hér nú hvorttveggja, tigið mál og göfugmannlegt yfirbragð þessa einstæða vitrings, þá var það samt eðlilegt, að þeir áttuðu sig ekki í fyrstu á því, hvað var hér um að ræða. Til þess var hér um of stórkostlega hugsun að ræða og of nýja. Það er t. d. meiri nýung en svo, að menn geti bráðlega áttað sig á, að tala um það sem náttúrufræði, að lifað sé áfram eftir dauðann, og hvernig því lífi sé varið. Mönnum virðist yfirleitt ekki vera ljóst, að ekki einungis fjöllin, gróðurinn og dýrin tilheyri náttúrunni, heldur einnig mannlífið og mannshugurinn, og er því eðlilegt, að þeir séu ekki fljótir til að átta sig á, að þetta viðfangsefni trúarbragðanna, sem framlífið er, geti nokkru sinni orðið náttúrufræði. En fremur en að dæma, ættu menn samt að reyna að rannsaka hér málavexti, og er þá hið fyrsta að gera sér ljóst, hvernig draumunum er varið. Og leiti menn hér yfirlits, þá ætti þetta um lífsambandið á milli stjarnanna að liggja opið fyrir sem sjálf sagt og eðlilegt framhald af heimsfræði þeirri, sem hófst með þeim Kópernikusi og Brúnó. Sé hér íhugað, verður svo óhugsanlegt, að hvergi sé líf nema á þessari litlu jarðstjörnu, og má nú meira að segja skilja, eins og ég vék að áðan, að án sambands út fyrir sig, gæti það alls ekki átt sér stað. Fyrirbrigði, sem væri einstakt og án sambands við önnur sér skyld, getur ekki átt sér stað. — Hún kom

mjög fram hjá dr. Helga sú skoðun, að stefna lífsins á jörðu hér sé röng, sé helstefna, sem hann nefndi svo, og mun nú mörgum vera farið að sýnast, að þrátt fyrir allt, stefni ekki sem best fyrir mannkyninu. En þó að menn virðist hinsvegar vera mjög fjarri því enn að skilja, að bjargráðin séu þau, sem dr. Helgi talaði um, þá er sá skilningsskortur engin sönnun þess, að þar hafi verið hjá honum um markleysu að ræða. Einmitt er það á hinn veginn svo sem búast má við af helstefnumannkyninu, að það sé ófúst á að þiggja þá leiðsögn, sem ein gæti komið því yfir á hina réttu braut. — Hjá mannkyni, þar sem mest áhersla er lögð á hernað og vígbúnað, er einmitt þess að vænta, að hinir voldugustu menn og hinir virtustu séu ekki fljótir til að átta sig í því og veita fylgi, sem best stefnir að því, að allt slíkt hverfi úr sögunni. Hið langlíklegasta er einmitt, að þar verði þeir fyrstir til fylgis, sem einna lakasta hafa aðstöðuna til áhrifa og sízt eru aðnjótandi hins blinda fylgis yfirborðsmannanna og hagnaðarleitendanna. En þó að þannig sé hér enn eins og svo oft hefir verið áður gagnvart nýjum sannindum, þá gæti áður en varir orðið breyting til hins gagnstæða, og vil ég í því sambandi minna á það, sem ég hefi séð haft eftir hinum kunna líffræðingi og vitringi, sem hingað kom í sumar, Julian Huxley, að tími sé nú kominn til þess, að náttúrufræðingarnir fari að gefa gaum að staðreyndum miðilsfyrirbrigðanna og annars slíks. Og auðnaðist þeim fáu hér að verða samtaka, sem verulega athygli hafa þegar veitt þessu upphafi náttúrufræðinnar, sem hér ræðir um á sviði

einmitt þessara staðreynda, þá mundi bráðlega nokkur sigur verða unnninn. Fyrir þau samtök mundi hér fara að opnast leið fyrir það aðstreymi kraftar, sem dr. Helgi taldi, að eitt gæti fært mannkyninu farsæld og vor. Mundi þá fara að rætast það, sem spáð hefir verið, og sem flestum hér mun þykja svo mikil fjarstæða, að á Íslandi komi fram það ljós, sem sættir trú og vísindi og lýsir þjóðunum fram úr ógöngunum. Býst ég að vísu við, að spádómur þessi sé jafn óvísindalega tilkominn og allir spádómar hafa verið frá hendi þeirra, sem við slíkt hafa fengist hér á jörðu. En raunveruleikinn er þó sá, að þetta ljós hefir hér kveikt verið og að um það þarf ekki að villast, hvert það ljós muni vera.

1949.

BARNAFRÆÐSLA

(Samtal í fjórum þáttum).

FYRSTI ÞÁTTUR.

Pátttakendur: P. fullorðinn, S. 14 ára, G. 9 ára,
R. 6 ára og Á. 4 ára.

Það er hvasst úti og rigning.

R.: Er það þá ekki guð, sem lætur vonda veðrið koma? Einhver hlýtur þó að láta það koma.

S.: Vonda veðrið kemur af sjálfu sér og hið góða líka.

G.: Hvernig getur veðrið komið af sjálfu sér?
Verður rigningin til af sjálfri sér?

S.: Þú skalt spyrja hann pabba þinn að því, af hverju rigningin kemur. — Ég held að hún komi ofan úr skýjunum. En skýin, held ég, að séu ekki annað en vatnsgufa, sem leitað hefir upp frá sjónum og vötnunum.

G.: Pabbi, af hverju kemur rigningin og vonda veðrið?

P.: Rigningin kemur, eins og S. sagði, ofan úr skýjunum. En skýin verða til af vatnsgufu, sem stigið hefir upp frá sjónum og vötnunum. En það

er sólin, sem uppgufuninni veldur og líka þeim hreyfingum í loftinu, sem menn nefna storm.

R.: Er þá vonda veðrið sólinni að kenna? Þeg hélt einmitt, að góða veðrið kæmi frá sólinni, því að góða veðrinu fylgir venjulega sólskin.

P.: Það væri ekki rétt að segja, að vonda veðrið komi beinlínis frá sólinni eða sé henni að kenna. En þó verður það til fyrir áhrif frá henni. Væri sólin ekki svo sem hún er, heit og lýsandi, þá mundi hér hvorki koma stormur né regn. Þá væri hér alltaf logn og þurrt veður. En þá væri heldur ekkert líf til á jörðinni. Hún væri þá eintómur jökkull og auðn.

G.: Stafar þá lífið frá sólinni, fyrst það gæti ekki verið til án hennar?

P.: Lífsskilyrðin stafa frá sólinni, en ég held varla, að lífið geri það. Það má segja, að orka sólarinnar, sem hingað berst, sé jarðlífínu eitthvað líkt og rafstraumur frá rafhlöðu er útvarpstæki. Án rafhlöðunnar heyrðist ekkert frá tækinu. En þó koma tónleikarnir og ræðurnar ekki frá rafhlöðunni, heldur frá mönnum einhversstaðar langt í burtu.

S.: En hversvegna getur það ekki verið, að lífið stafi frá sólinni rétt eins og birtan og ylurinn, sem það getur ekki verið án?

P.: Það er af samskonar ástæðu og að rafhlaðan skapar ekki tónverk eða semur ræður. Sjálf sólin er aðeins eldur, miklu stórkostlegri og heitari en nokkur eldur hér á jörðu. En eldur er ekki lifandi í þeim skilningi, sem menn eru það. Og fyrst hann er ekki lifandi, eða líf, þá getur hann ekki lífgað það, sem ekki er lifandi. Líf hlýtur að stafa frá lífi, líkt

og hugsun og vit hlýtur aefinlega að stafa frá einhverjum, sem hugsar og veit. — Það er óefað rétt, sem þú hefir víst lesið í „Jörðin okkar og við“ og viðar, að hið lifandi sé hér vaxið upp úr hinni líflausu náttúru, vaxið upp úr henni á löngum tíma. En hitt getur ekki verið allskostar rétt, að það hafi vaxið upp úr henni af sjálfu sér. Alveg eins og stormurinn á aflvaka sinn, þar sem sólin er, svo hlýtur lífið að eiga sér einhvern lífvaka, eitthvað, sem nefna mætti skapara eða guð.

G.: Þá er það rétt, sem sagt er, að lífið sé frá guði, og að hann hafi skapað mennina. Þá hlýtur það að vera vitleysa, sem S. heldur stundum fram, að enginn guð sé til.

P.: Þegar ég var á S. aldri, lét ég mér að mestu nægja það, sem segir í bíblíunni um þetta efni. En sú nægjusemi stafaði þá af því, að ég hugsaði lítið um það. Seinna hallaðist ég að því, að enginn guð væri til, og hugsaði mér allt hafa orðið til af sjálfu sér. En eftir að ég las Nýal eftir Helga Pjeturss, fór mér að verða ljóst, að upptök lífsins hér ber að rekja út fyrir jörðina, og veit ég nú, að það hlýtur að vera hér til orðið fyrir geislan frá lifandi verum á öðrum jarðstjörnum. Mér er nú fullkomlega ljóst orðið þetta, sem í Nýal er haldið fram, að líf jarðarinnar er aðeins endanlegur þáttur í óendanlegu alheimslífi, og verður þá óhjákvæmilegt að ætla, að á sumum jarðstjörnum muni lífið vera orðið svo brosk-að að viti, mætti og fegurð, að telja megi það guð-legt. Líf það, sem jarðlífið stafar frá, getur maður ætlað að sé a. m. k. svo miklum mun öflugra, sem

eldbrim sólarinnar er stórfeldara en sæbrim jarðarinnar.

S.: En þetta, að á öðrum jarðstjörnum séu æðri mannkyn, er allt annað en kennингin um einn guð, sem allt á að hafa skapað og öllu á að ráða. Hann verður mér jafnóskiljanlegur eftir sem áður.

P.: Við því er að búast, að skilningur manna á því, sem æðra er, sé mjög takmarkaður og ófullkominn. Sá skilningur getur að sínu leyti varla verið meiri en skilningur kattarins á því, sem mannsins er, og ef til vill reyndar minni. En hið fyrsta til að skilja á þann veg er þó að vita, að eitthvað æðra sé til, og verður þá fyrst fyrir, ef neyta skal skynseminnar, að tala um æðri mannkyn eða lengra komin á öðrum jarðstjörnum. En þó kemst maður varla hjá því að hugsa sér alheimsveru enn æðri en nokkra þá, sem átt gæti heima á nokkurri einni jarðstjörnu, einhvern eilífan guð, sem sé allt í öllu og allt eigi rætur að rekja til. Ætla ég ekki að reyna að lýsa slikri veru, en aðeins minna á það, að hver einn maður fyrir sig er félagsheild ótolulega margra einstaklinga, sem nefndir eru frumur. Er það furðumikill munur, sem er á frumuverunni og félagsverunni, sem þú ert, og engu síður ert þó persónuleg, eða einstaklingur, en fruman.

S.: Ég hefi aldrei hugsað út í þetta, að allar lifandi verur kynnu að vera frumur í einhverri einni veru, sem þó væri persónuleg, eða sem einstaklingur. Ég hefi ekki einu sinni hugsað út í það, hvað það er annars merkilegt, að maður skuli sjálfur vera samsettur af mörgum lifandi einstaklingum líkt og

skrifað orð er samsett af bókstöfum eða hugsun af mörgum orðum. En ef þessi guð, sem allar lifandi verur eru eins og frumur í, er alvitur og algóður, hversvegna á þá hið illa sér stað í heiminum?

P.: Það væri nú víst of sagt, að menn séu hér nú þegar sameinaðir hinni æðstu veru eins og frumur í líkama. En vilji hinnar æðstu veru er óefað sá, að sú sameining takist, því að með fullkomnum þeirrar sameiningar mundi hið illa hverfa úr sögunni hér. Hið illa er aðeins takmörkun á guðsvilja og afleiðing þess, að vizka hans og máttur eru hér ekki alls ráðandi. Öll slys, allir sjúkdómar og allt sundurlyndi eru afleiðingar þeirrar takmörkunar hins æðsta vilja. Hið illa er aðeins mistekin og umhverfð viðleitni guðs til að skapa og fullkomna.

S.: Ég skildi þetta nú ekki vel. — Hversvegna getur hinn góði kraftur ekki verið hér ríkjandi? Og hvað áttu við með því að segja, að hann umhverfist?

P.: Það er nú svo um hvað eitt, að nokkurn að draganda þarf til að skilja það. Skilningur á einu leiðir til skilnings á öðru, og því getur ekkert orðið manni ljóst, nema maður hafi áður gert sér ljóst það, sem til þess liggur. Og sumt, sem hér liggur að, hefir fólk ekki gert sér nógu ljóst, eða ekki gætt nógu vel að, hvað liggur þar bezt til skilnings. Ætla ég nú að reyna að skýra það betur. — Sá kraftur, sem hingað geislar frá sólinni, er, eins og ég hefi áður sagt, fyrsti möguleiki lífsins hér á jörðu, og þaðan eru allar hreyfingar runnar bæði í lofti og legi. En sá kraftur er líflaus og óvitandi. Vilji guðs er hinsvegar sá að gera þennan kraft lifandi og

vitandi. Guð er að reyna að láta hugsun sína koma fram í honum, gera hann að rödd sinni eins og þegar rödd einhvers ræðumanns í útvarpssalnum leitast við að koma fram í útvarpstæki og gera þannig rafstrauminn frá rafhlöðunni að sjálfri sér. En það, að koma hugsun sinni fram í öðrum sér óþroskaðri, er seinlegt verk, eins og þú getur ef til vill skilið af því að hafa reynt að segja systrum þínúm til í reikningi og réttritun. Þeim gengur þar oft seint að muna og skilja og gera stundum rangt. Og þó eru þær lifandi og vitandi. En viðleitni guðs, eða hins skapandi magns, var að kenna golunni og grjótinu reikning og rétta hugsun, og er reyndar undur, hvað honum hefir tekist það, þar sem mennirnir eru. En vegna tornæmis grjótsins eða þeirra jarðarefnar, sem í manni eru, hefir þó þessi viðleitni að nokkru leyti strandað og þannig orðið eins og óhljóð eða falskir tónar í vanstilltu útvarpstæki. Þar sem stöðnunin varð, þar urðu mistökin eða umhverfingin, því að ófarsæld er hvar, sem ekki er verið á hreinni og tafarlausri framfaraleið. Og það má sjá, að mistökin hafa orðið mest, þar sem hæst var stefnt. Mistökin eða erfiðleikarnir á að vitka hafa orðið meiri en á því að lífga, og mistökin á því að lífga meiri þar, sem leitast var við að skapa hinar æðri verur. Þetta móttökutæki, sem jörðin er, hefir því ekki reynst nógu gott eða fullkomið fyrir hina æðstu tóna hins guðlega.

S.: En var nú samt þetta móttökutæki ekki gert af guði? Er hann ekki jafnt höfundur jarðarinnar

og lífsins á jörðinni? Og sé svo, hversvegna var jörð-in þá svo ófullkomnið móttökutæki?

P.: Samkvæmt því, sem ég sagði áðan, þá verður að líta svo á, að öll tilveran sé af guði gerð, þó að á mismunandi stigi sé, og að einnig hin mikla bygg-ing sólna og jarða, sú bygging, sem þó er án lífs, sé þar ekki undanskilin. En tilveran er framrás, leit frá einu stigi til annars, og þannig, að æ verði meiri fullkomnun, meiri fjölbreytni og meira samræmi. Án þess væri engin tilvera. Sekkur, ef ekki syndir fram. En öll aukning eða hækkan hlýtur að vera háð nokk-urri óvissu eða áhættu, því að væri ekki svo, væri allt fyrirfram víst og öruggt, þá væri í rauninni um engan sigur að ræða eða aukning á viti. Og nú hafa hér einmitt á þessari leið, leiðinni frá ólífi til lífs og frá óviti til vits, orðið nokkrar tafir eða mistök. Vegna örðugleikanna og óvissunnar sem því fylgir að hefja á herra stig, hafa nokkur mistök orðið á sköpun lífsins og vitsins hér á jörðu, og víðar, og hafa af því risið rangstefnur; sem orðið hafa eins og ríki í ríkinu. Er það ríki réttnefnt ríki kvala og dauða, og leitast það við að draga að sér og skapa eftir sér það, sem er á því stigi að geta ekki staðið af sér þau áhrif. Og nú veltur hér allt á því, að jarðlífina, og þó einkum mannlífina, takist að hefja sig yfir þetta stig hættunnar á öruggari leið fram-fara og farsældar.

S.: En hvað þarf þá einkum til þess, að það takist?

P.: Það, sem einkum þarf, er, að almenningur læri að gera sér ljóst það, sem ég hefi nú verið að segja

ykkur af lítið eitt. Menn þurfa að læra að vita af guðunum, skilja, að til séu æðri verur og læra að komast í samræmi við þær. Að vísu hafa af hálfu þessara æðri vera verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess, að menn fengju að vita af þeim og skilja vilja þeirra, og var kristindómurinn, eða kenning Jesú, ein af þeim tilraunum. En vegna þess, að hér var aldrei nógum skilningi að mæta, hafa þær tilraunir ekki tekist og jafnvel að sumu leyti heldur orðið til þess að auka á þjániningar mannkynsins, orðið að nokkru eins og þegar sólskin breytist í illveður. Má í því sambandi minna á trúarbragða-ofsóknirnar og fleira. Það, sem vantaði, var, að menn lærðu að byggja út frá jörðinni og sjálfum sér þá þekkingu, sem næði alla leið upp til hins guðlega, því að á annan hátt en neðanað eða útfrá hinu sýnilega og hinum áþreifanlegu staðreyndum verður ekki skilningur skapaður. Það að skilja eitthvað, er að byggja til þess út frá sjálfum sér eða því, sem maður þekkir, finna sameiginleik þess og hins kunna, og hlaut því án þess hver vitneskja um guðina eða hið guðlega að verða ámóta ófullnægjandi og það væri ófullnægjandi, til þess sjálfur að geta reiknað, að hafa séð útkomu einhvers dæmis án þess að vita eða hafa skilið aðferðina við að reikna það. Það, sem þurfti fyrst, var að uppgötva heiminn, skilja, hvað stjörnurnar eru og hvað jörðin er, því að slikt er undirstaða þess, að menn læri að skilja lífið og sinn guðlega uppruna á nógu raunverulegan hátt. Það vantaði alltaf, að mönnum tækist að uppgötva lífið á stjörnunum og samband sitt við það, einmitt

þetta, sem ég var að reyna að leiða skilning ykkar að og dr. Helgi Pjeturss hefir fyrstur uppgötvað, því að með þeirri uppgötvun fæst loks sú yfirsýn, sem nauðsynleg er til hins guðlega samræmis. Og það, sem því vantar nú einkum, er, að menn þiggi þá uppgötvun hans og skilning.

Á.: Ég sé eitthvert ljós í skýjunum. Það er eins og sólin sé að koma upp.

R. og G.: Rigningin er hætt og það er að koma gott veður. Það ætlar meira að segja að fara að koma sólskin.

ANNAR PÁTTUR.

Það er kvöld tveimur árum síðar, heiður og alstirndur himinn.

S.: Ég sé hvergi fjósakonurnar núna. En í veturn sem leið, man ég eftir þeim í hásuðri um þetta leyti kvölds. Ekki geta þær þó verið horfnar af himninum fyrir fullt og allt.

P.: En gættu að því, að það hefir verið seinni hluta vetrar, að þú sást þær í suðri á kvöldin. Nú er vetrarbyrjun, og þær eru því ekki komnar upp enn þá. Nú verða þær ekki í hásuðri fyrr en seinni hluta nætur, eða jafnvel ekki fyrr en undir morgun.

S.: En hvað veldur þessari breytingu? Hvers vegna eru ekki sömu stjörnur æfinlega í suðri á sama tíma sólarhringsins allt árið?

P.: Það kemur til af því, að jörðin færist um sól einn hring á ári. Þegar jörðin er þeim megin við

sól sem Fjósakonurnar eru eða stjörnumerki Óríons, þ. e. milli sólar og þess stjörnumerkis, þá verður það á miðjum næturhimni eða í hásuðri um miðnætti, og þannig er nú einmitt um miðsvetrarleytið. Seinni hluta vetrar hefir svo stjörnumerki þetta, fyrir tilfærslu jarðarinnar, færst yfir á kvöldhimininn. En á haustin er það hinsvegar á morgunhimninum. Jörðin snýst um sjálfa sig frá hægri til vinstri og hreyfing hennar um sól er einnig á sama veg frá sól að sjá, og því er það, að stjörnumerkin færast svona til. Þau færast til frá jörðu að sjá frá vinstri til hægri, og sýnast því fara einum hring oftar um jörðina en sólin ár hvert.

S.: En hvað ég er annars heimsk að hafa ekki athugað þetta. Mér hefir ekki farist að vera að lá G. um daginn, þegar hún var að spyrja þig um breytingar tunglsins.

P.: Það er nú ekki svo sjaldan, að maður hefir ástæðu til að kalla sig heimskan. Jafnvel hinir vitrustu menn vita og skilja aðeins lítið og kunna fullgild svör við tiltölulega fáu. En það er þó alltaf í rétta átt að þora að spyrja sjálfan sig og aðra. Maður ætti aldrei að skammast sín fyrir fáfræði sína, því að fari maður að skammast sín fyrir að vita ekki þetta eða hitt, þá þorir hann ekki að spyrja, og fær því miklu síður að vita. Besta ráðið til að vitkast og þroskast er að segja æfinlega eins og er, reyna ekki að sýnast annað en maður er, þykjast ekki vita það sem maður ekki veit. Annars er hætt við, að fyrir manni fari eins og fólkini, sem þorði ekki

annað en að dást að nýju fótunum keisarans. Það porði ekki annað af ótta við að verða annars talið heimskingjar fyrir að segjast ekki sjá það, sem það ekki sá, og í rauninni var ekki neitt. Að láta sér verða slíkt á, er versta heimskan, því að það útilokar, eins og ég sagði, að verða vitrari. Og einmitt þetta er þó hið algengasta. Það er einmitt hið algengasta, að menn á þennan hátt blekki sjálfa sig, hætti jafnvel á þennan hátt að gera sér grein fyrir, hvað þeim sjálfum finnst raunverulega, og er tregðan gegn nýjum sannindum ein afleiðing þess. Vegna þessa yfirborðsháttar og eltingarleiks við hið ríkjandi, hneykslast menn jafnan mest á því, sem sannast er og frjálsbornast. Það, sem gera ber, er einmitt, að sjá og rannsaka sjálfur, því að þannig aðeins til-einkar maður sér þekkinguna á hlutunum. Og svo að ég segi þér nú frá samskonar „heimsku“ sjálfs míni og þín var áðan, þá var það einhvern tíma á útmánuðum, þegar daginn var sem örast að lengja og sól að hækka á lofti, að ég fór að undrast það, að stjarnan Sírius, sem þá er kvöldstjarna, skyldi ekki einnig hækka á lofti með hverjum degi, sem leið. Nú hefði ég víst átt að vita það fyrirfram, meðal annars af því, að Pólstjarnan er æfinlega nokkurnveginn á sama stað á himni, að jarðásinn stefnir æfinlega nokkurnveginn eins til fastastjarnanna, að jörðin er, þrátt fyrir halla sinn gagnvart sól, furðu föst á rásinni gagnvart fastastjörnunum og með engar vangaveltur. En ég veit þó ekki, nema þessi „heimska“ míni hafi þurft að vera undanfari þess, að ég skildi þetta til fulls.

G.: Hafa stjörnurnar, sem við sjáum, æfinlega skinið á jörðina? Hafa þær æfinlega verið til?

P.: Síðan jörðin varð til, býst ég við, að allar þær stjörnur, sem við sjáum, hafi verið til. Alla þá tíð hafa skinið á hana stjörnur, þó að það hafi líklega ekki alltaf verið hinar sömu stjörnur. Einnig fastastjörnurnar eru á fleygiferð um geiminn, og þó að þær fari víst eftir föstum brautum og séu samstefna, þá verða þar sennilega nágrannaskipti með tímanum. En það eru nú aðeins hinir næstu nágrannar jarðarinnar, sem við sjáum. Langmestan hluta af sólum vetrarbrautarinnar greinir maður ekki sundur fremur en regndropa í fjarlægu skýi, og getum við nú séð hina daufu slæðu þessa sólhamars, sem eins og lyppast yfir himininn frá norðaustri til suðvesturs. En einu sinni var jörðin ekki til í þeirri mynd, sem hún nú er, og ekki heldur sólin eða þeir hnöttir, sem henni fylgja. Einu sinni var sólhverfið allt aðeins óskapnaður, sem ekki var nema möguleiki til efnis. Og einu sinni hefir verið svo um hvert eitt sólhverfi vetrarbrautarinnar, hverja þá stjörnu, sem við sjáum og fleiri. En þó að hver stjarna og jafnvel sjálf vetrarbrautin í heild hafi einhverntíma verið óskapnaður, þá hafa alltaf verið til stjörnur og stjarnhverfi. Heimurinn er óendanlegur og án upphafs.

S.: Hafa þeir vísindamenn þá rangt fyrir sér, sem telja stjörnuheiminn vera takmarkaðan og ætla, að allt stefni þar til jafnvægis og dauðakyrrðar vegna eyðingar sólskinsins út í geiminn?

P.: Þó að ég meti það öðru fremur, sem haft er

eftir vísindamönnum, þá verður einnig það að koma mér gegnum skilning minn. Og nú er það ekki samkvæmt því, sem mér sýnist, get ekki þegið það gegnum skilning minn, að alheimurinn sé takmarkaður í tíma og rúmi. Að segja mér alheiminn takmarkaðan, er sama og mér væri sagt, að hann hefði aldrei orðið til. Takmörkun alheimsins er mér jafn óhugsanleg og það, að nokkuð geti verið eða hafa orðið til án orsaka. Sérhvert upphaf sem hugsað er, verður að rekja til annars, og sérhverja stærð, sem um er rætt, verður að skoða sem hluta annars meira. Sérhvað eitt hlýtur að eiga orsök sína fyrir utan sig, vera upphafstengt einhverju öðru. Og þannig verður að líta á orkufjörun sólnanna sem takmarkaðan þátt þess, sem er að gerast, takmarkaðan og einhliða þátt hinnar eilífu verðandi. Alda fellur ekki án þess að hafa risið til fallsins, og þá hljóta einnig framundan að vera möguleikar fyrir hana til að rísa aftur. — Pegar ég veitti því athygli forðum, að sólin virðist um hásumarleytið fara lengri veg á 12 stundum dagsins en 12 stundum næturinnar, þá skildi ég það ekki í fyrstu, og sá því ekki aðra skýringu á því en þá, að hreyfing jarðarinnar hlyti að vera meiri á daginn en á nóttunni, og vissi ég þó vel, að sú skýring gat ekki staðist. Og eins hlýtur það að vera af skorti á yfirsýn, ef einhverjar staðreyndir stjörnufræðinnar koma mönnum til að hugsa sér alheiminn takmarkaðan að stærð og möguleikum. Slíkt rekst á það, sem þó hlýtur að vera.

G.: En hvernig var þá áður en jörðin varð til; sólin og stjörnurnar? Hvernig varð allt þetta til af

óskapnaði þeim, sem þú talaðir um áðan? Og hvað var þessi óskapnaður og hvernig varð hann til?

P.: Það er víst ekki alveg rétt að segja, að nokkuð, sem til er, geti verið algjör óskapnaður fremur en að nokkuð sé fullskapað. En þannig hugsaði ég mér einhverntíma það, sem þú varst að spyrja mig um, að áður en var sú rúst eða óskapnaður, sem vetrarbrautir og sólhverfi hafa byggst upp úr, hafi verið vetrarbrautir og sólhverfi. Sólhverfi það, sem við byggjum, hugsaði ég mér þá byggt upp úr rústum annars eldra, og var sú hugsun reyndar komin mér frá öðrum. Og þannig hugsaði ég mér rústun þess, að eftir að farið hefði fram algjör kulnun, hafi einnig kraftur sá, sem batt efnin saman, fjarað burt, uns allt leystist upp í óskapnað, sem ekki var þá annað en möguleiki til efnis. En í stað þess, að hin sortnandi sól átti engan annan kost en þann að sóa orku sinni, hugsaði ég mér nú þau þáttaskifti, að óskapnaður þessi hafi ekki átt annan hæfileika en þann að þiggja. Hinu kulnaða sólhverfi hafði lengi verið búinn þróngur stakkur og á því brotnaði hverfandi lítið af geislaflóði hinna magnandi sólna. En hinu uppleysta efni var enginn bás markaður, það tók yfir miklar víðáttur. Og vegna þess, hve á því hlaut nú að brotna miklu meira geislaflóð, en meðan það var þjappað saman í lítinn depil, þá fóru nú önnur sólhverfi að byggja það upp með orku þeirri, sem þau létu. Kom loks svo, að skapast fóru þar drög til hnatta, og hefir maður mér kunnugur sagt mér frá þeirri hugmynd sinni, að sólin og reiki-

stjörnurnar hafi orðið til um líkt leyti hvorartveggja. Var sú hugmynd hugsuð úr frá því lögmáli, sem dr. Helgi Pjeturss talar um á einum stað í Nýal, að sérhvað eitt leitist við að setja sinn snúð á allt annað. Er það þannig að skilja, að eitt sólhverfi skapi annað eftir sér, þar sem skilyrði eru til, og sýnist mér það öllu hugsanlegra en að fylgihnettirnir hafi, eftir að sólin var orðin til, á einhvern hátt kastast frá henni eða verið dregnir það af einhverri annarri sól eða sólum. Væri þessu til stuðnings, ef í ljós kæmi, að hinar ytri reikistjörnur væru að tiltölu ekki miklum mun kulnaðri en hinar innri. Og þannig þyrfti það ekki að vera neitt fágæti, eins og sumir stjarnfræðingar hafa haldið að hlyti að vera, að einhver sól hafi með sér fylgihnetti, heldur þvert á móti það, sem nálega væri án undantekninga.

G.: Er þá orkan, sem nú fjarar frá sól og jörð, að byggja upp einhver önnur sólhverfi út í geimi?

P.: Það tel ég víst. Ég tel víst, að orkan tapist ekki eða verði óvirk, því að þannig væri tilveran óhugsanleg. Orkan bylgjast frá einu sólhverfi til annars, einni vetrarbraut til annarrar og einu vetrarbrautahverfi til annars. Alstaðar virðist blasa við protlaus óldugangur, protlaus velta stórra og smárra atburða, þar sem allt sækir fram frá upphafi, sem er óéandanlega fjarri, og til takmarks, sem aldrei getur orðið nema inngangur að öðru. En ekkert er algjör endurtekning annars, og ekkert kemur niður alveg á sama stað og það hófst. Ásamt hringrás tilverunnar er einnig nokkur framvinda. Hinn lokaði hringur er þarna óhugsanlegur.

G.: Verða þá sólin og jörðin einhverntíma aftur að því sem þær voru? Verða þær aftur að óskapnaði?

P.: Slíkt munu heimsfræðingar ætla. Og auðvitað stefnir til þess. Orka sú, sem sólhverfið lætur, er vafalaust meiri en sú, sem það biggur, og virðist því ekki annað fyrirsjáanlegt en að það orkusneyðist og leysist upp, eins og ég lýsti áðan, nema þá að eyðilegging þess verði með öðrum og sviplegri hætti. En þó að þannig stefni, læt ég mér koma í hug, að lífið kunni að vera einhver viðleitni eða tilraun til að forða því frá hruni, að það kunni að vera einhver tilraun til að hefja það til þess, sem aldrei hefir verið hér áður. Beri maður saman stein og lifandi jurt eða þá gróið og ógróið land, þá virðist koma fram merkilegur grundvallarmunur hins lifandi og hins dauða. Þar sem steinninn er eða hið ógróna land, er eins og eitthvað farist á mis. Hjá steininum á sér stað annaðhvort stirðni eða upplausn, annað hvort það að vera harður og óþjáll, eða þá að molna. En hjá hinu lifandi efni mætist þetta, svo að hvorugt verður, meðan lífið helst, og kemur nú þetta mér til að ætla, að þau heimshverfi, sem lífið hefir algjörlega á valdi sínu, megi verða óendenanlega varandi. Mér kemur í hug, að þessi samræming, sem lífið virðist vera, kunni að geta forðað sólhverfinu frá eyðing og hruni, ef hún aðeins nær fullum tökum á því.

S.: En hvernig ferðu að hugsa þér, að lífið geti komið í veg fyrir, að orkan eyðist frá hverjum stað? Er það hugsanlegt, að flutningar hennar hætti?

P.: Pað, sem leiða mundi af sigri lífsins, væri síst af öllu stöðnun orkunnar. Flutningur orkunnar er

einmitt undirstaða heimsskópunarinnar, og af sigri lífsins mundi einmitt leiða, að þeir flutningar yrðu miklu greiðari. Það, sem ég hugsa mér, að gæti komið í veg fyrir hrún sólhverfisins, væri, að héðan tækjust sambönd við þá staði, þar sem straumar magnsins flytjast óhindraðir frá hinu fullkomnara til hins ófullkomnara, og með þeirri afleiðingu fyrir hvern gefanda, að hann auðgist af. Það, sem bjarga mætti, væri að komast í þau viðskiptasambönd, þar sem sérhver gjöf færði gefandanum magn þaðan, sem enn meiri fullkomnun væri, og svo koll af kolli í hið óendanlega, því að aldrei mundi þar sá gefandi finnast, sem ekki ætti sér annan æðri. Hinn æðsti gefandi er óendanlegur og þrotlaus, og það má nú vel skilja, að þessi viðskipti, að gefa öðrum sér til hagnaðar, án þess þó að gefa með það fyrir augum, er hið innsta lögmál, þar sem lifað væri í sannleika. Því meir sem einhverjum tekst að gefa af viti og góðvild, því auðugri verður hann af hvorutveggja. „Ást mætir ást og afli safnar“, sagði Jónas Hallgrímsson. Og þegar Jesús frá Nasaret talaði um, að sá sem reyndi að varðeita líf sitt muni tapa því, en hinn sem gefi það, muni halda því, þá átti hann við það fyrst og fremst, að íhaldsemin og sérdrægnin megi síst verða til verndar og varanleiks. Það sem bjarga mætti jörðinni og sólhverfinu, væri, að góðvildin fengi að sigra hér manna á milli, en það mundi verða hið sama og að lífið hefði sigrað og hindrunum á leið hins skapandi magns hafi verið rutt úr vegi. Og nú ætla ég að segja ykkur, hvað ég hugsa mér til viðbótar og leiðréttigar hugmyndinni, sem

ég sagði ykkur frá áðan. Það sem ég hugsaði mér, var, að efnið hafi ýmist hafist eða hrunið og að sólhverfið hafi því óendantlega mörgum sinnum hrapað í rúst. Ég hugsaði mér, að orka og efni alheimsins væri jöfn frá eilífð til eilífðar, og er það líka samkvæmt því, sem ætlað hefir verið. En nú þykir mér sem annað hljóti að blasa við. Nú sýnist mér, að heimsrásin hljóti ekki einungis að vera hækkun þess, sem orðið er, heldur einnig aukning. Mér sýnist nú, að hækkun eða fegrún tilverunnar þurfi á því að halda, að hún einnig aukist að efni og orku. Auðvitað er tilveran þrotlaus og án takmarka frá eilífð, en þó þannig, að hún bætir óendantlega við sig. Það sem ég hugsa mér nú, er, að lífið og það, sem að baki þess er, hrindi fram sífeldri aukning, að fyrir því fari æ útfærsla á óendantlegum heimi handa því til að nema og skapa eftir sér. Lífið hefir alltaf verið til, og þar sem nokkrir möguleikar eru til fyrir það, hlýtur það æ að leita á, og hafa æfinlega gert. Á öllum stöðum hins óendantlega heims hlýtur líf að eiga sér stað, og útfærsla þess og aukning er jafn viss og það, að börn fæðist og látnir lifi, því að framlífið er, svo sem frumlífið, alveg óhugsanlegt fyrir utan efnið eða stjörnurnar. Og þessi útfærsla þess sýnist mér nú að hljóti æ að kalla fram nýtt efni og nýja orku. — Ég er ekki að segja, að þetta sólhverfi kunni ekki að vera byggt upp af rústum annars eldra, og ég er ekki að segja, að það kunni ekki aftur að hrynjá í rúst og óskapnað. En upphaf þess eða byrjun hugsa ég mér nú, að orðið hafi fyrir útstreymi óþrotlegs kraftar, og að einu sinni hafi það því ekki

verið til. Nú hugsa ég mér það einna helst, að orkan, sem frá sólhverfunum fjarar, efnist aftur án þess að ánetjast á þann hátt, sem ég talaði um áðan, en í stað þeirrar orku skuli svo lífið opna hverju sköpuðu sólhverfi hæfileika til að þiggja aðstreymi frá hinni þrotlausu uppsprettu lífsins og þess, sem æðra er en líf.

G.: Heldurðu þá að sólhverfið eyðileggist aldrei?

P.: Um það, hvað verður, get ég ekki sagt. Og það mætti nú ef til vill líka segja, að ég hafi þegar sagt meira en ég veit. Sumt, sem ég hefi nú sagt ykkur, eru tilgáтур, en þó þori ég nokkurnveginn að segja, að kjarni þess sé í rétta átt. Petta, sem ég nú hefi sagt, virðist mér vera hið hugsanlegasta, og jafnvel hið eina hugsanlega sumt, þó að auðvitað vanti óendenlega mikið á, að það sé fullhugsað. Það er t. d. óhugsanlegt annað en að tilveran sé þrotlaus. Og sé það rétt, sem Helgi Pjeturss hefir sagt um tilgang lífsins, og mér sýnist einnig að hljóti að vera — sé það rétt, sem ég hefi verið að segja ykkur, að leiða mundi af sigri lífsins, þá verður það undir lífinu komið hér, hvernig fyrir sólhverfinu fer. Nú er að vísu svo, að þetta líf jarðarinnar er mjög ófullkomið, svo að segja má, að varla sé meira en tilraun til lífs, sem mikil hætta er á, að geti mistekist til fulls. Enn hefir lífinu hér ekki tekist, nema lítillega, að laga eftir sér hina dauðu náttúru, en hefir hinsvegar mjög orðið að laga sig eftir henni, og eru þessi ölduföll hrörnunar og dauða ein af afleiðingum þess. En fari svo, að lífið bíði hér ósigur, þá er ekki ástæða til að ætla annað en að sólhverfið

kulni út og hryndi í óskapnað. Og það má meira segja hugsa sér, að ef illa fer fyrir jarðlífina, muni illa fara fyrir lífi fleiri jarða. Lífið er, eins og ég hefi þegar sagt, tilkomið af þörf guðanna til að gefa af ofurmagni sínu. Það er hér orðið til vegna ástar þeirra til hins ófullkomna, ástar þeirra til hins dauðlega og þrá þeirra til þess að gera það ódauðlegt. Það er tilkomið hér vegna löngunar guðanna til að gleyma sér í hinu dimma og óvitandi, og verður nú reyndar árangurinn af þeirri sjálfsóun þeirra enn meiri ofurmögnun og enn meiri sköpunarborti, þegar vel tekst. En þar sem ást þeirra verður ekki þegin, snýst hún til eyðileggingar, sem komið getur fram í hrundi heilla heimshverfa, og er það nú jafnvel staðreynd, að nokkur umhverfing eigi sér stað í náttúrunni í hvert sinn, sem mennirnir hörfa af leiðinni fram. Má vel skilja, að rétt sé, sem dr. Helgi Pjeturss heldur fram, að veðrátta og annað spillist, þegar mannlífið, sem er höfuð hinnar guðlegu viðleitni til að ráða við og samstillar hin blindu öfl náttúrunnar, víkur frá því, sem réttara var. Og líka má skilja það, sem hann einnig heldur fram, að þess geti víða orðið vart, ef illa fer fyrir lífinu hér, að á mörgum jörðum fari þá líkt og fara mundi fyrir hópi manna í bröttu einstigi, ef einhver hrapaði úr lestinni. Má þannig skilja, að sigur jarðlífsins geti verið nauðsynlegur undanfari fyrir sigrum annarra jarðlifa. En til þess að mega gera sér von um, að vel fari og lífið hér verði meira en hæpin tilraun til lífs, þurfa menn betur að vitkast en þeir hafa gert. — Hvernig um jörðina fer eða sólhverfið, vænti

ég, eins og ég hefi þegar sagt, að verði undir því komið, hvernig fyrir lífinu fer. En hvernig lífinu farnast, verður undir því komið, hver verður framgangur vitskunnar. Hvort lífinu hér tekst að komast upp úr hinu hættulega einstigi og þannig að greiða fyrir lífstilraunum á enn öðrum jarðstjörnum, verður undir því komið, að menn læri hér að verða svo vitandi, sem þarf til þess að geta veitt viðtöku hinu guðlega lífsafli þaðan, sem miklu lengra er komið áleiðis. Til þess að vel fari, þurfa menn að læra að verða réttilega samtaka, því að undir samtökunum hér er það komið, að sú samstilling verði og sammagnan sólhverfanna og vetrarbrautanna á milli, sem gera mætti hverja stjörnu eilíflega varandi. En samtökin hér eru undir því komin, að menn verði naegjanlega vitandi. Það, sem mest veltur á, er, að mönnum auðnist að þiggja það, sem er aðalefni í kenningum dr. Helga Pjeturss, og byggja þar ofan á, sem hann og aðrir þekkingarfrömuðir hafa lagt undirstöður að. Menn þurfa að læra að vita af lífinu á stjörnunum og gera sér grein fyrir sambandi sínu við það. Og menn þurfa líka að læra að gera sér grein fyrir, hvað lífið er.

S.: En mér þykir bara svo ótrúlegt, að svona mikið geti verið undir því komið, sem í byrjun var skilningur aðeins eins manns.

P.: Það er eðlilegt, að þú undrist þetta, því að öll byrjun er svo smá. Og þó þarf hér ekki svo mjög að undrast, því að þótt smátt sé í byrjun, þá er þó hvað eina undir byrjuninni komið. Lífsbyrjun hvers eins er ekki stór, og þó hefði hann ekkert orðið án

þeirrar byrjunar. Og byrjun lífsins á jörðinni hefir víst ekki verið áberandi né líkleg í fyrstu til að hafa mikla þýðingu, og áður en hún varð, hefir verið löng viðleitni til þess, að hún gæti orðið. Byrjun lífsins hér hefir þurft langan undirbúning og aðdraganda, sem víst hefir ekki æfinlega stefnt í áttina fram eða gengið tafalaust. Og sé nú aðgætt saga mannkynsins, þá má sjá, að aftur og aftur hefir verið leitast við að koma fram einmitt þessum nauðsynlega skilningi á lífsambandinu milli stjarnanna, þó að alltaf vantaði eitthvað á, að til fulls sæist þar fram úr. Allt það, sem stefnt hefir í þekkingarátt, hefir stefnt einmitt til þess. Og nú, þegar hin nauðsynlega uppgötvun á eðli svefn eins og draumanna var gerð, á sér stað þetta litla og flestum ósýnilega upphaf, sem hitt var aðdragandi til. Er það nú, sem á ríður, að áframhald verði þar, og að menn fari að sjá, að svo er, sem þér og flestum öðrum þykir svo ótrúlegt. Menn þurfa að fara að sjá, hvílík byrjun það er, að einhver einn maður, með því að styðjast við það sem best hefir verið hugsað áður, geri nýja heimsfræðilega og líffræðilega uppgötvun.

G.: Hvað verður þá, ef vel fer?

P.: Þá verður hér eilíft líf, og ef svo er, sem ég læt mér koma í hug, jörðin og sólhverfið eilíflega varandi. Og þá get ég hugsað mér, að í einhverri framtíð verði jörðin mjög geislandi lífssól. En það sem fyrst leiddi hér af skilningnum á lífsambandinu eða því, að sá skilningur væri þeginn, væri sigur góðvildarinnar. Í stað þess, sem nú virðist vera ríkjandi hugsun, að mest sé vert um að draga sjálfum

sér, verður þá öllum ljóst, að góðvildin til annarra er hið eina hagsamlega. Í stað þess, sem nú er, að eins dauði sé annars líf, verður þá á hinn veginn ljóst, að eins líf sé æfinlega annars líf, og að það sem einn gerir öðrum, geri hann æfinlega sjálfum sér, og þó öðrum það best, sem hann vinnur sjálfum sér til heilla. Og þegar samstillingin hefði þannig tekist, hætti dyggð sannleikans að vera neitt örðug. — Ástúðin til annarra byggist, eins og ég hefi oft sagt ykkur, framar öllu á því, að sem bjartast sé yfir lífi manna. Hún byggist á sannsögli og hreinskilni, og er þar nú við ramman reip að draga, þar sem er óttinn og tortryggnin. En með sigri ástúðarinnar kæmi hugrekkið og traustið, og mundi þá engin sönn dyggð vera sjálfsafneitun framar. Dyggðin yrði þá hverjum það sem Jesús sagði það vera sér að gera vilja síns himneska föður. Hún yrði þá hverjum hans sanna, raunverulega líf.

PRIÐJI PÁTTUR.

Það er vor, nærri 6 árum síðar en í fyrsta skipti.

Á.: Ég er stundum að hugsa um það, hvað það væri skrítið að vera einhver annar en ég er, og hversvegna ég er það ekki. Hversvegna varð ég t. d. ekki fluga, baldursbrá eða einhver önnur lifandi vera?

Þ.: Ef þú ættir flugur eða baldursbrá fyrir foreldra, þá mundir þú vera fluga eða baldursbrá, en ekki sú sem þú ert. En fyrst þú ert af mannfólkii

komin, hlýtur þú æfinlega að vera í mannsmynd og að öllu leyti mannleg. Það sem hver er, er hann fyrst og fremst fyrir það, hvað og hverjir voru foreldrar hans.

Á.: En hvað kemur til þessa? Hvað kemur til þess, að börn eiga æfinlega menn fyrir foreldra og flugur æfinlega flugur? Hversvegna fæða t. d. kýr aldrei af sér folold og merar aldrei af sér kálfa?

P.: Mörgum mundi nú þykja þetta fremur heimskulega spurt, en þó er það í rauninni ekki. Einmitt þetta er mjög íhugunar- og skilningsvert, þó að flestum muni þykja það svo sjálf sagt, að um það þurfi ekki að ræða. En allt í tilverunni er háð ákveðnum lögmálum eða reglum, og þetta er nú einmitt aðallögmál, að afkvæmi séu æfinlega sömu tegundar og foreldrið, og oftast líkari því en nokkrum öðrum einstaklingum sinnar tegundar. Sérhvað, sem gerist eða verður til, er afleiðing þess, sem á undan er farið og mótað af því. Það liggja orsakir til þess, að hver einn er, svo sem hann varð, og því verður ekki breytt nema breyta mætti hinu liðna. Til þess að geta nú þegar orðið annað en þú ert, þyrftir þú að geta breytt aðdragandanum, öllum þeim orsökum, sem að þér liggja.

Á.: Hvað væri, ef ekki væru þessar orsakir eða lögmál, sem þú segir, að tilveran sé háð?

P.: Þá væri einmitt engin tilvera. Án ákveðinna lögmála væri ekki fremur nein tilvera en hlutir án forms. Lögmálin eða orsakirnar skapa tilverunni form, og leiðin til að þekkja tilveruna og skilja, er að læra að þekkja og skilja þessi lögmál. Lögmálin

eru undirstaðan, og þau eru byggð upp af vana eða endurtekningum atburða. Sérhvað nýtt, sem gerist eða verður til, fellur, eins og ég sagði áðan, alltaf í form hins liðna, form minninganna, og er jafn ómögulegt að rjúfa þá reglu og þér væri af sjálf-dáðum ómögulegt að tala það mál, sem þú ekki kannt og hefðir aldrei heyrt talað.

Á.: Hvernig er þá þetta lögmál ættgenginnar til orðið?

P.: Hér kemur til þess að skilja sögu þróunarinnar, eða þann aðdraganda, sem skapað hefir hverri tegund sitt ákveðna form. Í rauninni er hver tegund og hver einstaklingur hverrar tegundar nokkurskonar söguútgáfa. Það sem hver er, er hann orðinn vegna þess, sem fram við hann hefir komið og for-eldri hans alla leið frá uppruna lífsins á jörðinni. Það er talið, að allt líf sé skylt, sé frá sameiginlegum uppruna komið, og þykir mér þó sennilegt, að aðgreining hinna fjarskyldustu tegunda, eins og t. d. jurta og dýra, hafi skapast jafnsnemma og hin fyrstu lífsdrög á jörðinni, byrjað með sköpun ein-frumunganna. Má ætla, að sú sköpun hafi tekið mjög langan tíma, að sköpun frumunnar hafi átt mjög langan aðdraganda, og að við þann aðdraganda hafi fyrstu drög verið lögð til þeirrar greiningar lífteg-undanna, sem fyrst kom verulega í ljós hjá fjölfrumungunum. Hin fyrsta tegundaskifting fjölfrum-unganna hefir því sennilega legið í frumunum sjálfum eða mismun þess aðdraganda, sem legið hefir að sköpun þeirra. En síðan hefir svo sagan haldið áfram að byggja upp hverja tegund og hvern ein-

stakling hverrar tegundar, eða réttara sagt, verið það mótt, sem ráðið hefir útliti hverrar tegundar og hvers einstaklings, og varð greiningin af því eða mismunurinn, að sagan var mismunandi. Lífsformunin er þannig í innsta eðli sínu ekkert annað en söguritun. Og það má jafnvel segja hið sama um hina líflausu náttúru. Hún er í rauninni, eða þau form, sem hún birtist í, vanasköpuð.

Á.: Ég veit nú ekki, hvort ég skil þetta enn. Ég skil það nokkurn veginn, að grein, sem tekin er af ribsí, eða angí, sem tekinn er af rótum reynihríslu, haldi áfram að vera ribs eða reynir, en verði ekki víðir eða birki eða neitt annað. En mér þykir svo skrítíð, að fræin, sem bera á sér enga mynd foreldra sinna, skuli aldrei geta orðið annað en einstaklingur sömu tegundar og foreldrið.

R.: En mér þykir þó skrítnast af öllu, að fræin skuli verða til, eða að nýir einstaklingar skuli vaxa upp.

P.: Eins og ég hefi sagt ykkur, þá eru mennirnir, dýrin og jurtirnar fjölfrumungar, hver einstakur byggður af mörgum þessum upphafseinstaklingum lífsins, sem nefndir eru frumur. Og það má nú líta þarna á hverja eina frumu sem þegn í þjóðfélagi, og er þá auðvitað, eða svo sem hlýtur að vera, að hver slíkur þegn beri á sér venjur og mótt síns þjóðfélags. Venjur og mál einhvers þjóðfélags eru í rauninni ekkert annað en venjur og mál hvers einstaklings þess. Og nú er byrjun hvers slíks þjóðfélags, hvers nýs fjölfrumungs þannig, að tvær frumur, frá sínum fjölfrumungnum hvor, tvær frumur frá tveim-

ur fjölfrumungum sömu tegundar, sameinast og byggja síðan um sig af því, sem þeim fæðist. Má vera, að ég fari út í það síðar, hversvegna þessir tveir fjölfrumungar, sem að slíkum byrjunum standa, eru ekki né geta verið sama kyns, og má þó undir eins skilja það nokkuð af því, hvernig sköpun stjarnanna og hreyfing verður fyrir samstarf tvennskonar magns, sem nefnt er miðflóttu- og aðdráttarafl. Samstarf hinnar andhverfu tvenningar virðist einmitt vera undirstaða allrar verðandi frá hinu lægsta til hins æðsta. — En þetta, sem ég vildi segja ykkur um arfgengið, er, að þessar tvær upphafsfurmur hins nýja fjölfrumungs bera með sér minningaform þeirra frumufélaga, sem þær voru frá komnar, og að í hinni nýju heild ráði svo þessi minningaform að mestu.

Pegar einfrumungum fjölgar, þá fjölgar þeim þannig, að einn skiptist í two jafna hluta, og er þá mjög skiljanlegt, að ættgengið haldist. Og um afkvæmi fjölfrumungsins verður ættgengið einnig skiljanlegt á þennan hátt, sem ég var að segja, að þessar tvær frumur, sem sameinast um að byggja upp nýjan fjölfrumung, beri með sér það, sem réði móti hinna fyrri félagsforma.

Á.: En ef nú svona sameining eða sameiginlegt afkvæmi ætti sér stað af t. d. hrafni og hrafnaklukku — hvað yrði þá?

Þ.: Slík sameining getur ekki átt sér stað. Afkvæmi getur ekki átt sér stað, nema af einstaklingum sömu tegundar eða mjög skyldra tegunda. Og þeir ómöguleikar stafa af samskonar ástæðu og að Tunglsgeislar

Kínverji og Íslendingur skilja ekki hvor annars mál í fyrstu. Sameiningin, sem nauðsynleg er, til þess að nýr einstaklingur verði til, getur ekki orðið, nema um nokkurnveginn sameiginlega forsögu sé að ræða, sameiginlegar ættminningar. Strengir ættminnisins verða að vera mjög samskonar hjá báðum aðiljum, svo að orðið geti sá samleikur minninga, sem hinn nýi einstaklingur er. Til þess, að sá samleikur takist, samleikur hinna tveggja fruma, verða báðar að leika hið sama lag, minningalag tegundarinnar. Og það er til stuðnings því, sem ég hefi hér verið að segja ykkur, að fóstur, sem skift hefir verið, meðan það var á byrjunarstigi, í two eða fleiri hluta, heldur áfram, ef lífsskilyrðin hafa ekki verið skert, í hverjum hluta fyrir sig, ekki sem hluti þess einstaklings, sem það var á vegi með að verða, heldur sem heill slíkur einstaklingur hver hluti. Bendir slíkt ákveðið til þess, að kynminnið ráði fyrst í stað hjá hverri frumu fyrir sig, kynminnið, sem er sambandsform heildarinnar.

R.: En ég get nú ekki af því, sem þú hefir sagt, gert mér fyllilega ljóst, hversvegna hinir nýju einstaklingar verða til. Mér þykir það eftir sem áður jafnundarlegt, að ég skuli hafa orðið til og haldi áfram að vera til.

P.: Eins og ég sagði áðan, þá þarf sameining tvenningar til þess, að nýr einstaklingur verði til. En sameining tvenningarinnar er þar þó útaf fyrir sig, ekki aðalatriðið. Það, sem veldur byggingu og viðhaldi hvers lifanda, er aðstreymi kraftar, sem fundið getur sér leið til sköpunar aðeins þar, sem

samstilling tvenningar hefir átt sér stað. Við það, að verða sammála og samhuga, verða menn jafnan miklu glaðari en ella, og stafar það af því, að hinn skapandi kraftur nær þá betur tökum á þeim, magnar þá betur. En við samstilling tvenningar verður þetta sérstaklega. Og þar sem um það er að ræða, að tvenning verður eitt, eins og er við byrjun hverrar fjölfrumungstilveru, þar verður samstillingin svo algjör, að hún getur veitt fyllingu öllu því, sem munað var á framfaraleið. Allt það, sem þessar tvær sameinuðu frumur fólu í sér, nær fyllingu fyrir það, að þær sameinuðust svo algjörlega, gáfu hvor annarri sig alveg, og má nú út frá þessu sjá fram á, hvað burfa muni til þess, að guðsríki skapist á jörðinni. Til þess þarf einmitt þetta, að hver einn megni að gefa sig öðrum, og má þá um leið skilja, að kjarni guðsríkis muni einmitt vera hin rétta samstilling tvenninganna, þessi samstilling, sem heitir ást og fyrir löngu er vitað, að framar öllu er ljómi lífsins og hamingja. Þar sem sú samstilling hefir tekist réttilega, þar ríkir einungis góðvild til annarra, og má taka það til marks um, að þar er sönn ást ekki ríkjandi, sem ríkjandi er illt umtal um aðra og annar slíkur lágur hugsunarháttur.

A.: En af hverju stafa stökk- eða skyndibreytingar líftegundanna, sem sagt er að eigi sér stundum stað?

P.: Til þess að skilja þróun og breytingar lífsins, er ef til vill besta ráðið að skoða sinn eiginn huga, því að byggingu lífsformanna mun vera líkt háttar og byggingu vitundanna. Eins og ég sagði áðan, þá eru lífsformin nokkurskonar söguútgáfur. Þau eru,

hvert fyrir sig, mótuð af sögu ættar sinnar, og sé
 ihugað, þá má gera sér ljóst, að mannsvitundin er
 byggð á sama hátt. Vitund manns byggist á því að
 muna. Hún er, eins og líf hvers, byggð af strengjum
 ættminnis og æfiminninga, og hugsun manns er
 snerting atburða og fyrirbæra lífsins við þessum
 strengjum. Sérhvað, sem vitund manns skynjar eða
 gerir sér grein fyrir, skynjar hún fyrir það, að það
 snertir við einhverju sem í henni býr, snertir við
 einhverju, sem hún man. Það að skilja eitthvað, er
 sama og að tengja það einhverju, sem áður var skilið
 og munað er eftir. Fyrr en slikt tekst, er ekki um
 skilning að ræða, og því eru menn jafnan svo lengi
 að samlaga vitundir sínar því, sem nýtt er og óvænt,
 þó að hinsvegar gæti þess jafnan mest hjá hverri
 vitund, sem gerðist í gær og í dag. Og þessu líkt er
 farið ættvitundinni eða ættminninu, sem ég nefni
 svo. Það sem fram kemur við einhvern einstakling
 einhverrar tegundar, erfist ekki þegar til afkomanda
 hans, og það jafnvel ekki, þótt það komi fram við
 hvern einstaklinginn fram af öðrum, hverja kyn-
 slóðina fram af annarri. Eigi tegundin í sér enga
 minningu um það, sem fram við hana kemur, eða
 eitthvað líkt því, er hún mjög lengi ónæm fyrir því,
 festir það ekki í kyninu, jafnvel þótt hún kunni að
 laga sig eftir því í bili svo sem af nauðsyn. En svo
 getur þar, eins og í vitund manns, skotið upp gömlum
 endurminningum, sem verða allt í einu mikilsráðandi
 hjá einhverjum hluta tegundarinnar, og mun þá
 jafnan vera orsökin sú, að nokkuð það hafi komið

fyrir þennan hluta tegundarinnar, sem minnti á eitt-hvað, sem hún hafði einhverntíma lifað við áður. Fer þetta hjá tegundinni eftir samskonar lögmálum og hjá vitundinni, en kemur fram hjá tegundinni sem skyndibreyting, og hefi ég lesið um athuganir, sem sýna þetta, þó að varla hafi það áður verið skilið á þenna hátt. Við það, að tegundin eða einhver hluti hennar endurlifir eitthvað líkt því, sem kom fram við hana einhverntíma fyrir löngu, og sem einhverju réði þá um útlit hennar eða byggingu, eða samfara var einhverju því formi, sem hún síðar var vaxin frá, endurvaknar hjá henni þetta form að einhverju leytti, og það skyndilega. Getur þessi endurvakning ættminnisins orðið með mörgu móti og af mörgum ástæðum, og má þar t. d. hugsa sér ættblandanir og annað slíkt, sem gerðar hafa verið tilraunir með til að breyta tegundum jurta og dýra. Þannig þetti mér hugsanlegt, að við blöndun tveggja afbrigða sömu tegundar, endurvaknaði útlit hins sameiginlega foreldris, að það, sem hvoru afbrigðinu fyrir sig hafði áunnist, viki þá fyrir hinni sameiginlegu ættminning, þó að eftir sem áður lægi það geymt í ættminninu. Virðist mér ættminnið þannig vera eins og fjölstrengjuð harpa, þar sem við hver ný sambond og hverjar nýjar aðstæður er ekki að vita, við hvaða streng kann að vera snert, og geta því skyndibreytingar orðið hvenær sem verkast vill, þó að undir niðri sé ekki um nein stökk að ræða, ekkert annað en hægfara byggingu eða þróun. Sjálf byggingin eða þróunin hlýtur æfinlega að gerast hægfara

og á löngum tíma, þó að hún kunni stundum að koma í ljós líkt og þegar fellur árbakki, sem straumur árinnar hefir grafið undan með sinni hægfara iðni.

R.: Hafa þeir þá rangt fyrir sér, sem vilja neita hinni áunnu þróun eða því, að áunnir eiginleikar erfist? Hafa þeir rangt fyrir sér, sem ætla, að stökkbreytingar og úrvval hafi hér haft undirstöðuþýðingu?

P.: Það má nú mjög auðveldlega skilja, að fyrir úrvval eitt eða órökstudd stökk hafi ekki slík þróun getað átt sér stað, sem er frá einfrumungi til manns, eða frá þeirri kristöllun lífefnis, sem gera má ráð fyrir, að hafi verið undanfari frumunnar. Eða það væri ef til vill réttara að orða þetta þannig, að fyrir órökstudd stökk og úrvval, væri slík þróun óskiljanleg. Úrvalið getur að vísu hafa haft sína þýðingu til breytinga og hækunar fyrir hverja tegund, því að ættminnið kemur auðsjáanlega ekki jafnt fram hjá hverjum einstaklingi. Albræður og alsystur eru mismunandi, og geta því sumir einstaklingar einhverrar tegundar eða ættar verið betur hæfir en aðrir til að bera fram hinum bestu ættminningar til afkomenda, og er því vel hugsanlegt, að úrvval geti haft verulega þýðingu. Og eins má vel hugsa sér um stökkbreytingarnar, sem verða með þeim hætti, sem ég hefi talað um. En úrvalið eitt út af fyrir sig eða stökinn byggja ekki neina nýja þætti. Þaðan kemur lífinu ekki neitt byggingarefnni. En það má vel skilja, að saga lífsins hafi getað orðið því það. Hið eina skiljanlega er, að það hafi verið hún, sagan um samleik lífsins við aðstæður sínar á liðnum tínum, sem lagt hafi fram efnið í þróun og mótt líftegundanna.

En eins og skilja má af aldri lífsins á jörðinni, þá hefir þessi þróun þess gengið seint, og hlýtur því tregða lífmyndanna gagnvart hverri nýjung að vera mikil, eins og ég líka vék að áðan. Og þó að skilja megi nú, að sú tregða tegundanna sé sjálfsögð og nauðsynleg, þá hefir hún, þegar menn ráku sig á hana, eins og líka skyndibreytingarnar, sem menn hafa held ég ekki skilið, komið þeim til að hverfa aftur frá kenningunni um áunna þróun. Það, að ættminni eða ættvitund hverrar tegundar sé ekki of næmt fyrir hverri aðvífandi nýjung, er nauðsynlegt til þess, að hvað eina fyrir sig geti eignast nægjanlega festu og stoð í sjálfu sér. Þykir mér sennilegt, að þessi tregða ættminnisins sé margfalt meiri en tregða mannsvitundarinnar gagnvart nýjngum í þekkingu og öðru slíku, og hefir þó sú tregða reynst nokkuð þung stundum. Hefir sú tregða víst oft verið nokkru meiri en æskilegt hefði verið, og er jafnvel enn, og getur það þó jafnvel komið að mér að ég verði þakklátur fyrir þá tregðu. Þegar ég sé eða heyri haldið fram röngum og villandi kenningum, þá reyni ég stundum að hugga mig við, að menn muni flestir vera gagnvart þeim sljóir og eftirtektarlitlir, þó að slíkt sé nú að vísu heimskulegt, að hugga sig við það. Eftirtektin mun einmitt aldrei saka, ef alltaf hefði nógu vel verið tekið eftir. Til þess að geta orðið ónæmur fyrir röngum kenningum, er einmitt hið nauðsynlegasta að hafa gert sér sem fyllsta grein fyrir hlutunum frá upphafi. Réttur skilningur getur því aðeins tekist örugglega á hverju nýju fyrirbæri, að byrjað hafi verið með vakandi hugsun á réttum

forrökum, og þeim þræði síðan verið haldið. Skortur hinnar skýru athygli mun því einmitt vera það, eða tregða sljóleikans, sem leiðir af sér hinar röngu kenningar og gefur þeim byr undir vængi. Og nú kemur mér alveg nýtt í hug: Mér kemur í hug, að hinar ljótum og ógeðslegu lífmyndir muni hafa orðið ljótar og ógeðslegar vegna samskonar ástæðna og heimskan stafar af og það, sem henni fylgir. Mér kemur í hug, að tregða sljóleikans hjá ættvitundunum hafi verið aðalorsök ljótleika lífsins og öfugþróunar. Mér þykir það einmitt svo sennilegt, að það sem snúið hefir lífinu frá hinni upprunalegu stefnu sinni, stefnunni til æ meiri fegurðar og samræmis, hafi verið eitt-hvað líkt og það, sem leiðir menn frá sannleikanum. Á þróunarbraut hinna ljótum lífmynda, eins og t. d. á þróunarbraut færilúsarinnar, sem kvað hafa átt flugu fyrir foreldri, hefir lífið, af einhverjum ástæðum, ekki megnað að svara fyrirbærum sínum svo sem nauðsynlegt hefði verið til þess, að bygging ættminnisins yrði ósvíkin og traust, og því hefir þróunin þar eins og geigað og jafnvel snúist til þess, sem öfugast var; fyrir það orðið eins og röng hugsun og villandi.

R.: Hlýtur ekki allt það líf að hverfa úr sögunni, sem tekið hefir það fyrir að þróast öfugt?

P.: Þótt undarlegt megi heita, þá virðast staðreyndirnar hér að sumu leyti benda til hins gagnstæða, benda einmitt til þess, að þeim sé lífvænst hér sem eru leiðastir. Því ofar sem komið er eða meira í vitáttina, því örðugra virðist að lifna og lifa. Maðurinn er, þótt hann sé líklega útbreiddasta

líftegund jarðarinnar, ófrjóasta tegundin og sú sem vandfarnast er með. Það er t. d. mikill munur á því, hve ánamaðkur eða froskur þola að sínu leyti miklu meiri áverka en maður, og verður þó að ætla, að þróun þessara líftegunda hafi síður miðað fram en þróun mannsins, þó að líklega muni ekki vera rétt að tala um öfugþróun, þar sem froskurinn er og ánamaðkurinn. Og það er ekki einungis, að mannlífið sé hæpið og vandasamt fremur en nokkurt annað líf jarðarinnar, heldur virðist nú þróun þess vera komin í ógöngur og strand. Hvar sem snilligáfur hafa komið fram nokkuð verulega, þar hefir jafnan mátt eiga vísa ógæfu og glötun. Á hinni hæstu snilli mannlegra hæfileika hefir aldrei orðið framhald til lengdar hjá afkomendum, og má þar t. d. nefna Grikkji hina fornu, því að fjarri virðist, að Grikkir nútíðarinnar séu þeirra jafningjar. Það eru víst engin dæmi þess hér á jörðu, að aettir mikilla snillinga hafi orðið langlífar og gæfusamar án þess að lækka seglin. Æfinlega staðnaði þróunin þar, sem snillin fór að skara fram úr. En þó að þessar staðreyndir stöðnunar og öfugþróunar virðist gilda svo mjög á þessari litlu jarðstjörnu, sem við byggjum, þá er ófært að hugsa sér, að þær gildi allsstaðar. Það, sem rangt stefnir, getur, eins og þú spurðir eftir, hvergi orðið sigursælt að eilífu, því að það hlýtur æfinlega að lokum að verða sjálfu sér til falls. Allt það, sem lifir og eflist á því að spilla lífi annarra, stefnir rangt, og hlýtur því, hversu voldugt sem það kann að geta orðið í bili, loks að glata sínum eigin lífsmöguleikum. Annaðhvort hlýtur því lífið

á jörðinni að verða sér til eyðingar og falls, eða þá að það verði ekki æfinlega stórum auðnudrýgra að kjósa sér makindi og sníkjur líf en frelsi og flug. — Hið sanna líf leitar æ út frá sjálfu sér. Það er í því falið, að hverjum takist að gefa sjálfan sig öðrum og verða af því máttugur. Og þar sem sú samstilling tekst, þar verður fylling hverrar ættminningar algjör. Þar fellur því ekkert niður en bygging lífsins verður óskeikult fram. En þetta hefir jarðlífina ekki tekist nógu fullkomlega. Sérdrægnin hefir orðið ríkjandi og andstillingin, og því hefir það jafnan orðið svo máttlitið og hverfult, sem best leitaði í hina réttu átt. Það, sem vantar hér fyrst og fremst, er hin rétta samstilling, en vontun hennar, held ég, eins og áður var á vikið, að stafi hjá lífinu hér af einhverju samskonar og misskilningurinn og villan stafar af, eftir að vitið er komið til sögunnar. Lífið hefir hér þegar í byrjun verið um of á útjaðri, eins og Helgi Pjeturss komst að orði, og því ekki náð því til fulls að verða í sannleika.

R.: En eru þá nokkrir möguleikar til þess, að hin rétta samstilling geti tekist hér? Eru nokkrir möguleikar til að rétta það við, sem þegar hvílir á röngum undirstöðum?

Ég held, að meinin liggi meira í byggingunni en byggingarefninu. Efnið, sem er veruleikinn eða sagan, hefði mátt verða efni í byggingu guðsríkis. Guðsríki verður aldrei byggt af öðru en hreinum og ósviknum veruleika, og er mikill misskilningur að ætla annað. Og það mætti jafnvæl takast enn af því, sem fyrir hendi er, og væri þar þá fyrst, að mönnum

tækist að verða betur samhuga og samtaka en þeir hafa verið. Við það, að mannlífið efldist, ekki á kostnað annarra tegunda lífsins, heldur af því að læra að þiggja aukinn mátt þaðan, sem gefendurnir gefa sér til hagnaðar, mundu mennirnir smámsaman verða þeir drottnar jarðarinnar, að sérhver sú liftegund, sem lifir á því að spilla lífi annarra tegunda, yrði að breyta um lifnaðarhætti eða að hverfa að öðrum kosti. Og tækist mönnum að veita hinum aukna krafti einnig til alls annars lífs á jörðinni, þá mundi breyting þess verða miklu meira fyrir leiðréttingu en útrýming. Þá mundu jafnvel hin ógeðslegustu skordýr ekki verða neitt ógeðsleg lengur. Pregar á hina réttu braut væri komið, þá mundi frá hálfu mannsins tilveran öll verða eins og í sól-skini sén, og við það að ættminningar hverrar tegundar færð, fyrir hina auknu magnan, að ná fyllingu, mundi þróun þeirra ekki einungis miða fram hraðar og öruggar, heldur yrði og fortíðin eins og nýstrengjuð harpa. Það sem áður var aðeins stillt til hálfss, og því mis- eða falskóma, gæfi þá frá sér fullan og hreinan hljóm. En til þess, að þetta mætti verða, til þess að sú samstilling mannlífsins mætti verða, sem þessu væri upphaf að, þurfa menn betur að læra að skilja sannleikann en þeir hafa gert. „Sannleikurinn er leiðin til guðs, og þó ekki síður leið guðs til mannanna“, segir dr. Helgi Pjeturss í niðurlagi Framnýals, og veit ég þau orð þó hvergi eiga eins við og um þann sannleik, sem hann boðaði. Það, sem nú framar öllu ríður á, er, eins og við þegar vitum, að menn fái að vita af lífinu á stjörn-

unum, og hvernig fara eigi að því að þiggja þaðan aukið magn. Það er ekki of sagt hjá honum, að til þess hafi í rauninni öll þekkingarviðleitni stefnt eða verið að leitast við, að menn lærðu að skilja einmitt þau undirstöðulögþmál lífsins, sem lífsambandið á milli stjarnanna leiðir í ljós, og sem leiða til þess að skilja það.

FJÓRÐI PÁTTUR.

Á.: Pegar þokan kom yfir mig um daginn, þá kom mér allt svo ókunnuglega fyrir sjónir umhverfis mig, og hefði ég þá áreiðanlega ekki þekkt, hvar ég var, hefði ég ekki vitað það áður. Þó sá ég vel næsta umhverfið. Hvað kemur til þess, að þokan hefir þessi áhrif? Hvað kemur til þess, að í henni getur allt orðið eins og ókunnugt, þar sem maður þykist þekkja hvern stein og hverja þúfu, þegar þokulaust er og bjart?

Þ.: Ég las einhverntíma í kvæði um ferð tveggja feðga að næturlagi. Voru þeir orðnir villtir, og reyndi sonurinn að átta sig af hæðum og hólum umhverfisins, en án árangurs. Gamli maðurinn tók hinsvegar fyrir að reyna að átta sig af stjörnum, og honum tókst það. Nokkuð líkt þessu er farið muninum á að þekkja staði í þoku og bjartviðri. Í þokunni vantar víðsæið, en á því byggist framar öllu það að þekkja og rata. Yfirsýnin er framar öllu nauðsynleg til að átta sig á hinu smáa og nálæga, og getur maður án hennar aldrei áttað sig á því til fulls eða örugglega. Því takmarkaðra sem eithvað er eða

virðist vera, því ókennilegra verður það og þýðingarlausara, og gætir þú vel gert þér það ljóst með því að virða fyrir þér eitthvert einstakt orð í prentuðu kvæði, sem þú kannt. Það væri mjög hæpið, að þú þá gætir, með því að sjá aðeins þetta eina orð, vitað hvar það ætti heima, og þýðing þess yrði þér þá heldur ekki ljós. En svo sem það er nauðsynlegt, til að átta sig á hlutum nágrennis síns, að sjá til hinna ystu kennileita hér á jörðu, þá veitist þekking á þeim af engu eins og því, að hafa eignast hina réttu útsýn til stjarnanna. Af því að sjá þangað út með þeim skilningi, sem dr. Helgi Pjeturss hefir fært, verður auðveldari og öruggari þekkingin á hverju einu því, sem fyrir ber á jörðinni. Viðsæið er sama og skilningurinn, en án skilnings getur hvergi orðið um neina ratvísni að ræða.

R.: Var það fyrir slíka útsýn til stjarnanna, að þér skildist það, sem þú um daginn varst að segja okkur af þróuninni og ættminninu?

P.: Skilningurinn á eðli svefn eins og draumanna hefði ekki tekist án útsýnis til stjarnanna. En útfrá skilningnum á draumunum skildist mér fyrst ættminnið, eða þetta lögmál þróunarinnar, sem ég nefni svo. Eins og ákveðið umhverfi stillir hinn sofandi mann til sambands við ákveðinn draumgjafa og ræður því að miklu leyti, hvað þannig kemst í gegn, þannig skildist mér fyrst, að ættin eða ættminnið réði því, hvernig afkvæmið yrði, og er þar þó ekki síður hliðstætt hvernig minningar og hugsanabrautir sjálfss draumþegans lita það og móta, sem honum frá draumgjafanum berst. Ætt manns og foreldri

skildi ég að eru hliðstæður þeirra, sem stillisáhrif-unum valda, og um leið hliðstæður þeirra minninga í eigin huga, sem koma mönnum til að þýða drauma sína fyrir eitthvað kunnugt sér úr vöku. Ég skildi, að þarna var um allsherjarlögmál að ræða, lögmál vanans, sem liggur í gegnum alla tilveruna.

G.: Ég skil ekki vel, að það hafi verið ættminnið eitt, sem ráðið hefir sköpun mannsins og útliti. Ég skil reyndar, að þróunin hafi í aðalatriðum farið fram samkvæmt sögu sinni, að hver einn sé að mestu mótaður af því, sem komið hefir fram við forættir hans allt frá upphafi lífsins á jörðinni. En ég skil ekki, hvernig það eitt hefði átt að geta látið verða til slíka veru, sem maðurinn er.

P.: Petta er alveg réttilega athugað hjá þér. Slík furðusmið, sem maðurinn er, hefði víst ekki getað orðið hér til án fyrirmynnda á öðrum jarðstjörnum. Það er ekki einungis, að lífið hafi þaðan borist hingað til jarðarinnar, eða lífskrafturinn, heldur einnig lífs-formunin, og mun þannig vera nokkuð hæft í því, að guð hafi skapað manninn í sinni mynd, þótt ekki hafi það nú gerst á þann hátt, sem segir í sköpunarsögu bibliunnar. En þótt gera verði þannig ráð fyrir viðleitni að ofan til ákveðinnar mótnar eða bygg-ingar, sem unnist hefir á milljónum ára til þess að fram kæmi maður, þá er mjög nauðsynlegt að gera sér ljóst, að lífsmótunin hér sé fyrst og fremst jarð-ræn og ættbundin, og væri t. d. mikill misskilningur að ætla, að einstaklingur frá einhverri annarri jörð gæti komið hér fram um þá leið, sem eru byrjunar-drög hvers einstaklings hér. Fósturskeið hvers hlýtur

að vera hans upphafsskeið, og gæti enginn haldið áfram að vera það, sem hann var orðinn með því að fæðast aftur af foreldrum, og skiftir í því sambandi engu, hvort maðurinn hefði áður átt að eiga heima hér á jörðu eða einhverri annarri jörð. Frumrót hvers og séreðli er honum frá foreldrum hans og forætt komið, og getur því enginn vaxið af fóstri nema einu sinni. Endurburður getur ekki átt sér stað.

S.: Ég get ekki gert að því, að stundum kemur að mér efi um það, að maður haldi áfram að lifa eftir dauðann. Ég skil að vísu vel þetta, sem Helgi Pjeturss kennir, að frá hverjum einum stafi geislan alla þá stund, sem hann er á lífi, og að sú geislan leitist æ við að endurframleiða hann, þar sem hún kemur fram. En ég skil ekki vel, hversvegna sú geislan megnar fyrst að endurframleiða hann þar, þegar hann deyr. Ég skil ekki, hver aukinn kraftur það er, sem þá losnar.

P.: Eins og ég hefi víst sagt ykkur, þá kenndi Helgi Pjeturss það ekki einungis, að frá manni stafi geislan alla hans tíð, heldur að hún stafi einnig til hans. Án aðstreymis kraftar frá uppsprettu lífsins gæti maður ekki lifað eina augnabragðsstund. Og þegar maðurinn deyr, þá er það þessi kraftur, sem losnar. Einmitt þessi kraftur, sem fór til þess að byggja einstaklinginn og halda honum við, losnar við dauða hans, og fer þá til þess að byggja honum nýjan líkama á þeim stað, sem skilyrði eru til. Og það, að þessi kraftur fer einmitt til þess, en ekki einhvers annars, veldur sú minning alvitundar um hinn deyjandi einstakling, sem geislanin frá honum hefir vald-

ið. Sérhver minning alvitundarinnar hlýtur að vara, og hver einn er þar minning. Og því má svo að orði komast, að öll tilveran leggist á eitt til þess, að hver einstaklingur vari og endurbyggist. Tækist það ekki, mundi það verða henni eins og sár, sem ekki næði að gróa og holdfyllast.

G.: Hvað kemur til þess, að svipir dáiðna manna, og þótt þeir séu fyrir löngu dánir, birtast, eftir því sem sagt er, jafnan með útliti því, sem þeir báru rétt fyrir dauða sinn, eða jafnvel í ástandi því, sem þeir voru á dauðastundinni? Nú getur ekki verið, að raunverulega séu þeir alltaf í þessu ástandi. Gera þeir þetta þá til þess að láta þekkja sig aftur?

P.: Þetta hygg ég að stafi fyrst og fremst af eðlisnauðsyn og ekki öðru. Ég hygg að það stafi af ástæðu skildri því, að lífssagan er æfinlega rakin á fósturskeiði hvers einstaklings, og að það sé því lögmál minninganna, sem þarna kemur til greina. Að vísu get ég búist við, að framliðnir menn geti stundum notfært sér þetta lögmál til þess að sanna sig eða skeytasendingar, sem hinum skyggnu mönnum koma sem svipasýnir, og eru til ýmsar frásögur, sem benda í þá átt. Má þar t. d. nefna ýmislegt, sem haft er eftir Ísleifi Jónssyni í bókinni „Skyggnir Íslendingar“, og er auðsætt að sumt, sem þar er verið að lýsa, er ekki neitt sem þá raunverulega er að gerast í herberginu hjá miðlinum. Það, sem þar virðist vera um að ræða og miðillinn ætlar vera framliðið fólk og stundum dýr þar inni hjá sér, eru einhverskonar minningagerfi vakin og framkölluð fyrir áhrif frá þeim, sem þau tilheyra. Það, sem miðillinn sér, er

að vísu framkomið fyrir áhrif frá þeim, sem hann ætlar það vera, framkomið fyrir samband við einn eða annan ákveðinn mann framliðinn. En saga þessa framliðna manns og minningar um hann hér eru farvegur eða mótt þessa sambands eða áhrifa, líkt og ættminnið er farvegur og mótt hverjum nýjum einstaklingi, sem til verður. Fegrún útlits og öðru, sem ætla má, að framliðinn maður hafi bætt við sig eftir dauðann, virðist þannig ekki eiga miklu auðveldara með að koma hér fram en stökk til framþróunar hjá einhverri tegund. Framliðinn maður á því hér, hvað meira en jarðneskan þroska hans snertir, við samskonar örðugleika að stríða og guðir þeir, sem við áðan töluðum um, að verið hafi fyrirmyn dir mannsins, og ef til vill fleiri dýrategundir eiga að sækja í áttina til að líkjast. Það eitt á hér fyrir sér opnar leiðir, sem til eru minningar um.

S.: Skortir þig ekki sannanir til þess að fullyrða megi allt það, sem þú heldur fram um ættminnið og það, sem því kemur við? Rekst það hvergi á rannsóknir, sem gerðar hafa verið einmitt á því sviði?

P.: Pessi skilningur minn á ættminninu og hinni áunnu þróun er aðalskilningur eða nokkurskonar samnefnari, sem reikningur alls dæmisins byggist á. Þar ræðir um það, sem eitt getur nægt til þess, að menn átti sig á aðalatriðum, víðsæi og yfirsýn. Vísindin, sem menn eiga svo ósegjanlega mikið að þakka, byggjast auðvitað fyrst á því að þreifa fyrir sér og rannsaka. En til þess að átta sig, nægir það ekki eitt. Menn þurfa, eins og ég vék að hér í byrjun, líka að sjá. Og þegar saman fara rannsókn og víðsæi, þá

eru allar líkur til hins rétta. — Auðvitað eru mínar rannsóknir á þessum efnum ekki neinar, því að ég hefi ekki haft neina aðstöðu til slíks. En ég hefi hér fyrir mér örlítið, en þó nægjanlega stórt brot, af annarra rannsóknum og athugunum, sem, eins og ég hefi víst eitthvað getið um við ykkur áður, bendir í þessa átt. Skal nú þar til nefna, sem ég hefi einhverntíma lesið um, að mýs, sem látnar voru lifa við skilyrði, sem foreldri þeirra höfðu lifað við á löngu liðnum tímum, en nú voru orðin breytt, tóku í afkomendum sama form og þessi foreldri þeirra höfðu haft. Var þetta nákvæmar tiltekið þannig, að mýs með langa rófu og sem nú lifðu við hlý skilyrði, fengu í afkomendum allt í einu stutta rófu, er þær voru látnar lifa við miklu kaldari skilyrði, en þannig höfðu þær mýs, sem þessar voru komnar af, verið í fyrndinni og þá einmitt lifað við köld skilyrði. Þykir mér þetta, og fleira því líkt, benda svo greini-lega til þess, sem ég nefni ættminni og ég áður hefi sagt ykkur af. Og enn bendir til þess, að rétt sé þar skilið, að meiðingar, sem framdar eru á foreldrum og það lið eftir lið, koma á engan hátt fram á afkvæmunum, nema þær meiðingar séu framdar á mænu eða taugum foreldranna. Þá getur slíkt komið fram sem vontun hjá afkvæmunum, og er það ein-mitt svo skiljanlegt, að fyrir það öðlist kynfrumurnar ekki þá magnan eða þann minningaarf, sem hver þeirra annars ber frá uppruna sínum. — Ég ber mikla virðingu fyrir rannsóknum vísindamanna á því, sem þessu kemur við, og ég efast ekki um, að niðurstöður þeirra séu þar réttar, það sem þær ná.

En þessi skilningur minn á ættminninu og því, að þróunin hljóti í aðalatriðum að vera áunnin fyrir minningasöfnun, er eins og ég sagði, yfirlits skilningur, sem hitt hlýtur að grundvallast í og verða til stuðnings. Þar ræðir um víðsæi það, sem eitt nægir hér til að átta sig og rata.

G.: Hvað kemur til þess, að manni þykir jafnan svo miklu skemmtilegra það, sem liðið er, en stundin, sem er að líða? — Þú sagðir áðan, að minningarnar hér séu í veki fyrir því, að framliðnir menn geti birt það, sem þeim hafi áunnist eftir dauðann. En þegar mér dettur eitthvað nýtt og fallegt í hug, þá er það helst einmitt þegar ég rifja upp eitthvað sem liðið er og mér þykir þá hafa verið skemmtilegt.

P.: Að vísu eru takmarkanir manns faldar í minningum hans, og valda þær t. d. rangþýðingum á því, sem fyrir hann ber í svefni, á draumsýnum, og eins munu þær koma til greina í sambandi við svipasýnirnar á þann hátt, sem við töluðum um áðan. En án minninganna, ættminninganna og æfiminninganna, mundi hvorki vera um drauma né svipasýnir að ræða, því að án þeirra væri maður, eins og ég hefi verið að skýra fyrir ykkur, ekki neitt. „Ég er það, sem ég minnist“, minnir mig, að Sigurður Nordal segi einhversstaðar í „Fornum ástum“, og þykir mér það einna spaklegast sagt af öllu sem ég hefi eftir hann séð. Og þetta, að manni þykir jafnan svo miklu skemmtilegra að minnast atvikanna en lifa þau, hygg ég að stafi einmitt af þessu, að þau séu þá orðin hluti af sjálfum manni, en ánægjan er nú einmitt falin í því mest að finna

sjálfan sig. Lífið, eins og það kemur fyrir, er aldrei í fullu samræmi við mann, en þegar þess er minnst, þá kemur það mest fram í minningunni, sem samræmdist manni eða fór til þess að byggja vitund hans. Og í samræmi við þennan skilning er það, að bernskan og æskan verða jafnan miklu ríkari og fyrirferðarmeiri í vitundinni um fullorðinsárin, og það þó að fullorðinsárin séu orðin miklu fleiri. En þá er það einmitt, í bernsku og æsku, að maður byggist mest eða skapast. — Eins og ég sagði, þá eru það æfi- og ættminningarnar, sem takmarka mann, og kemst enginn lengra í þroska en þær leyfa eða gefa stað fyrir. En við það, að þeirra væri réttilega neytt, eins og æfinlega er, þegar manni dettur eitthvað nýtt og fallegt í hug, þá mundi takmörkun þeirra smátt og smátt víkja. Við hverja skapandi nýjung er lögð undirstaða fyrir aðra stærri, ný minning lögð til grundvallar nýrri útfærslu, því að á annan hátt en með viðbót minninganna verður takmörkuninni ekki þokað. Eins og ég tók fram um daginn, þá vantar jörðina ekkert eins og það, að allir þeir strengir minninga, sem lífið er í öllum sínum myndum, verði réttilega stilltir, því að á þann hátt einn mundi samleikurinn takast við hina lengra komnu íbúa stjarnanna. Við það, að hver strengur minninganna yrði strengur til hins ýtrasta — en það verður aðeins þegar lifað er í ást og sannleika — mundi jörðin verða hæfileg harpa fyrir hina guðlegu, og útfærsla takmarkananna verða eins og þegar fagurt tónverk er leikið. Við það að fortíðin upplýsist æ betur, mundu möguleikar framtíðarinnar

blasu æ betur við sjónum og krafti guðanna verða hér æ opnari vegur. Við sigur sannleikans og ástarinnar, sem einn gerir strengleik minninganna fagran og unaðslegan, mundu hinir löngu dánu menn fara að geta birt hér, ekki einungis ömurlegar myndir úr frumlífí sínu, myndir, sem svara til ormsmyndar mannsins á fósturskeiðinu, heldur einnig og fremur það, sem áunnist hefði í framlífí þeirra á hinum góðu stöðum.

S.: Hvernig er varið þessum mikla mætti, sem sagt er, að hinir indversku yogar hafi yfir að ráða? — Í bókinni „Dulheimar Indíalands“ er t. d. sagt frá einum, sem gat sér að skaðlausu leikið sér að því að drekka blásýru og éta glermulning, þó að honum yrði þetta reyndar síðast að bana. Og eftir því, sem mér skilst, þá öðlast yogarnir þessa getu fyrir ákveðnar æfingar og þrautir, sem þeir leggja á sig. En hvernig má slíkt verða?

P.: Í bók, sem á íslensku heitir „Máttur manna“ og er eftir ameríkska heimspekinginn William James, er því haldið fram, að í manninum sé falin orka, sem hann sjaldan viti af, en í ljós komi þá, þegar hann hefir staðið af sér mikla þreytu. Er þar haldið fram, samkvæmt athugunum, sem gerðar hafa verið, að þótt manni finnist hann vera alveg uppgefinn og sárlangi til að leita sér hvíldar, eigi hann raunverulega í sér falda mikla varaorku, sem brjótist fram, ef hann aðeins lætur ekki undan þreytutilfinningunni. Dettur mér nú í hug, að æfingar yoganna og þrautir séu nú einmitt aðferðir til að grafa til þessarar orku, og að hjá báðum, hinum vestræna heim-

spekingi og hinum austrænu yogum, sé því í rauninni um hið sama að ræða. En hinsvegar má nú vel skilja, að hin mikla orka yoganna er að undirrót sambandsorka, og kemur það einmitt svo glögglega fram í frásögnum um töframanninn, sem glermulninginn át og blásýruna, að þessi leikur varð honum loks að bana vegna þess, að einmitt þá gat hann ekki komið því við að láta sig á eftir falla í þetta leiðslumók, sem þeir stunda svo mjög þar eystra. Virðist mér reyndar, að töframaður þessi hafi ekki verið göfugrar tegundar, og er mér nær að halda, að mögnun á þennan hátt sé naumast í guðsríkisátt allskostar. Er slíkt í samræmi við skoðanir manna á göldrum og svo líka það, hve miklu auðveldara er til djöfulmögnunar hér á jörðu en til guðmögnunar. En hvað sem því líður, þá er það einmitt líklegt, að fyrir sigur yfir þreytunni geti átt sér stað dýpra samband en ella, dýpri og fullkomnari hvíld. Það er alkunnugt, að æfing einhvers starfs kallar fram leikni og þroska hjá þeim, sem æfir, og má nú vel skilja, að slíkt verður ekki án tilkomu utanaðkomandi kraftar, sem byggir upp í stað þeirrar orku, sem fram var lögð. Sérhver æfing og starf er þannig framlag til vöxtunar eigin orku, og er þá skiljanlegt, að vöxtunin geti orðið því meiri sem framlagið var meira og róttækara. Og svo ótrúlegt sem það er, að maður geti sér að skaðlausu étið glermulning og eitur eða þolað eggjárn og eld, þá má jafnvel skilja það sem afleiðingu óvanalegrar samorku. Í Indlandi eru menn trúhneigðir og veita „meisturum“ sínum afdráttarlaust traust. En fyrir þá samorku út á við,

sem af því leiðir, getur samorka líkamsefnanna orðið miklu fullkomnari, orka allra miklu fullkomlegar í hverri einni frumu og orka hverrar einnar miklu fullkomlegar í öllum. Sambandið inn á við verður því fyllra, sem sambandið út á við er meira og öflugra. Og þegar lífskrafturinn mætir hinu andstæða magni eldsins eða eitursins, þá er skiljanlegt, að því meiri sem lífskrafturinn er, að því fremur verði hin andstæðu öfl skaðlaus og óvirk. Gæti þá þannig komið að lokum, að lífið yrði öllu sterkara. Og sé nú að því gætt, að biturleiki eggjárnsins er í því falinn, hve það kemur á lítinn stað, þá verður fyrir skilning á samorkunni jafnvel hugsanlegt, að högg sverðseggja þurfi ekki að verða skaðlegra en högg með flötu blaðinu. Má þá láta sér detta í hug, að hinar ótrúlegu sagnir um, að suma menn hafi ekki bitið járn, séu ekki á engu byggðar fremur en sumt, sem sagt er af í goðasögum og rætur á til sambands við mjög magnaða íbúa annarra stjarna. En það, sem mestu skiftir hér, mun þó verða á þá leið, að aldrei verði eggjárni beitt gegn lifandi líkama né eitri eða eldi, og að magnanar lífsins verði á engan hátt neytt sem töfра eða loddaraskapar, heldur aðeins til verndar og byggingar og viðleitni til vits og réttra samtaka.

R.: Verða þá að lokum allir örðugleikar úr sögunni?

P.: Það, sem máli skiftir, er að komast á hina öruggu framfaraleið. En á þeirri leið yrði sjálfs-afneitunin úr sögunni og allt það, sem manni er óeðlilegt og ógeðfellt. Og hvað, sem hver hefir þörf

fyrir, mun honum þá veitast, svo sem hvíld þeim, sem þreyttur er, og unaður. En þar með er ekki sagt, að öllum viðfangsefnum verði þá lokið. Í hinni fögru framtíð munu, eins og ég hefi víst sagt ykkur áður, jarðlífina mæta sömu hlutverk og nú mætir þeim, sem eru að leitast við að hefja jarðlifið til fullkomnumnar. Því meiri sem mátturinn verður og farsældin, því stærri viðfangsefni munu verða tekin fyrir. Það, að njóta sín og verða farsæll, er framar öllu falið í því að fá skilyrði til þess að leggja fram alla krafta sína. Sólin væri ekki sól, ef hún skini ekki af öllum mætti sínum, og eins og ég sagði áðan, á þroskun og þróun sér stað aðeins fyrir framlag eigin orku. Með því að reyna að hlífa sér, ávaxtar enginn krafta sína, og verður sérhlífnin því skaðlegri, sem lengra er komið fram. Það að leifa af sjálfum sér, gerir hvern sljóan og blindan, en guðnum vísasti vegur til þess að verða að djöflum. Öfugþróunin varð fyrir sérhlífni, og hættan framundan væri það mest að vilja neyta vizku sinnar sér til öryggis á þann hátt að geta ekki haldið áfram að verða æ vitrari. Hin guðlega vizka er ekki undirhyggja og jafnvel ekki fyrirhyggja, heldur viðleitni til æ meira vits. Hið guðlega er að sjást ekki fyrir. Það er framar öllu falið í því að hætta á og leggja sig fram, því að þannig aðeins verða álögin sigruð og fjötrarnir. Framtíð jarðarinnar er, eins og ég hefi áður sagt ykkur, komin undir sigri lífsins. En sigur lífsins er hér kominn undir því, að lifendunum takist æ betur að gróa af því að gefa. Flutningar orkunnar frá hinu æðra til hins

óæðra þurfa að verða æ greiðari og tafarlausari, og það verða þeir því fremur, sem síður er reynt að halda í og varðveita. Hið eina varanlega er það, sem vinnst við að gefa og leggja sig fram.

Á.: Parf langan aðdraganda til þess, að hið góða verði ríkjandi? Getur það ekki orðið í okkar tíð?

P.: Eins og ég hefi víst sagt ykkur, þá þarf öll þróun langan tíma, því að hún gerist hægfara. Til þess að líf verði til á einhverri jörð og til þess, að það fái ákveðna mótna ætta og einstaklinga, þarf langa sögu, því að án þess getur engin slík bygging orðið, né festa í byggingu. En um þetta, sem þú spurðir, gegnir nokkuð öðru máli, þó að einnig þar mundi nú þurfa nokkurn tíma. Það er ekki fyrst og fremst um nýbyggingu að ræða, heldur lagfæring þess eða leiðréttning, sem þegar hefir verið byggt eða lagður grunnur að. Það sem vantar til þess, að vel sé, er, að menn átti sig, og það geta þeir gert á tiltölulega skömmum tíma. Nú þegar er byggingu lífsins langt komið fram, þar sem maðurinn er, og því miklir möguleikar fyrir hendi. En sú bygging er að miklu leyti eins og ósamsettir hlutir eða rangt, og þá samsetningu, eða leiðréttning rangrar samsetningar, ætti að mega framkvæma á skömmum tíma. Eins og ég hefi sagt ykkur oft og fyrir löngu, þá vantar hér mest hina réttu samstillingu einstaklinganna, svo að lífið fari að geta orðið það viðtæki fyrir guðina, sem til er ætlast og svo mikil þörf er á. Og stöku sinnum hefir nokkuð tekist í þessa átt, og má þar til nefna sumt, sem sagan segir í sambandi við Krist og aðra slíka. Og til þess að gera

ykkur ljóst, hvað orðið gæti nú þegar og hvernig, þá ætla ég hér að lokum að lesa fyrir ykkur stutta frásögu, sem prentuð er í „Hugönum“ Guðmundar Finn-bogasonar, og ég hygg, að sönn muni vera. Segir G. F. hana þar sem dæmi um trúarreynslu, en sagan sýnir svo glögglega þessi lögmál, sem Helgi Pjeturss taldi svo nauðsynlegt að þekkja, og skýrist af þeim. Hún er svona höfð eftir kanadiskum geðveikralækni, alllöngu eftir að hún gerðist:

„Ég hafði verið um kvöld í stórri borg með tveimur vinum mínum og verið að ræða um skáldskap og heimsspeki. Við skildum um miðnætti. Ég ók langa leið í kerru heim til mín. Kyrrð og friður var í huga mér eftir hin djúpu áhrif hugsananna, hugmyndanna og geðshræringanna, sem vaknað höfðu við lesturinn og viðræðurnar. Ég var í rólegu unaðarmóki, var ekki eiginlega að hugsa, heldur lofaði hugsunum, myndum og hugarhræringum að streyma svo að kalla sjálfkrafa um huga mér. Allt í einu, fyrirvaralaust, var ég sveipaður skýi með logalit. Mér datt sem snöggvast eldur í hug, feikna bál einhversstaðar skammt frá í hinni miklu borg, þar næst vissi ég að eldurinn var í sjálfum mér. Rétt á eftir var ég gagntekinn af fögnuði, ómælanlegri gleði, og með henni eða rétt á eftir henni kom andleg uppljómun, sem ekki er unnt að lýsa. Meðal annars varð það ekki einungis trú míن, heldur sá ég, að alheimurinn er ekki samsettur af dauðu efni, heldur er þvert á móti lifandi vera. Ég fann í mér hið eilífa lífið. Það var ekki sannfæring um það, að ég mundi eignast eilíft líf, heldur meðvitund um það, að ég ætti þá

eilíft líf; ég sé, að allir menn eru ódauðlegir, að heimsskipulagið er þannig, að allir hlutir undantekningarálaust starfa saman til góðs fyrir hvern einstakan og alla, að grundvöllur heimsins, allra heima, er það sem vér köllum kærleika, og að sæla hvers og eins er, þegar til lengdar lætur, algjörlega vís. Sýnin stóð fáeinrar sekúndur og hvarf svo, en endurminningin um hana og sú tilfinning, að það, sem hún kenndi, væri veruleiki, hefir haldist þann aldarfjórðung, sem liðinn er síðan. Ég vissi, að það sem ég sé í sýn, var satt. Ég hafði fengið þá útsýn, að ég sé, að það verður að vera satt. Þessari skoðun, þessari sannfæring, þessari meðvitund, get ég sagt, hefi ég aldrei glatað, jafnvel ekki á þeim tínum æfinnar, er ég var sorgbitnastur“.

RÆTT UM DRAUMA
FJÖGUR BRÉF.

[Bréf það, sem fyrst fer hér á eftir, skrifaði mér góðkunningi minn, eftir að ég hafði sent honum bók mína „Samtöl um íslenska heimspeki“, og set ég það hér óbreytt að mestu].

I.

Það skal þegar sagt án skjalls og skrums, að mér þótti bók þín vel skrifuð og af miklu viti og mannkærleika. En það gætu andstæðingar skoðana þinna sagt, að sá sem býr til andmælin sjálfur, flytji þau ekki sterkari en svo, að hann geti auðveldlega hrakið þau.

Annars er það helst um draumana, sem ég get þarna lagt orð í belg. Þar hafa allir rannsóknarstofuna í sjálfum sér. Held ég það sé rétt hjá þér, að það sé mjög sjaldan, ef til vill aldrei, að menn dreymi þá hluti, sem þeir þekktu, eða staði, sem þeir hafa dvalið á, nákvæmlega eins og þeir muna eftir þeim í vöku. Kemur slikt oft fram í draumsögum manna. Og um sjálfan mig get ég sagt t. d. það, að mig hefir nokkrum sinnum dreymt, að ég væri kominn

að skólastað, þar sem ég dvaldi einu sinni, en *aldrei* hefi ég þá séð staðinn eins og ég man eftir honum í vöku, hvorki úti né inni.

En þó að reysnla míni sé þarna samkvæm þinni, þá þykir mér flest vera þarna á huldu. Mér finnst þú líka gera of lítið að því að taka til meðferðar hina almennu drauma fólksins. Af hverju dreymir menn silung og brennivín eða drukkna menn undan rigningu? Sumum er silungur raunar fyrir fönn, og af hverju er það? Og hví dreymir menn heystæður stórar fyrir snjókomu en aftur heyþrot fyrir bata? — Mig dreymdi t. d. fyrir upphöti í veturn heystæðu háa og breiða en þunna. Þótti mér stæðan vera hér í hlöðunni heima, en þó man ég vel, að ekki var hlaðan lík því, sem hún er. — Og hví dreymir mann nágranna sinn eða kunningja fyrir því, að hann kemur daginn eftir, þótt stundum bregðist það? En hvað um það, mann dreymir hann í öllum fótum standandi á fótum sínum þá stund, sem hann er óklæddur og sofandi. Hafi maður þá vitundarsamband við veru, sem hefir aðstöðu til að horfa á manni, hví sér maður hann þá ekki sofandi í rúmi sínu eins og hann raunverulega er? Eða er hitt, að maður hafi þarna með annars augum séð annan mann máske á órafjarlægri stjörnu? Og hví væri það þá fyrirboði þess, að maður daginn eftir hittir einmitt þennan granna sinn eða góðvin, sem maður þóttist sjá í draumnum?

Spurningarnar verða margar, en svörin á ég erfitt með að finna, og það þrátt fyrir kenninguna um vitsmunu eða sjónarsambönd við menn þessa heims

eða annars. Og til þess enn að bæta þar við spurningarnar, skal ég nú segja þér draum, sem er að því leyti einkennilegur, að hefði mig aldrei dreymt hann, hefði það aldrei fyrir augu mér borið, sem ég álít, að hann hafi verið fyrirboði um eða orsök að.

Hér á bæ vantaði 8 kindur, þegar hýst var í veturn og leitaði ég mjög að þeim, en fann ekki, og munu þær hafa farið í sjóinn, tekið út og ekki rekið inn aftur. En eina nótt, eftir að ég var orðinn úrkula vonar um að finna kindurnar, dreymdi mig, að ég sá álíka margar kindur og þetta — ekki gat ég samt talið þær — renna upp hraunið. Ekki man ég nú, hvort ég þekkti nákvæmlega staðhætti, en inn í vitud mína komst, að þær rynnu upp hrauntagl, sem er um 20 mínútna gang vestur frá bænum, og renna kindur þar iðulega af flóanum á hraunið á haustin. Vegna þessa draums fór ég daginn eftir á þessar slóðir, en þar sáust engar kindur. Aftur á móti sá ég kindur um 15 mínútna gang vestur. Og þó að ég byggist við, að þær væru frá næsta bæ, labbaði ég samt þangað úteftir, og var þar engin kind samanvið frá mér. En þegar kindurnar hrukku undan mér upp á hraunið, þá sá ég, að því mér virtist, nákvæmlega fjárrennslið, sem ég þóttist sjá í draumnum. En þetta voru bara um 20 kindur og um tveimur kílómetrum vestar en mér þótti draumurinn gerast. Að öðru leyti rættist draumurinn og var um leið orsök þess, sem fyrir augu mér bar þarna, því að hefði mig ekki dreymt hann, hefði ég ekkert farið.

Hvernig getur maður nú skilið þetta?

II.

Mér þótti góður sá dómur um bók mína að hún sé skrifuð af viti og góðvild, því að þá hlýtur þér að finnast ég hafa mjög rétt fyrir mér. Sannarlegt vit skilst mér að varla geti verið á annan hétt en þann að hafa rétt fyrir sér, og góðvild þekki ég naumast nema sem afleiðingu þess. Hitt er auðvitað, að sannleikurinn muni seint verða fundinn allur. En það er þó ekki nema í skilningsátt, að nýjar spurningar vakni, ef ekki fylgir of mikil efagirni eða trú á óskiljanleik þess, sem að er spurt. Óskiljanlegt væri ekki annað en það, sem ekki væri hægt að rekja til sambands við annað eða finna orsakir að. Og hvað er það, sem ekki hefir orsakir eða rekja má til sambands við annað?

Ég vil segja, að það sé að líta á draumana eins og þeir koma fyrir, eins og fólk dreymir þá, að tala um þá sem sýnir og atburði, og get ég ekki séð, að það þurfi, ef nógu vel er íhugað, að vera neitt vafatriði lengur, að þessar sýnir og atburðir hljóti að koma dreymandanum frá annars vitund, vitund einhvers, sem vakir og sér. Þykir mér dr. Helgi Pjeturss hafa fært fullgild rök að þessu í ritum sínum, og í „Samtölum“ mínum eru einnig nokkur rök í sömu átt. Hitt væri aftur enn nokkuð til að skilja, að þessir atburðir og sýnir, sem draumarnir eru, geti verið manni á þann hátt, sem þú talar um, fyrirboðar óorðinna atburða, og ræðir þar þó fremur um trú fólksins í sambandi við draumana en um draumana sjálfa. Skal nú þegar líta á möguleika til þess.

Þú hefir gert þér ljóst það, sem svo mikilsvert er að gera sér ljóst í sambandi við skilninginn á draumunum, að það sem fyrir þig ber í svefni, er jafnan ósamkvæmt minningum þínum um það, sem þú ætlar það vera, og hefi ég gert mér ljóst, að svo er einnig um menn eins og staði, sem mig dreymir. Má af þessu skilja, að draumsýnirnar séu ekki til orðnar fyrir endurminningar dreymandans úr vöku, heldur séu það draumsýnirnar, sem veki upp endurminningarnar, og hefi ég vikið að þessu á öðrum stöðum. Nú getur margt valdið því, að einhver draumsýn veki upp þessa eða aðra ákveðna endurminning í huga dreymandans, sem svo ræður því, fyrir hvað hann þýðir draumsýnina, og gæti hugboð frá spágjafa komið þar til greina. Hugsa ég þá mér þetta þannig, að ásamt áhrifum frá aðaldraumgjafa, sem venjulega mun ekki vita af sambandi sínu við draumþegann, geti manni borist hugboð frá einhverri æðri vitund, sem af sambandinu veit, hugboð, sem ekki kemst í gegn á annan hátt en þann, að hafa áhrif á það, hvernig eða fyrir hvað dreymandinn þýðir draumsýnirnar, og að í þessu geti svo falist nokkurt spádómssgildi. Mætti þá t. d. hugsa sér, að vegna þannig tilkomins hugboðs um komandi veður úr einhverri átt, þýði dreymandinn það, sem fyrir hann ber, fyrir menn eða staði í einmitt þessari átt. og þannig mætti jafnvel hugsa sér, að þegar menn væru farnir að trúá á drauma um áfengi og silung sem vætuboða, þá gætu þeir stundum vegna rigningar-hugboðs þytt eithvað, sem þá dreymdi, fyrir áfengi

eða silung, þó að draumurinn væri í rauninni um eitthvað annað.

Þetta var nú aðeins tilgáta eða hugsanlegur möguleiki til þess, sem þú talaðir um sem staðreynd í sambandi við draumana, og mætti víst hugsa sér fleira. Þannig mætti hugsa sér, að ákveðnar loftslagsbreytingar kynnu að einhverju leyti að hafa áhrif á svefnsambönd manna, því að þess hefi ég séð getið, að loftslag hafi áhrif á miðilssambönd. Væri þá á þann hátt skiljanlegt, að menn kunni að dreyma ákveðna drauma fyrir ákveðnum veðrum. En það, sem hér þarf fyrst, er að vita fyrir víst, að hve miklu leyti það er veruleiki og að hve miklu leyti það er aðeins trú fólksins, að draumar séu fyrirboðar á þann hátt, sem þú talaðir um. Eins og kunnugt er, þá reyna menn á ýmsan hátt að skyggast inn í framtíðina og taka í því sambandi mark á mörgu. Má þar til nefna stjörnuspár, spilaspár, lestur í lófa, í kaffikorg, veðurfar ákveðinna daga og margt annað, sem bæði er samkvæmt almannatrú og einstaklinga, og munu nú fáir vilja telja slíkt óskeikult. Mun svo einnig vera um draumana, að þeir séu ekki óskeikulir sem fyrirboðar. Að minnsta kosti veit ég til þess, að menn dreymir stundum áfengi án þess að það sé fyrirboði rigningar, og að það rignir stundum þó að menn hafi ekki svo þeir viti dreymt áfengi eða aðra vætuboða, sem taldir eru vera. En eigi það sér stað, að menn dreymi stundum fyrir óorðnum atburðum eða óri fyrir þeim á annan hátt, þá hlýtur það að stafa frá einhverjum öðrum en sjálfum manni, svo framarlega sem hann gat ekki af eigin rammleik

vitað um það, sem fram mundi koma. Viti maður eitthvað ekki sjálfur, þá vitnast honum það ekki án þess, að einhver annar viti það, rétt eins og birta skín honum ekki án einhvers birtugjafa. Það er vanhyggja að tala um ópersónuleg vitsmunaofl eða óvitandi vitstarfsemi í sjálfum sér eða fyrir utan sig, dulvitund eða undirvitund, án þess að þau vitöfl eigi rót sína að rekja til einhvers vitgjafa, einhvers, sem veit það, sem vitnast. Það er ámóta vitlaust og trúin á óskiljanleikann, sem ég vék að hér í byrjun, og mörgum er svo gjarnt til í sambandi við þessi efni, og skal ég nú fara að víkja að draumi þínum, sem þú sagðir mér á svo sannsögulegan hátt. En fyrst langar mig þó til að segja þér two drauma, sem mér þykja bera svo ljóslega með sér, að þeir hafi að undirrót ekki verið komnir upp í mínum eigin huga.

Það var einhverntíma, þegar ég var barn, líklega innan við 10 ára, að ég þóttist liggja á bakið og horfa upp í loftið. En yfir mér sá ég fugl óvanalega stóran, og var hann hvítur á lit og glampaði af honum líkt og fægðum málmi. Man ég, að hann bærði ekki vængina á fluginu og þótti mér hann svífa yfir með undarlegum þyti. Og einhvernveginn var höfuðið öðruvísi en á venjulegum fugli, eða líkast því að það væri rennt. Nú liðu víst 20 til 30 ár, og var draumur þessi, sem verið hafði skýr, orðinn mér fyrntur. En þá var það eitt sinn, að mér vaknaði allt í einu mjög ljós endurminning um hann. Og það, sem vakti mér þá endurminningu, var flugvél, sem ég sá yfir mér í ekki mikilli hæð, og var hún silfurglampandi að sjá. — Veturinn 1923 til 24 las ég í

fyrsta sinn þriðja hefti Nýals, og varð mér eftir bann lestur oftar hugsað til stjarnanna en áður. Og einhverja nótt dreymdi mig þá, að ég sæi heiman frá mér í austri þéttsett stjörnumor neðarlega á himni eins og í láréttu belti. Þótti mér vera nótt og ég hugsa á þá leið, að þarna sæi ég stjörnuþykknii vetrarbrautarinnar. En á bak við þetta stjörnubelti, sem mér þótti vera, og ofar, sá ég móta fyrir fjallsbrún, og sumar stjörnurnar sýndust mér reyndar eins og lýstir gluggar í ekki mikilli fjarlægð.

Ég býst nú við, að hefði ég ekki haft stjörnurnar svo mjög í huga í völkunni en hinsvegar átt heima í námunda við borg, að þá hefði ég ekki þýtt þetta ljósamor fyrir stjörnur, heldur lýsta borg, eins og verið hefði nær sanni. Kemur mér í hug, að líkt hefði þér getað farið í sambandi við draum þinn um kindurnar. Hefðir þú áður ekki haft þær neitt í huga, og þó einkum, ef sauðkindur hefðu verið þér ókunn dýr, þá hefðir þú að öllum líkindum þýtt það, sem þú sást, fyrir einhverjar aðrar skepnur þér kunnar, eða þá að draumurinn hefði ekki loðað í vitund þinni. En vegna þess undanfara, sem var, varð draumsýnin þér einmitt að kindum, og minnisstæð. Og það, að þú skildir drauminn sem tilvísan á kindurnar, sem vantaði, kom þér til þess að leita daginn eftir á þessum slóðum, þar sem þér þótti hann fara fram, og gerðist þar ekki annað en það, sem búast mátti við. Þú sást kindur, en á öðrum stað, og, eftir því sem mér skilst, fleiri en þér þótti í svefninum, og var það sem í völkunni gerðist því ekki hrein endurtekning þess. En það vakti þér endurminning um

draumsýnina, líkt og þegar flugvélin vakti mér endurminninguna um hinn draumséða fugl, og á þann hátt var það aðeins, að draumur þinn kom fram eða rættist.

Ég veit ekki, hvort ég græði á að hafa þetta mál lengra. Það sem ég vildi græða á því, sem komið er hér á pappírinn, er að þér finnst þú eitthvað græða á því. Það, sem ég græddi á þínu bréfi, var einkum, að eftir lestur þess íhugaði ég sumt betur en áður í sambandi við draumana, og hefi þar enn heldur styrkst í sannfæringu minni um sambandseðli svefnins. Er það hinn besti gróði að gera sér það sem best ljóst, og skiftir miklu meira máli en flestir munu ætla, hvort sannleikurinn sigrar þar eða ekki. Það skiftir t. d. miklu meira máli en það, sem barist er nú um úti í löndum, því að hvoru megin sem sigurinn yrði þar, þá mundi það án sigurs þessa sannleiks leiða til áframhaldandi ófarnaðar og ófagnaðar. „Þeir sem með vopnum vega, munu og fyrir vopnum falla“, og þeir sem sameinast fyrir fjandskap til andstæðings, munu sundrast í fjandskap, þegar andstæðingurinn er fallinn. Valdið leysir ekki. En hitt, að leitað sé í þekkingarátt, fer til að leysa, og hefir þú nú, eins og ég sagði, heldur leitt mig í þá átt. Því að það er mér nú ljósara en áður en ég í þetta sinn íhugaði fyrirboðadraumana, að slíkir draumar eru, svo framarlega að þeir eiga sér stað, sterk sönnun fyrir sambandi við aðrar vitundir. Og svo var nú þetta, sem frásaga þín leiddi í ljós, að vökuatvik skyldi vekja þér upp minningu um draum-

atvik. Það er einmitt góð sönnun þess, að atburðir og sýnir draumanna séu veruleiki en ekki tómur hugarburður, þó að það sé ekki dreymandinn, sem lifir þann veruleika sjálfur. Þykir mér líka, að frá þessum draumi þínnum komi nokkur skíma á þá aðra drauma, sem sagt er að hafi komið fram „nákvæmlega“. Það, að manni fannst draumur rætast, gat oft eða oftast hafa verið þetta, að vökuatvik minnti á draumatvik, rétt eins og þegar eitt vökuatvik minnir stundum á annað vökuatvik, og gat manni þá auðveldlega fundist draumatvikið koma þar fram eða rætast. En nú ætla ég að lokum að segja þér draum, sem mig dreymdi alveg nýlega, og þykir mér hann benda til sambands út fyrir jörðina.

Mig dreymdi að ég sá sól í vestri, og var hún miklu neðar en sól er nú í þeirri átt.¹⁾ En ekki langt frá því, sem ég sá sólina, en þó nokkru sunnar og lægra á lofti, sá ég annan himinhnött nokkru minni og daufari að ljósmagni. Þótti mér í svefninum hann vera tunglið, en hann var þó í svo mikilli sólnánd allt of bjartur til þess að geta verið tungl eða með öllu ósjálflýsandi (dimmur) hnöttur, þó að hann reyndar sýndist nokkru bjartari þeim megin sem að sól vissi. Þótti mér hann nema nærrí við fjallsbrún í suðvestri, en sól þótti mér, eins og fyrr var sagt, vera í vestri, eða því sem næst, og ekki langt fyrir ofan sjóndeildarhring.

¹⁾ Skrifað í júní 1941.

III.

Ég skal játa, að drauminn um kindurnar má líta á eins og þú gerir, þó að mér sýndist annað í fyrstu. Eins þykir mér það mjög hugsanleg skýring, sem þú talar um í sambandi við fyrirboðadraumana, enda vantar það síst, að margt sé hugsanlegt í þessum efnum. En mér sýnist, að þessi rangþýðing draumskynjananna, sem þú talar um, geti jafnvel leitt til þeirra ályktana, að sjálfir draumarnir séu stundum ekkert annað en rangþýðingar dreymandans á sínum eigin hugsunum og ímyndunum, að sjálfar draumsýnirnar séu stundum ekki annað en ímyndanir, eða rangþýðingar eigin hugsana. Enda sýnast mér sumir draumar vera þannig, að þá sé ekki, nema þá að litlu leyti, hægt að rekja til vitunda og lífs annarra manna. — Hvað segir þú t. d. um þetta?

Mig dreymdi, að ég fengi peningabréf með 70 eða 75 kr., og þóttist ég í svefninum leggja þessa upphæð við peningaupphæð, sem ég vissi mig eiga. Hafði ég af sérstökum ástæðum athugað það daginn fyrir, hvað ég átti af peningum, og kom draumútkoman nokkurnveginn heim við það. Hvort var það draumgjafi minn, sem lagði peningaupphæð við fjárupphæð, sem ég vissi mig eiga? Eða var þetta allt rangþýðing, og hvað var þá sjálfur draumurinn?

Það er annars fjarri mér, að ég leggi nokkurt kapp á að andmæla skoðunum þínum, þó að ég leyfi mér þar að spyrja og efast. Má vel vera, að lausn þessa máls sé mikils verðust alls, og sýnist mér þó hitt

ekki vera neitt aukaatriði, þar sem ræðir um baráttu fyrir frelsi þjóða og einstaklinga. Sé ég ekki að hægt sé að beita öðrum aðferðum en þeim, sem beitt er, þegar út í eldinn er komið, og er þó fjarri mér að lofa þær í sjálfu sér. En svo ég víki aftur að því, sem var aðalumræðuefnið, þá ætla ég hér að geta tveggja atriða úr erindi Guðmundar Friðjónssonar, skálds, sem flutt var í útværpið fyrir skömmu:

Tveir Þingeyingar fóru um haust inn á afrétt til fjárleitar, og tjölduðu þeir seint um kvöld langt frá mannabyggðum. En er þeir voru að tjalda, létu hundar þeirra eins og væru þeir ærðir og geltu æ í sömu átt. Gátu mennirnir með naumindum þaggað niður í þeim, með því að halda þeim hjá sér í tjaldinu og gefa þeim mat. En er morgnaði og farið var aftur á kreik, hófust sömu lætin. En þá fundu leitarmenn irnir beinagrind af manni nokkurn spöl frá tjaldstaðnum og í þeirri átt, sem hundarnir bentu til með gelti sínu og látum. — Hin frásögnin var á þann veg, að í herbergi einu í Kaupmannahöfn, þar sem framinn hafði verið kvíkskurður á hundum, urðu hundar æfinlega ærðir, ef þeir komu þar inn. Var þá eins og þeir endurlifðu eða skynjuðu þjáningarár þeirra, sem löngu áður höfðu látið þar líf sitt.

Hvernig stóð nú á þessu? — Maðurinn, sem úti varð, var fyrir löngu dauður, og þein hans orðin eins og hverjir aðrir dauðir hlutir, og þó höfðu þau fí myrkri og nokkurri fjarlægð þessi geysimiklu áhrif á hundana. Og í herberginu var eins og þjáning hinna löngu dauðu dýra væri varanleg.

IV.

Ég ætla hér ekki að fara út í það, hvaða þýðingu skilningurinn á lífsambandinu mundi hafa, ef hann yrði nógu almennur. Um það hefir dr. Helgi Pjeturss rætt í ritum sínum, og þori ég að fullyrða, að þar hafi hann ekki ofsagt. En annars ætti það að vera auðsætt, að réttur skilningur hlýtur æfinlega að leiða af sér góðvild og frelsi í stað þess, að það sem barist er fyrir með vopnum, hlýtur að stefna til hins gagnstæða. Styrjöld hlýtur æfinlega að vinna gegn mannúð og frelsi í hvaða nafni sem hún er háð, og er ekki verið að dæma neinn, þótt það sé sagt. (Styrjöldin sjálf er brot gegn mannúð og frelsi í hvaða nafni sem hún er háð, og er ekki verið að dæma neinn, þótt það sé sagt.) Styrjöldin sjálf er brot gegn mannúð og frelsi og afleiðing rangs eða ónógs skilnings á tilverunni. Þessi styrjöld, sem margir segja að hafi verið óhjákvæmileg, er ekkert nema heimska og afleiðing heimsku, og skal nú enn víkja að skilningi mínum á draumunum.

Á hálsi hér fyrir ofan bæinn, og víðar, eru sumsstaðar berar klappir, og má vel sjá á sumum þeirra, ef því er veitt athygli, grópur eða rispur, sem liggja nokkurn veginn á sama veg allar. En þó að ekki sjáist þetta nema á stöku stað vegna þess, að víðast hylur mulið grjót eða gróður, þá þykist ég nú af því mega sjá, að rétt muni vera, sem talið er, að land hafi hér einhverntíma verið hulið jökli. Verða þessar rákir í klappirnar ekki skýrðar á annan hátt en þann, að þær séu minjar eftir skriðjökul, sem

mjakast hafi undan þunga sínum í átt til strandar, og verður þá auðvitað að ætla, að sá jökull hafi víðar legið yfir eða komið við, en á þessum fáu beru klöppum. — Líkt þessu er nú farið með draumana. Margir þeirra sýna ekki beint orsök sína, og eru því líkt og gróðurlandið, sem í fljótum bragði virðist neita ísaldarkenningunni, og má þar til nefna drauminn, sem þú sagðir frá. En svo eru aftur aðrir draumar, sem svara til hinna rispuðu og beru klappa, og hefi ég sagt frá sumum þeirra. Þykist ég af þeim draumum, með fullt svo miklum rétti og hinar rispuðu klappir gefa mér til að trúa ísaldarkenningunni, mega álykta það, að meginorsök allra drauma sé inngeislan frá vakendum til sofenda, að draumlíf eins sé æfinlega að undirrót vökulíf annars. Skal nú reynt að gera sér það ljóst um hina ólíklegustu drauma eins og t. d. draum þinn um peningana.

Eins og ríkjandi veðrátta lagar á hverjum stað eftir sér aðstreymi sólarmagns, eins og forsaga ættarinnar eða kynminnið ræður eðli eða móti einstaklinga þeirra, sem til verða, þannig setja minningar einstaklingsins móti sitt á drauma hans. Getur af þessu orðið erfitt að greina rétt drauma sína frá minningum sínum eða sinni eigin hugsun, og var svo um draum þinn í sambandi við peningana. Vitundaráhrif draumgjafa þíns félru þar í farveg þess, sem þú hafðir hugsað daginn fyrir. Þig dreymir, að þér séu sendir penningar, og má að vísu greina, að þar er um atburð að ræða, sem kemur fram við draumgjafa þinn, en ekki hugsun þín. En þegar draumgjafinn reiknar eða leggur eina tölu við aðra,

þá verður sú tala, sem hann hefir í huga eða leggur við, þér að þinni tölu, og útkoman verður þér eitt-hvað hérumbil það, sem orðið hefði, ef þú hefðir lagt 70 eða 75 við þína upphæð. Er í rauninni ekkert því til fyrirstöðu, að grunntala draumgjafa þíns hafi verið eitthvað álíka og þín, en hinsvegar virðist mér, að draumur þinn þessi hafi verið óljós og lík-astur undiröldu, sem ekki kemst upp úr eða í gegn, nema að litlu leyti. Hann er að sínu leyti eins og þegar maður talar upp úr svefn með eigin rómi og um það, sem hann hugsar í vöku, í staðinn fyrir að miðill í miklu fullkomnara sambandi talar með annarlegum rómi og um annað en það, sem eru hans daglegu áhugamál.

Ég veit, að það þykir ótrúleg kenning, að menn skifti um vitund, þegar þeir sofna, og virðast mér hinir lærðu menn gæta þess sérstaklega vel að ganga þar þegjandi framhjá. Enda er þessi kenning alveg ný frá rótum, og hafa ný aðalsannindi jafnan átt erfitt uppdráttar. En þó sýnist mér, að vel megi gera sér þetta ljóst, og skal nú enn segja frá mála-vöxtum eins og þeir koma mér fyrir. Syfjaður er maður orðinn mjög ófær til þess að hugsa, og mundir þú þá af sjálfdáðum, nema þú rækir svefninn frá, varla geta lagt saman neinar tölur, og þó enn síður sofandi eða sofnaður til fulls. Sofandi hefir maður gleymt sér til fulls. Og athugi maður drauminn, sem þá kemur til sögunnar, þá kemur hann í öllum aðal-atriðum fyrir sem vökulíf, nema hvað hann er venju-lega miklu sundurlausari og ógleggri. Draumur er ekki fyrst og fremst hugsun, heldur líf: skynjanir,

störf og atburðir. Og þegar þess er gætt, sem ég hefi margvikið að, að þetta líf draumanna er venjulega allt annað en það, sem maður á endurminningar um úr vöku, þá verður það alveg óskiljanlegt með því að líta svo á, að draumurinn eigi upptök sín í huga dreymandans. En með því að líta á svefninn sem sambandsástand og draumlífið sem vökulíf annars manns, þá verður þetta allt ljóst og skiljanlegt. Þá verður ljóst, hversvegna ég get í draumi átt endurminningar um hluti og atburði, sem ég á engar minningar um í vöku. Þá verður ljóst, hversvegna útlit mitt, þegar ég hefi þóttst vita um það í svefninum, er aldrei útlit mitt það, sem ég í vöku veit mig hafa. Og þegar komið er á þessa braut, þegar ljóst er orðið „hið mikla samband“ lífsins í alheimi og varanleiki hvers þáttar þess eða einstaklings, þá geta hugsast ýmsar eðlilegar leiðir til þess að skilja fyrirburði eins og þá, sem þú sagðir frá úr erindi Guðmundar Friðjónssonar. Þó að dauðastríð mannsins væri löngu endað og þó að kvíkskurður væri ekki lengur framinn í hinu umrædda herbergi, þá voru minningarnar til um þetta í vitundum þeirra, sem bolað höfðu, og ef til vill í enn öðrum vitundum, og sambandið við þá mögulegt. Má ætla, að sambands-skyn sé meira í framlífi en frumlífi, því að þar hlýtur samstillingin að vera meiri — framlíf gæti ekki átt sér stað án þess að samstilling þess væri meiri — og kynni þá hinn framliðni að skynja jafnvel í hvert sinn, þegar einhver annar sér það, sem honum er minnisbundið, skynja það þá og greina vegna þess, hve vitund hans væri opin fyrir einmitt þeirri skynj-

an. Væri slíks að vænta, að í hvert sinn, sem slík samskynjan ætti sér stað, efldi hún mjög hug hans til hins minnisbundna staðar og það jafnvel svo, að áhrifa hans yrði þar vart, og þykir mér sem skilja megi út frá þessu ýmsar sögur um staðbundna reimleika. Hygg ég, að slík áhrif hafi það verið, fremur en bein hins látna manns, sem orðið hafi til þess að æra hunda leitarmannanna, og hafa þau áhrif þá sennilega komið fram sem einhver svipsýn, sem mennirnir, án þess þeir vissu, hafi lagt einhver efni eða skilyrði til, og ef til vill hundarnir líka. En í þeim dauða og þjáningarástað, sem kvíkskurðar herbergið var, gat það hafa aukið á áhrif óhugnaninnar, að hinir viðstöddu menn vissu, hvað þar hafði fram farið, og gat þá einnig hafa gætt stillisáhrifa þeirra og þá ef til vill sambands við eitthvað það, sem fram var að fara í öðru kvíkskurðarherbergi.

ANDMÆLT TRÚNNI Á ENDURBURÐ FIMM BRÉF.

Villan er ekki lengur hættuleg en meðan menn vita ekki af henni. En menn vita nú yfirleitt ekki, að það sé neitt hættulegt að gera sér rangar hugmyndir um tilveruna.

I.

Vegna draums, sem mig dreymdi í nótt, og margir mundu ráða fyrir bráðri feigð, lagði ég þessa spurningu fyrir mig: Hvað mundir þú gera, ef þú vissir þig eiga eftir ólifað aðeins mánuð, viku eða jafnvel ekki nema dag? — Hvað ég mundi gera, segi ég. Ég mundi vissulega lítið geta gert. En ég mundi ef til vill gera mér grein fyrir, hvað ég hefði mest vangert. Og mér þykir líklegast, að mér mundi finnast ég hafa vangert það mest að styðja þau sannindi, sem ég hefi best þegið. — Mikilsvert er að hafa gert það, sem manni bar í sinni stöðu, verið góður bóndi, ræktað jörðina og annað slíkt. En það sem mestu skiftir og mest vanhagar um, er hinn rétti skilningur á heiminum og sjálfum manni, og í því efni finnst mér stundum, að ég hafi nokkurt guðserindi að flytja.

En nú kynnir þú að spyrja: Gætir þú ekki í fáum

orðum sagt það, sem þér þykir í þessu efni mestu skipta, og þannig á skömmum tíma létt af þér byrði þinni? Aðalútkomuna get ég að vísu í fáum orðum sagt. Ég get sagt það í einni setningu, sem ég hefi meiri hluta æfinað verið að gera mér æ betur ljóst, að kenningar dr. Helga Pjeturss séu í aðalatriðum réttar og að ekkert skipti eins miklu máli og það, að þær verði þegnar. En þó að ég segi þetta, þá verður það ekki til stuðnings. Stuðningur væri aftur á móti í því og viðbót, ef mér tækist að gera betur grein fyrir því en ég hefi gert, hvernig mér hefir skilist þetta útfrá sjálfum mér og reynslu minni, en það tækist mér varla í fáum orðum eða á stuttum tíma. — Það er eitthvað í hverjum einum, sem er ómissandi til viðbótar öllu öðru, eitthvað, sem hvergi er til annarsstaðar, og vil ég því ætla, að hverjum einum mætti vera fært að leysa af hendi nokkuð það, sem enginn annar getur alveg til jafns. Þannig ætti hver að geta haft nokkurt guðserindi að flytja. Og guðserindi mitt væri nú einmitt þetta, að bera fram til viðbótar sannleikanum það, sem mér hefir skilist út frá sjálfum mér og reynslu minni, því að það gæti enginn gert annar en ég. Enginn annar getur alveg frá mínu sjónarmiði horft. En þó að hæpið sé, að ég á skömmum tíma gæti til fulls bætt upp vanrækslu í þessum efnum, þá má þó stundum með fáum orðum segja einhverja þá hugsun, sem að gagni mætti verða. Og ein slík hugsun held ég að þessi sé:

Sérvhað einstakt, sérvhað takmarkað í tíma og rúmi, hlýtur að eiga frumorsök sína fyrir utan sig.

Ekkert takmarkað er sjálfu sér nóg til þess að vera og hafa orðið til, og því getur ekkert verið til án þess að vera hluti ótakmarkaðs heims.

II.

Þó að traust mitt á kenningum dr. Helga Pjeturss komi þér þróngsýnislega fyrir sjónir eða sem einkenni þess manns, sem hættur er að leita, þá er þar ekki svo sem þér sýnist. Játningar eru að vísu stundum viðleitni til að berja niður efa í eigin huga. En hér ræðir aðeins um það, sem ég hefi gert mér alveg ljóst, og að treysta því, sem þannig er fengið, er allt annað en þróngsýni. Það er misskilningur, að frjáls hugsun byggist eingöngu á því að efast. Frjáls hugsun er aðeins þar, sem verið er á leið til æ meiri þekkingar og skilnings. Frjáls hugur er sama og fleygur hugur. En fleygur verður enginn hugur af því að hafa efann einn til að styðjast við, því að slíkur hugur væri einmitt eins og fugl í lofttómu rúmi. Það, að gera sér eitthvað ljóst, öðlast sannfæringu um eitthvað, er því einmitt undirstaða hinnar frjálsu hugsunar. Og þetta hefir líka orðið mér slík undirstaða að vita, að lífssamband hlýtur að eiga sér stað á milli stjarnanna. Það er mér undirstaða nálega alls að skilja, að líf þessarar jarðar getur ekki verið einstakt eða án sambands við líf annarra jarða, og var þetta í niðurlagi bréfsins um daginn sagt til stuðnings því. Ég segi, að sérhvað eitt hljóti að eiga rót sína að rekja til einhvers annars, og að tilveran í heild hljóti því að vera án upp-

hafs, vera takmarkalaus bæði í tíma og rúmi. En þar með segi ég ekki, eins og þér þó skildist, að sérhver einn hafi alltaf verið til. Ég segi aðeins, að orsakakeðjan sé ótakmörkuð eða án upphafs. Þú átt t. d. þínar orsakir að rekja til foreldra, ættar og óteljandi atburða hér á jörðu, og einnig til þess, sem er fyrir utan jörðina, allt frá eilífð. En með því segi ég ekki, að þú sért þessar orsakir, eða að þú hafir nokkru sinni verið til áður en nú. Ég get ekki séð, að ég með umræddri setningu færði neinar stoðir undir endurburðarkenningu guðspekinga. En eins og ég sagði, færi ég þar rök fyrir því, að líf þessarar jarðar geti ekki verið einstakt eða án sambands við líf annarra jarða.

Líti maður á veruleikann eins og hann kemur fyrir, þá ætti það að vera ljóst, að barn, sem fæddist í gær, er ekki sami maður og einhver átræður öldungur, sem dó fyrir ári síðan, eða hvaða tíma, sem til væri tekinn. Útlit þess er allt annað, og hefði það mál, þá mundi enginn geta þekkt hjá því aftur orðfæri og hugsanir gamla mannsins. Og þótt benda megi á dæmi slíks, sem þú sagðir mér frá í bréfi þínu, dæmi þess, að endurminningar liðinna manna hafi stundum komið fram í vitendum lifandi manna, þá vill nú svo til, að slíkt má skýra á allt annan hátt en þann, að um endurburð þessara liðnu manna hafi verið þar að ræða. Er í Ennýal á bls. 228—33 sagt frá dæmi um framkomu slíkra endurminninga, en sem ekki var hægt að skýra öðruvísi en sem sambandsástand, og eru þar því um leið opnaðir mögu-

leikar til að skýra þannig allar slíkar endurminningar.

Það kom stundum að mér áður fyrr að þykja undarlegt að hugsa til þess, að maður skuli ekki æfinlega hafa verið til, og vakti um skeið fyrir mér sú spurning, hvort það, sem upphaf hefir, geti verið óprotlegt. „Allt, sem hefir upphaf, þrýtur“, segir í kvæði eftir Kristján Jónsson, og var það um skeið, að þessi setning hans boðaði mér þrot svo framarlega sem ég hefði ekki alltaf verið til. Og sumum hefir orðið fyrir að líta á tilveru sína í líkingu við hringrás vatnsins og ályktað þar af síendurtekinn endurburð. En í rauninni er þó heldur hitt, að sála mannsins svari ekki til vatnsins, heldur til þess kraftar sem hingað geislaði frá annarri stjörnu, sólinni, kraftar sem lét vatnið stíga, og hverfur svo héðan burt aftur, þegar vatnið fellur til upphafs síns. Vissulega svarar sála mannsins ekki til hins staðbundna efnis, heldur til þess kraftar, sem flyst frá einni stjörnu til annarrar, og er út frá því sjónarmiði séð ekki um neinn lokaðan hring að ræða, heldur eilífa hækjun og þáttafjölgun. Má þaðan sjá, að sérhvað, sem orðið er, leiðir til annars nýs án þess þó sjálft að þurfa að hverfa úr sögunni, og hefst þar tilvera hvers einstaklings, sem línum aðdragandans mættust. Verður æfin síðan eins og þegar lína er dregin út frá punkti, og getur sú lífslína aldrei framar orðið að punkti á annan hátt en þann að verða ásamt annarri aðdragandi annars nýs. Upphaf hvers getur ekki orðið nema einu sinni, en það

sem orðið er, getur hinsvegar oftlega leitt til annars nýs, og skilst mér nú, að hvað eina hljóti með einhverjum hætti að verða varanlegt í vitund alveru. Lífið er nokkurskonar minningasöfnun eða saga af atburðum tilverunnar, og sýnist mér því hver vera sem minning, sem ekki megi niður falla, heldur hljóti æ að vara og bæta við sig. Það er undirstaða lífsbyggingarinnar, að minningarnar vari. Það er undirstaða þróunarinnar og það er undirstaða vitundar einstaklingsins. Vitundarstarfsemin byggist á því eða verður í rauninni á þann hátt, að strengir endurminninganna ómi undan snertingu atburðanna. Á þann hátt aðeins snerta atburðirnir mann raunverulega, að þeir ýti við því, sem var. Munu elskendur, fólk, sem nýtur samstillingar ástarinnar, kunna einna best frá þessu að segja, og kemur mér í hug, að til þróunar vinnist aðeins það sem þá verður. Elskandanum kemur lífið fyrir eins og hljómur og ljómi, eða sem nokkur vísir þess, sem er í sannleika líf. Sérhvert atvik verður honum tilefni nokkurs og snertandi það, sem var, í stað þess, að venjulega er maður eins og hálftómur árfarvegur, þar sem gróp endurminninganna eru að vísu til, en þar sem straumurinn nær ekki. Þótti mér eftirtektarvert það, sem sagt er frá í einni framlíflýsingu, að þar sem lífsfyllingin hlýtur að vera miklu meiri en hér, hafi menn allar minningar sínar í huga sínum í senn, allar tiltækilegar, og er þetta í góðu samræmi við það, sem sagt er í bókinni „Fyrir opnum dyrrum“, eftir J. Anker Larsen. Segir þar, að hugtendran, sem höfundur varð stundum fyrir, hafi æfinlega

byrjað með því, að hann minntist einhvers atviks, helst bernskuatviks, á mjög unaðslegan hátt. Tel ég víst, að þessi uppljóman minninganna hafi honum stafað af einhverju óvanalegu aðstreymi lífmagns, og kemur því til stuðnings sú lýsing hans, að þetta hafi verið líkt því, þegar svefninn er að koma, en þó var það án þess, að sjálfsvitundin hyrfi. Í stað þess að gleyma sér, varð þarna tendran minninganna á líkan hátt og ætla má, að Jesús hafi gert ráð fyrir að verða mundi hjá lærisveinunum við tilkomu heilags anda. Minnir mig að haft sé einhversstaðar eftir honum á þá leið, að það af kenningu hans, sem í fyrstu fór hjá þeim eins og fyrir ofan garð eða í þoku, verði þeim þá ljóst og minnisstætt.

Þetta virðist nú víst vera farið að verða vik frá umræðuefni eða því, hvort maður hafi lifað hér áður eða ekki. En hér var nú samt vikið að undirstöðu til skilnings á því, að slík fortilvera geti ekki hafa átt sér stað. Með því að skilja þróunina á þann hátt, sem hér er gert, verður þetta alveg ljóst. Trúin á endurburð og sú náttúrufræðilega þekking, sem menn hafa þegar öðlast, geta ekki farið saman, en það sem þó hefir vakið upp þessa trú, verður hins-vegar alveg ljóst, þegar lífsambandið er fundið. — Það er að vísu mikið atriði hjá guðspekingum að sýna fram á réttlæti tilverunnar með því, að sérhvað, sem nú er lifað við, sé afleiðing þess eða endurgjald, sem lifað var í fyrri tilveru. En sé ihugað, verður það allt svo auðsæilega að tómum heilaspuna. Orsakir þess, sem við erum og lifum við, liggja til okkar að utan. Sérhvað eitt hefir, eins og ég sagði

áðan, frumorsök sína fyrir utan sig. Og um réttlætið vil ég nú einmitt ætla, að ekki skifti öllu máli, heldur um hitt, eins og ég segi á einum stað í „Samtölum“ mínum, að eitthvað vinnist fram. Sigur lífsins er aðalatriðið, og honum nægir ekki eintómt réttlætið. — Það er sjálfsagt, að hver hljóti í einhverri framtíð að bera afleiðingar þess, sem hann hefir hugsað og framkvæmt, og er skiljanlegt, hvernig slíkt muni verða vegna þess lögmáls, að hver einn komi þar fram eftir dauðann, sem fyrir eru þeir, sem honum eru líkastir. Mun líka slíkt vera nauðsynlegt til lærðoms og vitkunar. En hin guðlega krafa er meira en réttlæti. Hún er æ meiri þroski og hækkuun, æ meiri fórnir og gjafir öðrum til þroska og hækunar, og vænti ég þess, að hinar góðu verur finni meira til sorgar en gleði við það, þegar hin „réttláta“ hefnd nær fram að ganga. Guð er kærleikur, og kærleikurinn þráir það eitt að bjarga og miskunna.

III.

Pú sagðist vona að ég virti þig svarts, og þarftu ekki að efast um, að ég geri það. En hitt getur verið nokkur vandi fyrir mig að svara þér þannig, að fremur verði til góðs en ills, fremur til sátta en sundrungar, því að enn er ég ekki þeirrar skoðunar með þér, að maður hafi lifað hér áður. Er ekkert, sem knýr mig til að álykta slíkt, engin þörf eða neitt, sem það greiddi úr eða skýrði fyrir mér, og sýnist mér, að þær ástæður, sem fyrir því hafa verið færðar, verði miklu eðlilegar skýrðar á annan hátt. Gerði

ég í bréfi mínu til þín í fyrra grein fyrir því, sem þú virðist reyndar ekki hafa tekið eftir, að þessar endurminningar, sem menn þykjast stundum hafa orðið varir við frá fyrri tilveru, megi og, samkvæmt sumum athugunum, hljóti að skoðast afleiðingar sambands við framliðna menn. Og um ofurmennsku Jesú frá Nasaret og annarra slíkra er það að segja, að hún skýrist alveg með því að litið sé á hana sem magnan þaðan, sem eru öflugri og samstilltari líf-stöðvar. Þann rúma farveg guðmagnsins, sem Jesús var, og þið guðspekingar viljið segja áunninn í for-tilveru, þykir mér eðlilegast að skoða sem áunninn kynarf auk þess sem ætla má, að hann hafi verið árangur af hans æfiviðleitni og skilyrðum umhverfis hans. En það, sem sker hér úr og gefur mér örugga ástæðu til að neita fortilveru Jesú og allra annarra hér á jörðu, er sú einfalda og auðsæja staðreynd, sem ég gat um í fyrra bréfi mínu, að barn, sem hver einasti maður byrjar hér á að vera, er raunverulega ekki sami maður og nokkur, sem lifað hafði hér áður. Ég væri í framlífi ekki sami maður, nema ég héldi áfram að vera það, sem ég er orðinn, og vil ég taka það fram, að einstaklingurinn ég, persóna mín eða sjálf, er, eftir mínum skilningi, einungis það, sem þú getur kynnst, ákveðið mannsform og ákveðið hugsana- eða minningamót. Án þess ég héldi áfram að vera það, mundir þú ekki geta þekkt mig fyrir þann sama Þorstein Jónsson og þú hafðir kynnst áður, enda væri ég þá ekki til. Í öllum veruleik skilst mér, að afl og efni, andi og form, séu eitt og sama og óaðskiljanleg rétt eins og skrifað orð er óaðskilj-

anlegt bókstöfunum, sem það er táknað með, rétt eins og vatn og straumur eru eitt og sama og óað-skiljanleg í fossinum.

Þetta var nú í fáum orðum sagt það, sem ég hefi að segja gegn endurburðarkenningunni, sem svo er réttilega nefnd, og þykir mér helst, að um hana geti verið útrætt af minni hálfu. Því betur sem ég íhuga hana, því meiri fjarstæða virðist mér hún, og sé ég satt að segja ekki, hvað kemur þér svo mjög til að hallast að henni, fyrst þú annars getur hugsað þér nokkurt upphaf á einstaklingstilveru þinni. Slíkt var mér, eins og ég vék að í bréfi mínu til þín í fyrra, nokkur spurning um skeið. En sú spurning var leyst, þegar ég sá út úr hringnum fram á hækkan af við-bót atburða og einstaklinga. Og því sé ég nú ekki framar neina gilda ástæðu til að ætla annað en að byrjun hvers verði fyrst við fæðingu hans, eða þann samruna tveggja fruma, sem varð nokkru áður. Mér sýnist þetta vera svo augljóst, að ekki sé nema einu sinni vaxið af fóstri, að líf hvers sé eins og lína dregin út frá punkti, lína, sem æ síðan hljóti að lengjast og halda áfram að vera lína. Er, samkvæmt þeim skilningi, sem ég vék að áðan, þeim skilningi, að líf einstaklingsins eða sál, sé aðeins niðurskipan í efni, alveg óhugsanlegt, að maður geti nokkru sinni aftur orðið að fóstri. Og samkvæmt þeim skilningi verður líka sálfarakenning sú, sem þú sagðir mér frá í bréfi þínu, alveg óhugsanleg. Sýnist mér líka, að ummælin, sem þú hefir eftir þessum sálfarakennendum um draumskýringar dr. Helga Pjeturss, séu í góðu samræmi við, að kenningar þeirra sjálfra séu

ekki á sterkum rökum byggðar. Þú hefir að vísu eftir þeim, eða öllu heldur hinum framliðnu vitringum, sem þessir sálfaratrúendur segjast hafa sambönd við, að draumskýringar dr. Helga stefni í rétta átt. En væri það rétt, sem þessir menn halda fram, að draumar séu aðeins það, sem ber fyrir hinn reikandi sviflíkama, meðan hinn annar líkami manns liggur og sefur, ættu draumaskýringar dr. Helga að vera svo fjarri réttu, að þær væru algjörlega rangar. Og hvernig gætu þær þá farið í rétta átt? Ég held, að um það þurfi ekki að deila, að í rétta átt fari ekki nema það, sem er rétt, og væri þó ef til vill best að segja aldrei meira um neitt en það, að það sé í rétta átt, því að um fullnaðartakmark í þá átt verður víst aldrei að ræða. Það er engin ástæða til, að menn hætti nokkru sinni að leita nýs sannleiks, og það því síður, sem þeir komast á réttari leið. — En það er af reynslu minni að segja í sambandi við draumaskýringar dr. Helga Pjeturss, að mig hefir aldrei, svo ég viti, dreymt nokkurn þann draum, sem komi þar í mótsögn. En séu þær skýringar réttar, þá hlýtur sálfaraskýringin að vera röng.

Ég talaði í upphafi bréfs þessa um vanda á að svara þér þannig, að til góðs mætti verða og sátta, og verður nú að ráðast, hverju það veldur, sem þegar hefir verið skrifað. En ég vil þó taka það fram, að það sem sagt hefir verið, er ekki tilkomíð af neinni löngun til að gera lítið úr þér. Ég hefi aðeins sagt það, sem mér skilst og mér finnst um það, sem þú skrifaðir mér. Og áframhald þess er þetta: Prófun, einnig þess, sem manni hefir skilist, er góð og nauð-

synleg, því að þannig bætist oft eitthvað nýtt við skilning manns. En mér finnst ekki mikið um hinn dauða efa, sem margir fínir menn eru að flagga með sem einkenni frjálsrar hugsunar, því að í rauninni er hann hið sama og að gera ekki mun á viti og vitleysu. Ég vil sannarlega ekki amast við frjálsri hugsun eða því, að menn veiti athygli sem flestu. En til þess að finna eitthvað nýtt, bæta við skilning sinn, dugar ekki að horfa út frá eintómum efasendum. Og það er líka gagnslaust, til þess að auka skilning sinn, að reyna að hræra saman andstæðum skoðunum, eða taka meðaltal af ýmsum meira og minna röngum hugmyndum, því að slíkt meðaltal getur aldrei orðið sannleikurinn. Það, sem gera ber, er að greina rétt og tengja rétt, játa og neita eftir ástæðum, en hræra því ekki saman, sem ekki á saman, því að slíkt er allt annað en að skilja. Línurnar þurfa að vera sem hreinastar, og byggingarnar ber að reisa neðanað út frá sýnilegum og ábreifanlegum staðreyndum, en ekki neinum hugsuðum ímyndunum eða þokusýnum, sem sumum hættir svo til, sem vilja sýnast háfleygir. Er gott dæmi slíks háfleygis, þegar menn þykjast geta lesið út úr einni eða annarri einfaldri frásögu, ekki það sem þar stendur, heldur eitthvað annað, sem þeir vilja að þar standi. Táknmál eða líkingar koma að vísu oft fyrir í skáldskap, og er gott að kunna að meta slíkt. En þegar sérhver einföld frásögn, hvort sem hún er í bibliunni eða annarsstaðar, er gerð að táknmáli, sem hver þýdir svo eftir sinni sértrú, þá sýnist mér, að ekki séu lagðar undirstöður til sáttu. Það er ekki þokan, heldur

heiðríkjan og einfaldleikinn, sem hjálpar til að rata og verða samtaka, og er frumleiki og sjálfstæði í hugsun einmitt allt annað en að hverfa frá frumstæðinu eða hinu upprunalega. Og frumleiki er líka allt annað en að fallast ekki á það, sem auðsætt má kalla í aðalatriðum. Og nú ætla ég að segja þér það, sem þér kann að þykja alldrembilega sagt og af nokkrum hroka: Ég hefi öðlast einfaldan og stóran skilning á lífinu, sem bæði þér og öðrum er heimilt að gagnrýna og efast um á skynsamlegan hátt, en sem menn ættu þó, sjálfs sín vegna, engu síður að gera sér ljósan og reyna að öðlast þaðan hreina útsýn. Mér dettur auðvitað ekki í hug að segja, að þar sé allur sá skilningur, sem fenginn verði á lífinu og tilgangi þess. En þar er þó skilningur, sem ég þori að fullyrða, að sé í rétta átt, og lengra fram en nokkur slíkur skilningur, sem enn hefir komið fram á þessari jörð. Ef svo er ekki, þá er ég vitfirringur. En að vísu hefi ég í öllum aðalatriðum þennan skilning af öðrum manni begið.

IV.

Ég sagði á þá leið í bréfi mínu til þín um daginn, að þetta deilumál okkar um endurburðarkenninguna mætti vera útrætt af minni hálfu, og er líka svo að því leyti, að mér sýnist alveg vonlaust, að ég fallist þar nokkru sinni á þitt mál. En mér fannst hálfvegis, eftir að ég sendi frá mér bréfið og eftir að hafa þá lesið bréf þitt nokkru betur, að ég hefði ekki svarað sumum athugasemdum þínum nógu skýrt eða beint,

og vil ég þá bæta nokkru við til áréttингar. Tel ég ekki eftir mér að gera, svo sem ég get, grein fyrir máli mínu, og vil ég þá treysta því, að þú reynir fremur að skilja en misskilja.

Þú segir, ef ég skil þig rétt, að ættgengið nái að-eins til hins líkamlega, til skrokksins, eins og þú orðar það. En ég segi, að ættgengið, sem er hin áreiðanlegasta staðreynd, nái ekki einungis til hins líkamlega, heldur og alveg eins til hins andlega, sem svo er kallað. Skaplyndi eða gáfnafar virðist mér að sé alveg eins ættgengt og útlit eða kraftar, og má það líka ljóst vera, þegar þess er gætt, að líkamsefnin eru ekki fremur úr ættinni en lifið. Sjálf líkams-efnin eru ekki einstaklingurinn, þótt hann geti ekki án þeirra til verið, og ekki heldur lífmagnið, sem byggir hann upp, heldur mótt það eða form, sem segja má, að hvorttveggja falli í. Það er hið eina, sem segja má að einstaklingnum tilheyri sérstaklega, og það, eða a. m. k. frumdrög þess, er honum frá ætt hans og kynstofni komið.

Petta er nú, ásamt sumu í fyrra bréfi mínu, það, sem ég sé því til fyrirstöðu, að þú hafir lifað, segjum suður á Ítalíu, fyrir svo sem 200 árum. Það er þessi staðreynd, sem er í góðu samræmi við þróunar- og stillislögmál, að einstaklingurinn þú eða einstaklings-eðli þitt er í byrjun frá þínnum íslensku foreldrum og kynstofni komið. Einstaklingsupphaf þitt er kyn-upphaf þitt, og kyn eða ættarupphaf getur þú ekki átt nema eitt. Að þú hefðir fæðst hér aftur, eftir að hafa áður verið Ítali og af ítölskum foreldrum kominn, hefði verið hið sama, og að skrifa hvert nafnið

ofan í annað, mála hvert málverkið ofan í annað. Slíkt hefði ekki getað orðið viðbót, ekki getað orðið til annars en tortímingar á því, sem fyrir hefði verið. Viðbót verður aðeins út frá því, sem orðið er. En það að vera getinn og af konu fæddur, gerist ekki útfrá þeim, sem fæðist. Það er aðeins aðdragandi og upphaf. — Mér er áhugamál, að þú skiljir það, sem ég er að leitast við að segja, og þess vegna endurtek ég: Þú getur, fyrst þú ert Íslendingur, ekki fremur verið Ítali, eða hafa verið það, en Hvítá í Borgarfirði er áin Pó. Vatnið í Hvítá getur að vísu verið hið sama og það, eða blandað því, sem einhverntíma hefir streymt í ánni Pó, eða hverri annarri á, og orku straumsins má kalla hina sömu í þeim öllum. En ein á drög sín í Eiríksjökli og viðar hér, en hin í Alpafjöllum, og það veldur því, að áin Pó getur ekki verið Hvítá í Borgarfirði og Hvítá í Borgarfirði ekki áin Pó.

Ég sagði um daginn, að ég skildi ekki, að þú sæir í rauninni nokkra nauðsyn eða ástæðu til þess, að ætla þig hafa lifað hér áður, og hefi ég stundum ekki getað annað en efast um, að slíkt geti verið raunveruleg skoðun þín, eftir að hafa þó komist nokkuð áleiðis til að skilja lífsambandið milli stjarnanna og það, sem þaðan gefur útsýn til. Mér hefir stundum komið í hug, að þú héldir þessu fram við mig í gamni eða til þess eins að vita hverju ég svaraði: En þó að ég skilji ekki rökfræðilega, hvað knýr þig til þessarar trúar, skilji ekki, að þú sjáir rök til hennar, þá er ekki fjarri því, að ég þykist nú geta getið mér nokkurs til um þig í þessu sambandi. Og það er, að

þú hafir að einhverju leyti dáleiðst til hennar af einhverjum öðrum þér sterkari manni. Þú ert að upplagi næmur og skyggn. En ásamt því næmi eða hneigð til að hrífast og fallast á, leitastu við að vera sjálfstæður og fallast ekki á, og þar í, get ég til, að vera muni veikleiki þinn. Einmitt fyrir þessa sjálfstæðisviðleitni þína, sem mér þykir svo líkt þér, að þú hafir, a. m. k. til að byrja með, sýnt allkröftuglega gagnvart hinum guðspekilega sinnuðu vinum þínum, hefir þú á eftir orðið veikari fyrir skoðunum þeirra og jafnvel dáleiðst af þeim. Þetta er að vísu aðeins tilgáta um þig. En hitt mun þó nærri sanni, að það megi stundum vara sig á sinni eigin sjálfstæðisviðleitni eða því að rísa um of gegn sumum þeim hneigðum sínum, sem manni finnst lítið um, því að verið getur að með því sé verið að berjast gegn sínum eigin frumleik eða því, sem til frumleiks má leiða. — Að draga úr falli öldunnar, væri að sneyða hana mætti til að endurrísa, segir vitringur einn, sem eignast hafði sitt skilningssjálfstæði, að nokkru, vegna óbundins sjálfstæðisskorts síns.

Ég hefi auðvitað ekkert á móti því, að sumt af reynslu þeirri eða lærðomi, sem þú nú þykist hafa yfir að ráða, eigi rót sína að rekja út fyrir þín 24 aldursár, því að slíkt gæti þér verið komið fyrir sambönd við einhvern þér eldri og þroskaðri. Er það eðli slíkra sambanda, sem þó ekki ætti að þurfa að taka fram við þig, að sambandsþeganum mun finnast hann vera sambandsgjafinn, eða blandar saman vitund sinni og vitund hans. Er einmitt þannig um draumsamböndin, þótt greina megi sundur, eftir á,

með því að athuga það, sem dreymt var, og hefi ég, þar sem þú getur lesið, gert einhverja grein fyrir því. — En annars gæti gáfa þín í sambandi við ljós, línum og liti verið þér frá ætt þinni komin, jafnvel þótt enginn málari hefði þar fram komið áður. Til þess þyrfti ekki annað en að einhverjir listamenn einhverrar tegundar hefðu þar komið fram, og veit ég þó ekki, hvort þess þyrfti einu sinni með. Snilldin getur, á hvaða sviði sem er, bálast upp, hvar sem rofar svo til, að einstaklingurinn fái að njóta sín á réttan hátt, og er það mjög undir ytri ástæðum komið, í hvaða farveg hún beinist hjá hverjum einum. Mun ættgengið háð líku lögmáli og minnisvit- und einstaklingsins, því lögmáli að geta horfið til þess, sem fyrir löngu var, þegar tilefni gefst eða eithvað minnir þar á, og þá stundum leitt það fram í auknum og fegruðum hæfileikum. Hygg ég, að út frá því lögmáli megi skilja margt réttar en mér virðist nú vera gert í sambandi við lífsþróunina.

Þó að mér þætti vænt um að fá bréfið frá þér í vetur, þá komst ég við það í hálfillt skap af því, hve lítinn mun mér fannst þú gera þar á viti og vitleysu. Varð sú geðillska míni til þess að mér tókst þá ekki að svara þér svo vel sem ég hefði viljað. Ég fékk, hennar vegna, ekki samúðina til að taka undir með rökum mínum, og gat það reyndar verið af því líka, að rök míni hafi ekki verið nógu ljós. Með nægjanlega ljósum rökum kemur jafnan samúðin. En nú er mér þannig í skapi, að mér þykir ástæða til að ætla, að mér hafi í þetta sinn betur tekist. Nú get ég jafnvel verið þér þakklátur fyrir vitleysurnar,

sem mér þykja vera, því að þær hafa þó orðið til þess, að ég hefi gert mér sumt ljósara en áður, tekist að segja sumt þannig, að nýr stuðningur er að fyrir sjálfan mig. Og aðalatriði þess var þetta, að frummót einstaklingsins sé frá ætt hans og foreldrum komið. Einstaklingurinn er, til að byrja með, aðeins kynminning, minning, sem síðar minnist, og er hann upphafsbundinn við sína foreldra og sína ætt rétt eins og einhver minning mín er upphafsbundin því atviki, sem hún er um. Og sérðu nú ekki út frá þessu, hvílik fjarstæða það er að tala um fortilveru, tala um, að maður hafi lifað áður en hann fæddist? Það væri líkt og að segja, að minningin hefði verið til á undan atvikinu, sem hún var um.

V.

Það gladdi mig að sjá af bréfi þínu, að þú ert ekki ósáttur við mig, og að þú, að sumu leyti, viðurkennir minn málstað. Var til of mikils ætlast, að þú, eftir að hafa fallið frá minni skoðun, féllist á hana aftur svona umsvifalaust, og mætti ég sjálfur minnast þess, að mér lærðist ekki á skömmum tíma að skilja til fulls það sem ég þykist nú skilja. Hugsa ég gott til þess, að þú skiljir sumt betur síðar, eða þá að þú komir fram með þau mótrök, sem komi mér á þitt mál. Er ég alveg óhræddur við að mæta viturlegum mótrökum og athugasemdum, því að slíkt getur ekki orðið mér til neins meins í leit minni að sannleikanum. Skal ég heita þér því að fallast á þína skoðun, þegar þú hefir sýnt mér fram á, að hún

sé réttari en míni. En meðan þú ekki gerir það, mun ég andmæla þeim athugasemduum þínum, sem mér sýnast ekki vera á rökum byggðar.

Þú segir í bréfi þínu, að „sálgrenslan“ míni á þér sé alveg rétt, en að ég hafi þar alveg gleymt því stóra atriði, að þær hugsanir, sem þú áður hugsaðir í samræmi við mínar skoðanir, hafi ekki fremur þurft að vera sjálflugsáðar en þær, sem þú nú hugsar í samræmi við skoðanir hinna guðspekilega sinnuðu vina þinna. Um þetta, sem mér sýnist hvorki sanna né afsanna neitt um aðaldeilmál okkar, ættir þú að geta sagt best sjálfur. Hitt get ég sagt, að þessi sálgrenslan míni var ekkert annað en ágiskun byggð á því, sem ég veit um sjálfan mig, að mér er langhættast við að sefjast af þeim mönnum, sem eru mér óskyldir í hugsun og ég hefi reynt, en árangurslaust, að rísa gegn í skoðun. Sefjun er allt annað en það að komast í samræmi við einhvern í hugsun, því að samræmingin við aðra er manni lausn þess besta, sem í honum býr. Með því að komast í samræmi við aðra, mæta skilningi annarra, verður manni léttara um að hugsa og skilja og áformin verða þá betri. En sefjun er lómun á dómgreind og vilja, og getur hún, eins og ég sagði, stundum verið afleiðing þess að nokkru, eða það veikt móttöðukraftinn gegn henni, að maður finni sig eitthvað hafa ofgert gagnvart sefjandanum, og var nú einmitt ekki um neitt slíkt að ræða hjá þér gagnvart mér. Hefi ég oft fengið að kenna á hinum lamandi áhrifum þeirra, sem óskyldir mér voru í hugsun eða skoðun, þó að þau áhrif hafi aldrei orðið svo varan-

leg hjá mér, að dómgreind minni hafi ég ekki náð aftur. Hygg ég, að með jafnaði gæti slíkra sefjunaráhrifa ekki mikið frá mér, því að annars mundi ég vera valdameiri maður en ég er. En mér þykja nokkrar líkur til, að hinna sefjandi áhrifa hafi meira gætt frá hinum guðspekilega sinnuðu vinum þínúm. Ætla ég ekki að rengja þig um, að þú eigr þeim mikið að þakka, en ég hefi það þó eftir þér, að einn þessara vina þinna, og það sá sem þú munt telja þig í mestri þakkarskuld við, hafi reynt að breyta skilningi þínúm á draumum til þess, sem mér nú virðist hann vera orðinn — reynt það einmitt á þann hátt að halda því fram, sem ekki er. Varst þú eithvað að reyna að andmæla sálfsara- eða „sviflíkamskenningu“ hans og bentir í því sambandi á ósamkvæmni draumsýnanna og þess, sem maður í svefninum ætlar þær vera, og hélt hann því þá fram, að draumar manna væru jafnan svo óljósir, að um þetta væri ekki hægt að segja. En raunveruleikinn er nú þó sá, að um drauma væri ekkert hægt að segja, ef ekki er hægt að halda þessu fram, sem þú gerðir þarna, og hefði því þessi mótbára þessa vinar þíns verið jafnmikið rothögg á draumaskýringar hans sjálfss og hún átti að vera á draumaskýringu dr. Helga Pjeturss. Það er engin staðreynd í sambandi við draumana eins ljós og sú, að þeim fylgja sýnir, og að þær sýnir eru jafnan ókunnar manni úr vöku, og skal ég bráðum segja þér frá dæmi, sem sýnir, að draumvitund manns er önnur en vökuvitundin.

Þú segir, að sú skoðun sé ekki ný, að maður hafi lifað hér áður, og nefnir Pythagóras í því sambandi.

En þar var líka gömul skoðun, að sólin færi um-hverfis jörð dag hvern, svo sem sýnist, og þykja mér nú báðar þessar skoðanir mjög tilsvarandi: Munurinn er aðeins sá, að það eru nú að verða um 4 aldir síðan sýnt var með nokkrum rökum fram á, að svo er ekki, sem talið var um sól og jörð, en rökin gegn fortilverukenningunni, og öðrum slíkum röngum hug-myndum á sviði lífsins, eru nú aðeins að byrja að koma fram. Rökin, sem þeir Kópernikus og Brúnó báru fram fyrir því, að jörðin fari kringum sól og sem hnekkti hinni stórlega röngu heimsfræði fyrri daga, eru þegar viðurkennd orðin. En þau rök, sem ég hefi hér reynt að láta hnekkja því, að maður hafi lifað hér áður en hann fæddist, eru ekki viðurkennd, þó að þau séu í rauninni alveg eins sterkt. Eða réttara sagt, kenningar dr. Helga Pjeturss, sem í líffræði svara til þess, sem kenning Brúnós var í heimsfræði, er ný og ekki viðurkennd, en aðallega fyrir skilning á henni hefir mér skilst það, sem ég hefi verið að halda fram við þig. Og um leið og kenning dr. Helga, kenningin um lífsambandið, verður hér til þess að hnekkja trúnni á fortilveru eða endurburð, gerir hún einnig ljóst, hvernig sú trú muni vera tilkomin, eða hafi t. d. verið hjá Pybagórasí. Má ljóst vera, að margt, sem sá mikli vitringur hefir réttilega haldið fram, hefir hann ekki getað vitað af eigin rammleik né þegið það frá neinum sinna samtíðarmanna hér, og hefir það þá hlutið að berast honum frá einhverjum vitgjöfum eða vitgjafa, sem ekki var lengur íbúi þessarar jarðar. En það sem eðlilega villti hann þarna og kom honum

til að trúa á fortilveru eða því, að hann hefði lifað hér áður en hann fæddist, var þetta, sem ég áður hefi vikið að, að hann í sambandsástandi sínu gat ekki greint milli sinnar eigin vitundar og vitundar vitgjafa síns, sem mjög sennilega hafði lifað hér áður eða á einhverri annarri jörð tilsvarandi þessari. Það sem Pythagóras vantaði til þess að komast hjá þessari villu, að hann hefði lifað hér áður, var að hafa uppgötvað draumsambandið eða það, að draumvitund hans var ekki sama og vökuvitund hans. Hann hefir, þótt athugull væri og guðinnblásinn, ekki athugað nógu ljóslega þetta, sem þú hélst fram við hinn guðspekisinnaða vin þinn, en þá athugun hefði Pythagóras orðið að gera sjálfur, því að um þetta var naumast hægt að fá sambandsvitneskju. Einmitt þetta um sambandseðlið varð jarðarbúinn framar öllu öðru að uppgötva sjálfur, því að öllu öðru var auðveldara að koma í gegn, og skal nú víkja að dæmi því, sem ég áðan sagðist ætla að segja þér frá:

Mig dreymdi eina nótt fyrir skömmu, að ég átti mjög greinilega endurminning um að hafa stýrt bíl og það oftar en einu sinni, og voru mér á eftir mjög ljós stillisáhrifin til þessa draums frá því kvöldið áður. Var þessi draumminning svo ákveðin, að hún var að þvælast fyrir mér í svefnrofunum, og tókst mér ekki, fyrr en ég var alvaknaður að hrinda henni og gera mér ljóst það, sem er, að ég hefi aldrei verið bílstjóri eða snert á því að stýra bíl. Verð ég að ætla, að þessi endurminning hafi verið komin mér frá einhverjum öðrum, því að ekki hefði hún getað verið frá neinni fortilveru minni, þar sem fyrir 51

ári voru víst engir bílar komnir til sögunnar hér á jörðu. Eða a. m. k. voru þeir þá ekki komnir til sögunnar þar, sem mér þótti þessi bílakstur hafa farið fram.

Ekki get ég fallist á, að rétt sé nokkru sinni að segja, að röng skoðun stefni í rétta átt. Hið eina, sem segja má, að af sjálfu sér leiði í þá átt, væri, að einhver ný uppgötvun hafi verið gerð, einhver ný sannindi fundin, en röng kenning hefir í sér engar líkur, nema til hins ranga. Eða nákvæmar sagt, röng skoðun, sem útrýmir annarri rangri skoðun, bætir engu við af sjálfrí sér, og er alveg eins líkleg til að útrýma því, sem rétt kann að hafa verið fyrir, og að bæta einhverju slíku við. Og ætti maður nú að líta á draumaskýringu dr. Helga Pjeturss sem áfanga á leið frá draumaskýringum Freuds til sviflíkama-eða sálfarakenningarinnar, þá væri það vissulega ekki krókalaust ferðalag. Stendur sálfarakenningin miklu nær kenningu S. Freuds en kenning dr. Helga, því að hinar fyrrtöldu gera báðar ráð fyrir klofningi einstaklingsvitundarinnar, sem aðalorsök draumanna, en dr. Helgi gerir ráð fyrir hinu gagnstæða, og hefi ég hér að framan sagt frá einu dæmi því til sönnunar. Hafði ég því, svo framarlega sem ég hefi rétt til að halda nokkru fram, fullan rétt til að segja, að þessi sálfarakenning hljóti að vera einhver mistök á að koma fram sannleikanum í þessu efni.

Ég get skilið, að það sé nokkur mannraun fyrir þig að færa þér það í nyt í jákvæðan hátt, sem hér hefir verið sagt. En ég vil vona, að þér takist að skilja, að það er ekki af neinni þróngsýni hjá

mér eða einstrengingshætti, að ég er ekkert að efast um það, sem ég hefi gert mér alveg ljóst. Ég vil meira að segja vona, að þú gerir þér einhverntíma ljóst, að þessi minn „stakkur svörtustu efnishyggju“, eins og þú orðar það í bréfi þínu, er ekkert minna en það að vera lausn lífsgátunnar. Ég vona að þú skiljir það einhverntíma, að öll tilvera er óhugsanleg án efnis, en með því að líta á, eins og dr. Helgi hefir kennt mér að gera, þarf efnishyggjan ekki að vera nein afneitun framhaldslífs og þroska, heldur þvert á móti. Efnishyggja míni er algjörlega jákvæð, eins og þú hlýtur að geta gert þér ljóst. Og svo langar mig til, að þú getir trúáð því um mig, að ég hafi ekki haft neina sérstaka nautn af því að láta þig kenna aflsmunar í þessum deilum okkar, og að ég finni nú jafnvel til nokkurs ógeðs um leið og ég skrifa orðið „aflsmunar“. Ég er að sjálfsögðu ekki laus við smásálarskap metnaðarins og kappgirninar. En þann styrk, sem ég hefi best notið, hefi ég ekki sótt í deilur við aðra né það að sjá aðra hafa rangt fyrir sér. Það sem best hefir fært mér þroska, hefir verið að sjá öðrum takast vel, og þá aðeins finn ég mér takast vel, þegar mér tekst að láta það, sem ég segi, koma öðrum sem það sólskin, sem geislar sannleikans raunverulega eru. Skilyrði fyrir því, að menn verði sammála, er, að þeir sjái hið rétta, og sammálin og samtökin eru skilyrði fyrir því sumri, sem koma skal.

RÆTT UM SPÍRITISK RIT

SAMTAL.

B.: Hvernig á að skilja þetta, sem segir frá í bókinni „Tveir heimar“, eftir Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Berjanesi, að hún viti sig stundum fara úr líkamanum og starfa utan við hann? Eftir því, sem þú segir, þá geta sál og líkami aldrei verið sitt hvað. En þarna er sagt frá þessu eins og staðreynd, sem ekki verði á móti mælt.

P.: Það, að skilja, hefir víst aldrei verið í því falið að neita staðreyndum, eða telja það ekkert, sem mönnum fannst. Pannig var t. d. skilningurinn á sólfganginum ekki í því falinn, þótt ekki væri hann játun þess, sem þar sýnist og talið var. Og um hinn rétta skilning á þessu, sem þú spurðir um, mun vera eithvað líkt. Þó að ég efist ekki um, að Guðrún Guðmundsdóttir segi rétt frá því, sem henni finnst, þá er ég ekki síður efalaus um, að í rauninni sé því ekki varið svo sem hún ætlar. Þetta, að sál og líkami geti nokkru sinni verið sitt hvað, hefir enga stoð í því, sem hægt er að byggja á til skilnings. Eins og ég hefi oft tekið fram, þá verður skilningur aðeins byggður á hinu áþreifanlega, aðeins á náttúrunni eins og hún kemur fyrir. En þaðan er ekki unnt að

byggja upp neina hugmynd um sál eða anda sem nokkuð sérstakt eða án sambands við efnið, og má glöggva sig einna best á þessu með því að virða fyrir sér, hvernig einstaklingurinn verður til við samruna hinna tveggja kynfruma. Var það höfuðvilla andatrúarmanna, að þeir hafa ekki gætt þess að byggja hugmyndir sínar um lífið á þann hátt einn, sem skilningur verður byggður — ekki gætt þess eða látið sér skiljast það, að skilningur verður ekki byggður nema á þann hátt einn, að byggt sé neðanað út frá byrjuninni. Má að vísu segja, að mönnum hafi verið vorkunn, meðan hin náttúrufræðilega þekking náði aðeins skammt, en staðreyndir hins dulræna sýndu sig á hinu leitinu. En með því að vita hið raunverulega eðli svefsins, horfir þetta öðruvísí við, og er þar nú, til að skilja hér, fyrst að vita, að sá, sem svefnsins nýtur, hefir látið slakna á starfsemi vitundar sinnar og gerst þiggjandi að krafti og lífi einhvers annars. Má þannig skilja, eins og líka af því, að athuga drauma sína á nógu raunhæfan hátt, að hjá hinum sofandi manni er ekki hans eigin vitund að verki, heldur er það vitund einhvers annars, og gerir sofandinn sér þó ekki grein fyrir öðru en að þessi annars vitund sé hans eigin. Í rauninni gerir hinn sofandi maður sér ekki grein fyrir neinu, því að þar ræðir aðeins um vitund draumgjafans, og er þetta í öllum aðalatriðum alveg eins um svefn miðilsins og svefn annarra manna. Munurinn er aðeins sá, að vitund og lífstarf miðilsins gefa meira eftir en venjulega gerist, er sambandsgæfara, og getur því sambandsveran náð óvanalegum tökum á lífs-

starfi hans og kröftum. Er þar eitt, þar sem er lausn þess kraftar eða efnis, sem nefnt hefir verið útfrymi, og fært getur sambandsverunni möguleika til að líkamnast í návist miðilsins, færa til hluti eða hafa önnur áhrif, þótt sjálf sé hún fjarri, eða eins og jafnan mun vera, íbúi annarrar stjörnu. Og hér er það nú, sem ég þykist geta séð fram á, hvernig vera muni farið þessum sálförum, sem Guðrún Guðmundsdóttir og fleiri þykjast hafa reynt. Sambandsvera hennar, sem virðist, eftir frásögninni að dæma, hafa verið orðin hjálpari Friðriks læknis, notar frá henni kraft til að koma fram þessum lækningum sínum, sem sagt er í bók þessari, að framkvæmdar hafi verið meira til þess að reyna að vekja athygli á merkilegu málefni en til að lækna, og það er hún, sambandsveran, sem þá, fyrir einhverja fjargeislan, sér likama Guðrúnar Guðmundsdóttur, þar sem hann liggur sofandi í rúminu.

B.: Það kemur nú að vísu vel heim við þessa skýringu þína, þar sem í bók Guðrúnar Guðmundsdóttur segir frá, að henni hafi fundist líkami sinn, sem eftir lá í rúminu, ekki koma sér neitt verulega við, því að óliklegt er, að nokkrum geti fundist svo um sinn eiginn líkama. Ennfremur styður það þína skoðun, þar sem hún getur um, að vitund sín verði við þessi tækifæri önnur og miklu viðtækari en venjulega, því að í rauninni er engin augljós ástæða til þess, að svo yrði undireins og losnað væri úr líkamanum. Og til þessa, að um annars manns vitund hafi stundum verið að ræða hjá Guðrúnú Guðmundsdóttur bendir það, sem hún segir einmitt í upphafi bókar-

innar, að sér hafi, þegar hún var barn, stundum fundist hún vera gerbreytt, vera fullorðin, þó að alltaf, eða oftast, hafi sér fundist hún vera kvenmaður. En hafi hér aefinlega verið svo sem þetta bendir til og þú ætlar, hvernig á þá að skilja það, að maður, sem sagt er, að Friðrik hafi verið að reyna að lækna með hjálp Guðrúnar Guðmundsdóttur, hafi séð hana og þreifað á henni, meðan lækningartilaraunin fór fram, og hún, eða líkami hennar, lá þá í rúmi sínu á allt öðrum stað?

P.: Við það að athuga frásögur miðlanna, má, eins og við að athuga drauma sína, oft gera sér ljóst, að veruleikinn muni vera annar en hinn ríkjandi skilningur manna, og þykir mér eftirtektarvert, að Guðrún Guðmundsdóttir skyldi einmitt, meðan hún var barn, gera sér þarna grein fyrir hinu rétta. Sýnir það heiðarleik hennar, að hún skyldi geta þessa, og kemur hér enn til viðbótar athugana þinna, þar sem hún segir frá því, að líkami sinn hafi, af ástæðu, sem hún getur, hrokkið við, eftir að hún, samkvæmt skilningi sínum, hafði yfirgefið hann, og er það þó svo sem ég get búist við, að hún hafi þá verið all lengi að ná sér á eftir. Er skiljanlegt, að þessi útgeislan, sem ég gat til, að átt hafi sér stað við þessi tækifæri, hafi þurft nokkurn tíma til að sameinast henni aftur, eða annar kraftur í hennar stað. En hitt, sem hún segir, að líkami sinn hafi hrokkið við, sýnir, að sjálfsvitund hennar var fyrir þar og ekki annarsstaðar, þó að hún hafi þá í bili þokað fyrir áhrifum frá annarri sjálfsvitund eins og alltaf á sér stað í draumi. Og þá kemur að því, sem mér þykir einna

eðlilegast að ætla um manninn, sem sjá þóttist Guðrúnu Guðmundsdóttur, Friðrik og þriðju veruna við rúm sitt um nóttina, að þar hafi einnig verið um að ræða skynjan einhvers annars, og að sú, sem honum þótti vera Guðrún Guðmundsdóttir, hafi verið sambandsvera hennar. Er einmitt í bók þessari sagt frá dæmi, sem sýnir greinilega, að skynjanir, sem vakandi konu virtust eiga sér stað inni í herbergi hjá sér, hljóti að hafa verið samskynjanir tilorðnar á samskonar hátt og draumskynjanir, og gæti ég úr annarri átt sagt frá öðru slíku dæmi fróðlegu. En dæmið, sem sagt er af í bókinni, er þar sem segir frá stúlkunni, sem sá manninn og gömlu konuna, fyrst fyrir utan herbergisgluggann sinn, sem var uppi á 3. hæð, og síðan inni í herberginu hjá sér, og sá þau þar jafnt eftir það, að hún hafði breitt sængina yfir höfuð. Ég ætla að vísu ekki að segja, að ekki get átt sér stað einhver líkamning sofandi manns, þó að mér virðist hitt miklu eðlilegra, svo sem það mun og vera venjulegra, að í sambandi við hinn sofandi mann birtist gerfi einhvers annars, og hefi ég lesið um ýms dæmi þess, sem sýna ljóslega, hversu svefnástand eins er skilyrði fyrir svipbirting annars. Dettur mér í því sambandi í hug, þar sem sagt er frá því í bók, sem í íslenskri þýðingu heitir „Út yfir gröf og dauða“, að svipur, sem hvað eftir annað birtist konu að næturlagi, stundum í fullri mynd en stundum ekki, féll æfinlega saman og leystist upp nokkurnveginn jafnскjótt og hún vakti mann sinn, sem hjá henni svaf, og er þess einmitt getið þarna, án þess að um nokkurn skilning á þessu virð-

ist þar hafi verið að ræða, að í það skiftið, sem svipurinn varð skýrastur, hafi maður hennar sofið mjög fast og dregið þungt andann. Er skiljanlegt, að slíkt hafi stafað af því, hve mjög svipurinn hefir þá dregið til sín orku frá hinum sofandi manni, og er það auðvitað af samskonar ástæðu, að svipbirtingum fylgir oft, fyrir hina viðstöddu, getuleysi til að gefa af sér hljóð, ónot, eða þeim finnst eins og kulti leiki um sig. — En svo að ég víki aftur að þræðinum, sem var um það, hvort Guðrún Guðmundsdóttir muni, meðan hún svaf, hafa getað birst annarsstaðar sem vakandi svipur, sýnilegur og áþreifanlegur, þá kemur gegn neitun á því hin alkunna saga, „Stýrðu í norðvestur“, og kemur þar þó einnig til samanburðar og athugunar, að svipur hins sofandi manns á hinu nauðstadda skipi geri það, sem varð honum og félögum hans til bjargar, ekki af sjálfsdáðum eða án þess, að einhver önnur og fullkomnari vitund hafi hlotið að koma þar til. Af sjálfdáðum vissi hann ekkert um skipið, sem bjargað gat, og er því auðsætt, að þar hafi því ekki, nema þá að mjög litlu leyti, hans eigin sál eða vitund verið að verki, jafnvel þótt svipurinn og skriftin væri hans. Og hafi hjá Guðrúnu Guðmundsdóttur verið um slíkar hamfarir að ræða, meðan hún svaf, þá hafa þær og lækningar hennar verið eins. Vilji og vitund sambandsverunnar hefir þar öllu ráðið, þótt mótað hafi hinsvegar af þeim krafti, sem frá Guðrúnu Guðmundsdóttur var fenginn — mótað af honum líkt og þegar sofandi maður talar með eigin rómi um sín daglegu viðfangsefni, þótt undiralda þess tals sé annarsstaðar að. En svo

er aftur hin skýringin, sem ég vék að áðan, að það hafi verið sambandsvera Guðrúnar Guðmundsdóttur, sem hinn sjúki maður skynjaði gegnum sína sambandsveru eða draumgjafa, og þykir mér það öllu sennilegra en að þarna hafi verið um þrjá svona magnaða líkamninga að ræða. Og hafi þannig verið, þá hefir það verið sambandsvera sjúklingsins, sem Friðrik og hjálparar hans frömdu það við, sem sjúklingnum þótti vera gert við sig, og að lækningarkrafturinn hafi á þann hátt verið leiddur til hans. Minnir mig, að á öðrum stað í bókinni sé sagt frá „lækningu“, sem þannig virðist einmitt hafa verið framkvæmd, og er vel skiljanlegt, að sambandsvera Guðrúnar Guðmundsdóttur hafi getað vitað um hvern þann sjúkling, sem beðið var fyrir. Kom það líka í ljós þarna, að Guðrún Guðmundsdóttir mundi einmitt ekki eftir, að beðið hafði verið fyrir þennan sjúkling né því, sem gerst hafði í sambandi við hann um nóttnina.

B.: Það væri rangt að segja, að hér hafi þó ekki verið viðleitni til skilnings, og ætti sú viðleitni að geta orðið til þess að greiða heldur fyrir annarra viðleitni í sömu átt. En gaman þætti mér að heyra um dæmi það, sem þú sagðist enn geta sagt til sönnunar skilningi þínum á skyggnilýsingum og sumum svipsýnum.

P.: Það, sem ég ætla, er, að allar þær svipasýnir, sem ekki eru beinlínis líkamningar og þá öllum nokkurnveginn jafnsýnilegir, séu sambandssýnir, og var dæmi, sem ég gat um áðan, góð sönnun þess. Gat það, sem stúlkunni þótti sér bera fyrir augu, eftir

að hún hafði breitt sængina yfir höfuð, ekki verið neitt, sem hún sá með eigin augum, og hafi hún þá þóttst sjá eitthvað um herbergi sitt, þá hefir það auðvitað verið misskilningur. Það, sem hún eftir það sá, hlaut því að hafa verið hrein sambandssýn. Hins vegar virðist aftur á móti vera algengt, að fólk sjái þessar sýnir jafnframt vöku skyndjunum sínum, og sýnir dæmið, sem þú spurðir mig um, mjög fróðlega fram á það. Má af því dæmi ráða meðal annars, hvernig sumar huldufólkssögur muni vera tilkomnar, og er það á þessa leið:

Feðgin tvö voru á ferð snemma morguns og höfðu þau vakað nóttna á undan. Riðu þau neðan undir allháu fjalli, og voru þar klettar efst en skriður neðar. Allt í einu sér stúlkan konur tvær vera á gangi þar uppi á klettunum, og sá hún þær svo skýrt og vel, að hún greindi vel klæðnað þeirra og jafnvel útlit. En jafnframt þessu, eða um líkt leyti, tók hún eftir kindum neðar í fjallinu og því miklu nær en þar, sem henni sýndust konurnar vera, og voru kindurnar þó svo fjarri, að hún greindi varla meira en svo að sjá, að þar væru kindur. En um konurnar er það að segja, að þær hurfu þannig, að stúlkan sá þær ekki aftur, eftir að hafa litið snöggvast af þeim, og þóttist hún þar af skilja og líka af því, að faðir hennar sá þær ekki, að þær hefðu aðeins verið ofsjón eða svipir. Enda var þessi staður ekki nærri byggð, og því fremur ólíklegt, að nokkrar konur hafi raunverulega verið þarna á gangi og það um þetta leyti dags.

B.: Hvert þessara andatrúarrita, sem þú hefir

þarna fyrir framan þig, þykir þér fróðlegast að athuga?

P.: Um það treysti ég mér varla að segja ákveðið. En öll eru þau meira og minna fróðleg um eitt, og það er, hve vel þau sýna örðugleikana á að koma fram viti og aukinni þekkingu. Sé þess t. d. gætt, hve öll þessi rit mega heita gersneydd að snilld og djarfhygli, þá er ekki annað haegt að ætla, en að það stafi af örðugleikum á að koma slíku fram, því að ólíklegt er, að menn hugsi óljósara á hinum góðu stöðum framlífsins. Skal ég til dæmis taka þessar málsgreinar úr bókinni „Bláa eyjan“, bls. 24 og 25, og er þess líka getið rétt áður í þessari sömu bók, að í skeyti að handan, sem ritað hafi verið á myndplötu, hafi verið látin í ljós hryggð yfir vanmætti hins framliðna W. T. Stead til að rita. Málsgreinarnar eru þannig, og geri ég ráð fyrir, að óskýrleiki hugsunarinnar, sem í þeim á að felast, stafi ekki af slæmri íslensku þýðandans:

„Síðan ég kom hingað, hef ég reynt að halda þessu áfram og auka viðleitni mína og starf í þessum efnum. Ég hef náð nokkrum árangri, þótt margir hafi ekki enn komist hálfu leið upp stigann, sem til þekkingar liggar. Ég var nærri því farinn að segja, sem til hamingju liggar, en það hefði ekki verið fyllilega rétt, því að hamingjan er ríkulega tengd þekkingunni. Og í þeirri merkingu, sem orð þetta er notað og skilið hér á jörðinni, er hamingjan ekki grundvöllur lífsins. Vér vorum ekki til þess gerð eingöngu að verða hamingjusöm. Hamingjan er aðeins hluti launa vorra fyrir unnin störf eða fyrir framfarir og

hjálpsemi fyrir aðra. Þetta er í sjálfu sér útkoma þekkingar.

Eins og ég hef sagt, þá hefur mér orðið mikið ágengt í starfi mínu hérnamegin landamæranna. Og ég er þess fullviss, ef ég get haldið áfram að veita yður þá þekkingu, sem ég hef öðlast af eigin reynslu, mun ég komast lítið eitt lengra í því starfi, sem ég er að vinna í þágu mannkynsins. Það, sem ég segi hér, verður mörgum til ánægju en fleirum til lítils gagns.

Nú fer ég að segja frá því, sem sérhver lesari gæti prófað sjálfur að vissu marki. Þér getið, hver um sig, prófað þetta með sálfræðilegri þekkingu. Og þér munuð komast að raun um, að ég er að flytja yður orð, sem guð hefir af gæzku sinni leyft mér að boða yður.

Þetta er ekki mín hugmynd um leyndardóma lífs-ins, heldur framsetning mín. Kenningar kristindóms-ins eru þungamiðja þess alls, en þeir, sem við taka, hagnýta misjafnlega það sem flutt er.

Það er heimskulegt að halda, að af því að maður er maður, hljóti hann þegar eftir dauðann að verða engill. Dauðinn opnar aðeins dyr milli tveggja herbergja, þar sem báðum er líkt fyrirkomið og eins búin að húsgögnum. Það er þetta, sem ég vil, að þér leggið yður rækilega á hjarta. Sama höndin leiðir. Sama vitundin ræður öllum heimum.

En svo að ég byrji á byrjuninni, þarf að segja, hvernig maður finnur sjálfan sig þegar hingað kemur. Eins og ég hef áður sagt, þá mun bók þessi marga gleðja, en fáum hjálpa. Það er vegna þessara

fáu, að allir, sem hlut eiga að máli, leggja fram krafta sína til að koma þessu í framkvæmd. Tilgangur minn er ekki sá, að þetta verði vísindalegt. Þér getið notað heilbrigða skynsemi til að skoða allt, en þér getið ekki niðurbrotið það, sem stöðugt stendur“.

B.: Var þetta nú ekki með hinu lakasta í bókinni, eða bókin ein hinna lakari?

P.: Fleira er í bók þessari óljóst, og kynni sumum að þykja skrítið eins og t. d. þetta, sem á einum stað segir, að hinn mikli friður, sem ríki á bláu „eynni“, byggist á sjálfselsku hvers eins og sjálfs-umhyggju. En þó að þannig sé þarna víða óljóst til orða tekið og jafnvel fjarstæðulegt sumt, þá þykir mér bókin vera ein hinna fróðlegri bóka sinnar tegundar. Er þess þar fyrst að geta, að einmitt í þessari bók er á einum stað með nokkurnveginn berum orðum sagt það, sem best og afdráttarlausast kemur fram í bókinni „Íslandsbyggð á öðrum hnetti“, að í dauðanum flytjist maður á aðra jarðstjörnu og hefir Helgi Pjeturss tekið þann stað bókarinnar til meðferðar. Kemur og víða fram í henni, að lifað sé þarna líkamlegu lífi og á jarðneskum stöðum, og er talað um málma þarna, jurtagróður, dýr og annað samskonar og á jörðinni gerist. Þannig er þarna talað um, að menn sofi og nærist, talað um bókasöfn, sönghallir, fimleikahús, og tekið fram um byggingarnar, að þær séu ekki að neinu leytti hugmyndasmíð, heldur aðeins fagrar byggingar eins og þær, sem fegurstar séu á jörðinni. Virðist munur jarðarinnar og þessarar „eyju“ aðeins vera sá, að „ey“ þessi sé

fegurri og farsælli staður en jörðin, og hefði víst ekki verið fjarri sanni að nefna hana Fjörgyn eins og jörð þá, sem Guðmundur Davíðsson talar um sem framlífsstað Íslendinganna. Dettur mér einmitt í hug, að nafn það sé þar leitt af því, sem var orsök bláa litarins á „eynni“, hinu mjög heilnæma og lífgæfa loftslagi á báðum þessum stöðum. En eins og ég vék að áðan, þá þykir mér þetta, hve óljóst er viða sagt þarna, ekki stórum ófróðlegra en það sumt, sem greinilegar er sagt og þó í rétta átt. Þetta, hve óljóst er viða, stafar ekki af því, hve ómerkilegt sé það, sem reynt er að flytja, heldur af hinu gagnstæða. Einmitt vegna þess, að verið er þarna að flytja til jarðarinnar mikla nýjung í þekkingu, eða verið að reyna að styðja slíka nýjung, sem kom nú einmitt fram hér á landi litlu áður en bók þessi var rituð, verður þetta svona óljóst, sem í gegn komst. Hið allra þýðingarmesta, skilningurinn, verður einmitt hið óljósasta vegna þess, að þar voru örðugleikarnir mestir.

B.: Hvað heldurðu þá, að W. T. Stead hafi raunverulega viljað segja með þessu, sem þú tilfærðir eftir hann áðan?

P.: Líti maður nú fyrst á það, sem virðist vera í svo litlu samræmi við „þungamiðju“ kristindómsins, að sjálfselskan sé þarna undirrót friðarins, þá ræðir þar um þann sannleik, að aðeins frjálsir og óskertir einstaklingar geta orðið efni eða undirstaða réttrar samstillinger, sem þeir og geta orðið aðeins þar, sem slík samstilling tekst. Og í hinu, sem ég tilfærði, get ég fyrst til þess, að með því, sem nefnt

er þar þungamiðja kristindómsins, sé átt við eitt-hvað, sem hjá íbúum hinnar bláu „eyjar“ svari til þess, sem kristindómurinn var ritmiðlinum og E. Stead, dóttur hins framliðna W. T. Stead, sem við mál þetta var mjög mikið riðin. Efast ég að vísu ekki um, að það, sem best er í kristindómi og öðrum trúarbrögðum, verði áfram í gildi á hinum góðu stöðum framlífsins, þó að hinsvegar muni allt annað verða aðalatriði þar en trúarbrögð, sem hér á jörðu hafa svo mjög mótað af ótta og hræsni. Hygg ég, að nær hafi verið meiningu W. T. Stead að nefna bekkingu þá, sem hann taldi sig hafa öðlast og hann præði svo mjög að koma hér fram til nytja fyrir mannkynið, því að kristindóm var engin þörf á að boða hingað og vafalaust engir örðugleikar á að koma honum hér fram. Mun hann hafa viljað segja, að þessi bekking mundi framar öllu leiða til sannrar hamingju, þótt segja mætti á hinn veginn, að ekki væri hún allskostar hamingjuvænleg fyrir einhvern einn, þar sem villan ríkir, eins og er hér á jörðu. Hafa, eins og kunnugt er, frömuðir nýrra hugsana sjaldan verið hinir hamingjusömstu menn hér á jörðu, sjaldan hinir auðugustu og mikilvirtustu, og munu þeir þó líklega sjaldan hafa kært sig um að skipta við aðra, en hugsað sem svo, að maður væri ekki aðeins gerður til þess að verða hamingjusamur. Og það, sem mér virðist, að W. T. Stead hafi svo viljað sagt hafa, er, að þessa bekkingu geti hver lesari öðlast að ákveðnu marki fyrir þá sálfraðilegu sjálfsprófun, sem leiðir til hins rétta skilnings á eðli draumanna, og var ekki að vænta, að hann kæmi

þeim skilningi fram né því, að sá skilningur væri einmitt hin umrædda þekking. Mun W. T. Stead hafa meint, að þótt sú kenning, sem þegar sé komin fram um þetta, sé enn ekki talin vísindaleg, þá breyti það í engu þeim veruleik, sem hún byggist á, og að hver, sem þori að treysta heilbrigðri skynsemi sinni, geti, þrátt fyrir allt, séð, að hún sé rétt. Mun hinn framliðni W. T. Stead hafa viljað segja, að þeir fáu, sem þessa kenningu hafi tileinkað sér, megi hafa gagn af bók sinni, og að það sé vegna þessara fáu, sem sjái þannig, hver viðleitni hans er, að hann og þeir, sem með honum standi, leggi þarna fram krafta sína í þeirri von, að geta með því lagt fram örлítinn skerf til framfara mannkynsins. Og að síðstu, þar sem W. T. Stead segir vilja leggja mönnum á hjarta þetta, að maðurinn sé í rauninni hinn sami fyrst eftir dauðann og hann var áður, og að dauðinn sé ekki annað en dyr milli tveggja herbergja, þar sem báðum sé líkt fyrirkomið og eins búin að húsgögnum, þá er hann að leitast við að koma fram undirstöðuatriði hins eina raunverulega skilnings í þessum efnum, því undirstöðuatriði, að framlífið sé í rauninni alveg sama eðlis og frumlífið, og mun hann, þar sem sagt er, að sama vitundin ráði öllum heiminum, hafa viljað segja, að sömu lögmál séu hvarvetna ríkjandi.

B.: En kemur það nú ekki einmitt fram í flestum eða öllum framlífslysingum öðrum, að allt sé þar staðlegt og áþreifanlegt?

P.: Jafnvel í ritum eins og „Á landamærum annars heims“ eftir J. Arthur Findlay og „Daginn eftir

dauðann“, þar sem hinn ríkjandi hugsunarháttur er bó svo þéttófinn, að allt sýnist jafnvel með feldu og órofið, kemur þetta fram. Í bók Findlays er lögð áhersla á þetta, og í hinni síðartöldu, bók, sem er þýdd af Einari Loftssyni, er á einhverjum stað talað um fagurt landslag, þar sem í fjarska gnæfi snæviþaktir tindar, og er nú að vísu tekið fram þar, þvert gegn því, sem segir í „Bláu eyjunni“ og viðar, að allt séu þetta þó hugsmíðar. En ef til vill kemur þessi viðleitni, til að fræða um þetta aðalatriði, hvergi skýrar fram en í bók C. D. Thomasar, sem á íslenskri þýðingu heitir „Í Afturelding annars lífs“, og man ég, að Helgi Pjeturss hefir bent á ýmsa slika fróðlega staði í henni. Þar er t. d. þessi skemmtilega lýsing á heimi framlífsins, tekin hér upp af handahófi að mestu:

„Þegar ég fékk fulla meðvitund, eftir að hafa ekki haft meðvitund nema að nokkru leyti, var ég í viðfeldnu herbergi, mjög líku herbergi því, sem ég hafði þekkt á jörðinni, það höfðu góðir vinir mínir fyrirbúið mér. Ég man, að þegar ég vaknaði, var ég að horfa á húsbúnað, slíkan, sem ég hafði þekkt á jörðinni, borð og gluggatjald. Jaðarinn á því var með vínberjalit og var rétt hjá rósviðarborðinu, ég fór að hugsa um, hve þessir sterku litir færu vel saman. Út um dyrnar á herberginu gat ég séð grasigróinn völl, og grasið virtist vel hirt, á miðjum vellinum var hvít skrautmynd úr marmara. Allt var smekklegt og allt var verulegt og ábreifanlegt.

Ég hafði heilsað vinum mínum, og þegar þeir voru farnir frá mér, gat ég litið á umhverfi mitt og

gefið gætur að öllu. Ég tók eftir stórri skál á borð-inu hægramegin við mig, og í henni var planta, sem virtist vera að vaxa, runnur með mörgum dökkrauðum rósum. Ég man eftir, að ég horfði á gljáandi græn blöðin og fór að hugsa um, hve fallegt þetta væri, ég tók eftir ilminum. Þá fór mig að langa til að fara á fætur, og tafarlaust fann ég til þess að ég gat staðið. Rétt áður en ég fór yfirum, hafði verið óvissa um það, hvort ég gæti treyst fótum mínum, en nú var sú óvissa með öllu horfin. Ég fór á fætur og stóð á gólfinu, og fætur mínir fóru ekki í gegnum gólfdukinn, þeir stóðu á föstu efni. Vinir mínir buðu mér þá að koma út og líta á umhverfið. Þegar ég kom út, athugaði ég lóðina kringum húsið. Ég komst líka að raun um, að hún var samföst og veruleg. —

— Ég leit í kringum mig og sá vegi. Ég sá líka græna víðáttu, sem ekki lágu eftir neinir alfaravegir.

— Vegirnir voru lagðir mjög líkt og tíðkast á jörðinni. — Alfaravegurinn var lagður, og ég fór eftir honum nokkurn spöl.

Þá man ég eftir því, að ég var farinn að ganga eftir einkavegi, ólögdum vegi. Jarðvegurinn var mjúkur, en létt ekki undan fótum, heldur var fastur fyrir. Öðrumegin var limagirðing. Ég gat séð yfir hana, og fyrir neðan var á, sem glampaði í nokkurri fjarlægð. Hinumegin við ána var stórt þorp með sívolum turni“.

B.: Í rauninni virðist mér hinum framliðna manni takast þarna svo vel lýsing á jarðneskri tilveru, að undarlegt má heita, að hann skuli ekki hafa komið

fram þessu einfalda atriði, að hann sé íbúi annarrar jarðstjörnu.

P.: „Það, sem mér er svo örðugt að lýsa fyrir þér, er ekki hvernig hlutirnir líta út, ekki horn á garði, ekki blóm né tré, heldur er það tilfinning“. Þannig er á einum stað í bók þessari haft eftir framliðinni systur höfundarins, og veit ég ekki, hver þessi „tilfinning“ hefir getað verið, ef hún hefir ekki verið fögnumur yfir dýrðlegum skilningi á tilverunni, og hefði þó legið beinast við að ætla, að með henni hafi verið átt við sjálfan skilninginn. Er það, eins og ég sagði áðan, einmitt skilningurinn, sem langerfiðast er að koma fram og miklu erfiðara en tilfinningum, sem oft má túlka með beinum lýsingum eða frásögn. Og sé vel aðgætt um lýsinguna, sem ég tók upp áðan, þá má vel sjá fram á þetta, sem svo greinilega kom fram í þessum orðum hinnar framliðnu konu, að einhvers sé alltaf vant, einhvers, sem hinn framliðni maður hefir ekki komið fram eins og hann vildi. Einmitt þetta, að vera alltaf að stagast á ábreifanleik þessarar tilveru sinnar, má heita nokkuð skrítið og jafnvel óeðlilegt, ef ekki býr undir því eitthvað meira, eitthvað, sem máli þykir skipta til skilnings. Er það líka í þessu sambandi mjög eftirtektarvert, sem í bók þessari er haft eftir hinum sama framliðna manni og hitt, sem ég tilfærði áðan, að það veki mikla ánægju hjá heimspekilega sinnuðum mönnum að finna, að reynd framlífsins skuli vera þessi, sem svo þráfaldlega er tekið fram, efniskennd og veruleg, og sýnist mér þetta þó, frá sjón-

armiði andatrúarmanna, ekki geta haft við neitt að styðjast. Hinsvegar er þetta, um heimspekilega þýðingu áþreifanleikans, mjög auðsær sannleikur, ef á lífið er litið eins og hér er gert. Er það einmitt svo skiljanlegt, að það muni gleðja þá, sem á raunverulegan hátt voru eitthvað byrjaðir að átta sig hér á samböndum hlutanna, að komast að raun um, þegar framlífið tekur við, að þar gildir í rauninni hin sama bekking og hér. Og það að þessum skilningi, sem hér ræðir um, hafi verið reynt að koma fram, sýna þessi orð, sem enn eru í þessari bók höfð eftir hinum sama framliðna manni, sem var hér náttúrufræðingur ásamt því að vera prestur, og má af þeim orðum hans ráða, hvað skapað hafi mest örðugleikana á að koma þeim skilningi fram, og er auðséð, að viðtakandi þessara orða eða ritari hefir ekki gert sér grein fyrir neinni slíkri viðleitni:

„Það er“, segir hann, „eins og okkur sé ætlað að missa ekki af öðrum heiminum, þegar við erum komin inn í hinn. Ég held, að þessir tveir heimar séu í rauninni ein veröld. Ég er að reyna að gera mér grein fyrir, að veröld guðs sé ein veröld. Höfum við ekki hugsað of mikið um, að heimarnir séu tveir, þar sem bæði veröldin uppi og veröldin niðri er í raun og veru einn heimur? Ég vildi óska, að mennirnir gætu gert þá að sama heiminum, svo að meðan þeir lifa í öðrum þeirra, viti þeir meira og meira af hinum. Ég finn til fullkominnar ánægju og hugsanasamræmis í því að gera mér grein fyrir einingu beggja heimanna. Ég er neyddur til að tala um two

heima, vegna þess mismunar, sem er á hugmyndum vorum um mismunandi svið heildarinnar“.

B.: Heldurðu ekki, að það fari bráðum að greiðast úr fyrir þessum skilningi á lífsambandinu eða því að lifað sé áfram á öðrum jarðstjörnum?

P.: Í bók, sem í íslenskri þýðingu heitir „Frá öðrum heimi“ og er samtal framliðins sonar við foreldra sína, ritað fyrir um 30 árum, er á einum stað haft eftir hinum framliðna syni, eftir að honum hafði mistekist að koma fram einhverju um samband við aðra jarðstjörnu, eða a. m. k. ekki tekist að fá foreldra sína til að skilja það, að þeir þarna í þessum öðrum heimi séu að reyna að senda frá sér geislastafi, sem, þegar nægjanleg andleg fræðsla verði hér fyrir hendi, muni flæða yfir jörðina. Og þegar spurt er, hvenær þetta muni verða, þá er svarið, að það verði ekki síðar en svo, að foreldrar hins látna sonar geti þá verið á lífi.

Nú er ég auðvitað ekki í neinum efa um, hver þessi „andlega“ fræðsla muni vera, sem hinn framliðni maður talar um, því að auðvitað er hún þetta, sem að nokkru leyti kemur þarna fram í orðunum um að senda geislastafi. Í því felst einmitt þetta, að um geislasambönd sé að ræða milli hinna lifandi manna og hinna látnu, en ekki eins og andatrúar-menn ætla, að hinir látnu séu staddir þar sem miðillinn er. Kemur þetta og á öðrum stað fram í þessari bók, þar sem hinn framliðni maður segir, að hugsanirnar berist með leiftur hraða milli sín og foreldra sinna, og þegar faðir hans spryr rétt á eftir, hvort

hann íklæðist miðlinum, þá er svarið, að hann stjórni talfærum miðilsins með hugsun sinni.

En þó að ég sé ekki í neinum efa um, hver hún muni vera þessi fræðsla, sem hinn framliðni maður talar þarna um að vera þurfi hér fyrir hendi, eða hverju hann muni hafa verið að leitast við að koma fram þarna, þá er það mér spurning eins og þér, hvenær hún muni verða hér nægjanleg fyrir hendi, eða jafnvel, hvort hún muni nokkru sinni sigra hér svo sem þarf. Þó að aðalatriði þess, sem um ræðir, séu annarsvegar ekki flóknari en það, að sjá fram á, að hið lifandi efni sé ekki undanþegið þeim mögu-leikum, sem útvarpið sýnir, að komið geta fram í hinu dauða, og hinsvegar ekki meira en að gera sér ljóst það, sem svarar til þess að vita, að útvarps-þulurinn sé ekki staddur í útvarpstækinu, þar sem rödd hans þó heyrist, þá hefir þetta þvælst svo ótrú-lega fyrir skilningi manna þessi 30 ár og meira, sem liðin eru síðan dr. Helgi Pjeturss kom hér fyrst fram með leiðréttigar sínar og hina líffræðilegu útsýn til stjarnanna. Er ástæðan til þeirrar skilningstregðu annarsvegar sú; að menn hafa ekki fengist til að hugleiða þessi efni, en hinsvegar það, hve erfitt er jafnan að átta sig á því, sem kemur í andstöðu við það, sem lengi hefir verið hugsað og trúað. Er „heim-speki“ Findlays og annarra etertrúarmanna byggð út frá þessari vanaskoðun eða tvíhyggju, sem hinn framliðni náttúrufræðingur vék að sem hindrun á vegi þess að koma fram skilningi á einingu heim-anna, og má oft fyrir slíka „heimspeki“ lengi kom-ast hjá að skilja hið rétta.

En þó að mér sé það spurning, hvort hinn framliðni maður hafi þarna ekki verið um of bjartsýnn, og ég efist því um, hvenær eða jafnvel hvort þessari leiðréttingu verður hér framgengt, sem stjórnendur Guðmundar Davíðssonar, Friðrik læknir, W. T. Stead og margir aðrir framliðnir menn hafa svo auðsjáanlega verið að reyna að styðja, hver á sinn hátt, þá er það mér engin spurning, að án hennar tekst aldrei það samband við hina framliðnu menn, sem eftir er verið að leita og óyggjandi megi sanna framhald lífsins. Og hér er um enn meira að ræða en það. Hér ræðir um það, sem dr. Helgi tók oft fram, hvort sá kraftur, sem einn getur bjargað mannkyninu frá glötun, nær hér fram að koma eða ekki, og ætti öllum að geta orðið ljóst, að lítt stoðuðu kraftsendingar útvarpsstöðvar þangað, sem svo ófullkomin væri þekkingin á fyrirbærunum og ég vék áðan að um sambærilega þekkingu, eða þekkingarleysi, við hinn spíritiska skilning á lífinu. Takist hér ekki að koma fram hinum áríðandi sannleik um eðli lífsins og flutninga þess milli stjarnanna, þá mun halda áfram það, sem W. T. Stead segir á einum stað í „Bláu eyjunni“, og sem svo augljóst mætti vera af því að veita athygli atburðum aldarinnar, að hið illa fari hér vaxandi, og er slíkt nú auðsærra miklu en var, þegar dr. Helgi benti á það fyrst. Væri það víst ekki til of mikils ætlast, að þeir, sem þegar hafa látið sér skiljast, hvað hér er um að ræða, gerðu sitt til þess, að þeir möguleikar verði til, sem þarf, svo að ljósið og lífið nái að flæða hér yfir.

1950.

UM DRAUMA

Sú er skoðun dr. Helga Pjeturss, að sofandi verði hver fyrir inngeislan frá lífi og vitund einhvers vakanda, og að draumsýnir sofandans séu það, sem ber fyrir þenna vakanda, sem oftast sé íbúi annarrar jarðstjörnu. Hefir dr. Helgi fært rök að því, að sá þekkingarauki, sem verði með því að vita þetta, megi verða upphaf að hinum mestu framförum. En til þess að þetta verði vitað, þarf að gera sér ljóst, hvernig það eru draummyndirnar, sem vekja upp vökuminningar í huga sofandans og litast af þeim, en ekki á hinn veginn, eins og margir munu ætla, að það séu endurminningarnar, sem veki upp draummyndirnar eða skapi. Hefir mér orðið þetta ljóst af að veita því eftirtekt, að draumsýnir mínar eru helst aldrei samkvæmar því, sem ég ætla þær vera. Þó að ég í svefninum þykist vera heima hjá mér eða á einhverjum öðrum stað mér kunnugum, þá er það, sem ég sé, jafnan allt annað og öðruvísi en þar á að vera og ég hefi vökuminningar um. Mundi ekki vera svo, ef það væru minningar mínar um þessa staði, sem sköpuðu mér þessa drauma, og skal hér nú geta draums, sem sýnir, hve mjög fólk getur rangþytt draumskynjanir sínar, þegar það sefur.

Kona nokkur hafði verið að hlusta á ræður í út-

varpi, sem stóðu yfir nokkuð fram á nótt. Og þegar hún var sofnuð, dreymdi hana, að hún væri enn að hlusta á þessar ræður. En nú voru það þó ekki ræður, heldur réttir á bordi og blóm, sem henni þótti vera ræður ræðumanna. Svo mjög var draumskynjanin annað en það, sem hún ætlaði sig dreyma, að hlutir, sem hún sá, þótti henni ekki vera hlutir, heldur hljóð, þ. e. ræður samkvæmt endurminningu úr vöku.

Nokkru fágætara er, en þó ekki sjaldgæft, að maður muni úr draumum sínum ekki einungis þessar sýnir eða skynjanir, sem, eins og sagt var, geta verið og eru jafnan aðrar og ólíkar því, sem maður ætlar þær vera, heldur líka endurminningar, sem maður á ekki í vöku, og skal nú sem dæmi þess segja annan draum, sem aðra konu dreymdi. Þóttist hún vera stödd þar sem býli hafði verið lagt í eyði nýlega. En nú þótti henni sumt af fólkini, sem þar hafði verið, vera flutt þangað aftur, og sá hún þar vera komin nokkur nýhysi. En eitt hús eða herbergi þóttist hún í svefninum kannast vel við þarna, og þóttist hún eiga ýmsar endurminningar um það frá fyrri tímum. Þótti henni hús þetta vera stofa af steini, en raunverulega hafði ekkert slíkt hús verið til á þessum stað, og átti konan því enga vöku minningu um það.

Pessir draumar, sem mér voru sagðir nýdreymdir og áreiðanlega fremur af tilviljun en áhuga dreymandanna fyrir nokkrum ákveðnum skoðunum um eðli drauma ættu ásamt mörgum slíkum að geta komið mönnum til að efast um, að draumar þeirra

séu endurminningar liðinna atburða úr vöku. En það, hve draumsýnirnar geta verið ljósar í endurminningunni, þegar vaknað er, ætti að geta komið manni til að ætla, að þær muni eiga rót sína að rekja til einhvers veruleika, og skal hér nú segja drauma, sem sanna, að þær geri það stundum. Dreymandinn, sem ég met mikils sem heimildarmann, sagði mér þá á þessa leið:

„Það var sunnudagskvöld og ég lá í rúminu nokkru lengur en ég var vanur og sofnaði ég þá aftur eftir að fólk var yfirleitt komið á fætur. Dreymdi mig þá, eða mundi það eitt, að ég sæi tóbaksbauk, en baukurinn var auðkenndur fyrir það, hve ljótur mér þótti hann vera. En stuttu eftir að ég var vaknaður aftur og kominn á fætur, komu tveir menn, og þekkti ég þá hjá öðrum þeirra baukinn, sem mig hafði dreymt. — Hinn drauminn dreymdi mig líka að morgni til eins og þann fyrri. En í það skipti sá ég mann, og fannst mér hann koma út úr einhverjum dyrum. Mundi ég útlit mannsins og búning mjög glöggt, er ég vaknaði, og var þá ljóst, að ég hafði ekki séð hann í vöku. Nokkru seinna var ég staddir í fjárrétt um haust og sá ég þá mann þenna raunverulega og þekkti hann aftur af draumsýninni. En búningur hans var nú annar og betri en mér þótti vera í fyrra skiptið“.

Mig hefir dreymt, að ég sæi sjálfan mig í spegli, og var það þá ekki mitt útlit, sem ég sá þar. Bendir slíkt til þess, sem áður var sagt, að draumar séu ekki framkomnir fyrir vökuminingar, og líka til hins, að það muni vera rangt, sem margir halda, að

draumar séu skynjanir og starf sálarinnar utan við líkamann. En með því að líta á eins og dr. Helgi gerir, verður ekki undarlegt, þó að útlit mitt, sem mér í svefninum þótti vera, væri öðruvísí en það raunverulega var. Þykir mér og eðlilegast að líta þannig á drauma þá, sem hér að framan voru sagðir, og skiptir í því sambandi nokkru að vita, að það var að morgni til, eftir að fólk var yfirleitt komið á fætur, að þeir voru dreymdir. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að dreymandinn hafi þar séð einmitt það, sem einhver vakandi sá þá raunverulega hér á jörðu. En það ætti hinsvegar að liggja í augum uppi, ef draumar væru yfirleitt þannig tilkomnir, að draumgjafarnir ættu sjaldnast heima í nágrenni dreymandans og helst ekki sömu megin jarðar. Og ég skal geta þess, að ég man nokkurnveginn vel ýmsar þær draumsýnir, sem ekki geta hafa verið séðar frá þessari jörð.

1937.

NOKKRAR SMÁGREINAR UM DRAUMA

SVEFN OG HVÍLD.

Það er talið, að við erfiði og starf myndist eiturnefni í líkamanum, sem hann svo losni við, þegar sofið er. En með því að líta á svefninn sem mögnunarástand, eins og dr. Helgi Pjeturss gerir, verður fyrst ljóst, hvernig svefnhvíldin fer að því að eyða þreytuefnum og bæta upp slit. Eftir þeim skilningi er svefnhvíldin aðeins hleðsla eða aðstreymi kraftar, sem skipar niður efnum frumanna og bætir sambönd þeirra, en þreytan eða þreytuefnin ekki annað en afleiðing þess, sem raskast hefir úr þeirri skipan, meðan vakað var. Og það er í þessu sambandi mjög athyglisvert, að börn skuli þurfa meira að sofa en fullorðið fólk, þótt þau starfi ekki, og er þess einmitt að vænta vegna þeirrar „nýsköpunar“, sem þar fer fram. Hefi ég líka lesið í framlífslysingu það, sem útfrá þessu mátti búast við, að meðan hinir nýju líkamir hinna framlíðnu eru að styrkjast, sofi þeir mjög mikið fyrst í stað. Gefur slík frásögn mér nokkra ástæðu til að ætla að ekki muni allt vera svik og vitleysa, sem haft er eftir miðlum um lífið eftir dauðann, því að auðséð var, að ritari bókar þeirrar, sem þetta var í, hafði enga hugmynd gert sér um mögnunar- og sambandseðli svefnins.

LANGSÖGULEGIR DRAUMAR.

Pað hefir verið talið, að í draumi geti maður á stuttri stundu lifað langsögulega atburði, atburði, sem í vöku kæmust ekki fyrir á skemmri tíma en nokkrum dögum eða jafnvel árum. En einhverja nótt, er ég var að athuga draum, sem mig hafði verið að dreyma, kom mér í hug skýring á þessu. Drauminn man ég nú ekki í heild, því að ég sofnaði aftur, man aðeins það, sem ég rifjaði upp á milli dúranna. En það var, að ég í svefninum rifjaði upp endurminningar um mann, sem ég þóttist hafa þekkt fyrir löngu, en á þó í rauninni nálega enga vöku-minningu um. Þýddi ég þennan draummann minn fyrir mann, sem ég að vísu hefi séð fyrir löngu, en vissi ekki svo mikil deili á, að ég kynni nokkru sinni að nefna nafn hans. Og hálft í hvoru þýddi ég hann fyrir annan mann, sem ég aðeins hefi séð á mynd og hefi heldur ekkert af að segja. En það, sem sér-staklega kom til skýringar því, sem að framan getur, var þetta, að ég gerði mér vel ljóst, að draumur minn í sambandi við þennan mann var endurminning en ekki það, sem mér þótti vera að gerast — endurminning, sem þó var ekki vöku-minning mín. Mér var alveg ljóst, að draumurinn var aðallega um það, sem mér þótti hafa borið fyrir mig fyrir löngu, en ég hafði ekki fyrir augum, og þóttist ég nú geta skilið, að menn hefðu jafnan blandað þessu saman, þegar svona stóð á, ætlað það vera drauminn, sem var aðeins draumminning og oft gat verið furðu langsöguleg, þótt rakin væri á stuttri stundu. Lá

einmitt slíkt mjög beint við um draumminningar, sem ekki voru til í vökuvitund dreymandans, því að auðvitað var ekki vitað, að svefnvitund og vökuvitund eru sitt hvað.

Ég sagði hér að framan, að ég hefði gleymt þeim hluta draumsins, sem ég rifjaði ekki upp á milli dúranna, og er það enn eitt til stuðnings því, að draumvitund mína og vökuvitund séu ekki hið sama.

DRAUMAR UM HRÖP.

Fróður maður hélt því fram við mig, að draumar um hröp í klettaum, eða á annan hátt, væru, einkum þó hjá börnum og unglungum, miklu tíðari en hvað slíkt gæti átt sér stað í veruleik, og að þessir draumar gætu því, a. m. k. ekki allir, átt rót sína að rekja til sambands við einhverja, sem raunverulega væru að hrapa, meðan draumarnir færðu fram. Talaði hann um, ég held samkvæmt skoðunum, sem hann hafði heyrta eða séð halddið fram, að ef til vill bæri að líta á þessa drauma sem endurminningu frá forfeðrum manna, sem héldu sig í trjám og hröpuðu stundum til jarðar, eða áttu það á hættu. Varð mér svarafátt við þessu í svip. En þegar ég var orðinn einn, sá ég undir eins, hve óþörf þessi leit til forfeðranna er. Því að hafi þessi hröp einhverntíma verið tíður vökuveruleiki hjá forfeðrum mannkynsins, þá væri ekki því til fyrirstöðu, að þessir hrapdraumar ættu nú sinn vökuveruleika á öðrum lítið eitt skemmra lífþróuðum jarðstjörnum. En þó þykir mér líklegast, að nokkuð beri að líta á þessi draumhröp, ef þau

eru þá svo tiltakanlega algeng, sem rangþýðingu dreymandanna á atburðum í lífi draumgjafans skyldum því að hrapa, og er það ef til vill bending til hins rétta, að það var út frá lýsingu viðtalanda míns á eigin ferðalagi í flugvél, að drauma þessa bar á góma. Man ég líka eftir, að draumar um flug eða svif þóttu mér stundum í byrjun vera hrap, og má vel vera, að slíkra rangþýðinga gæti meira hjá börnum og unglungum. En um flugdrauma og marga aðra drauma er það að segja, að þá er varla hægt að skoða sem endurminningar frá forfeðrum, fremur en endurminningar úr eigin lífi, þótt slíkt eigi sér nú ekki stað hér á jörðu, sem manni virðist þeir vera.

FLUGDRAUMAR.

Það er ekki fátítt, að maður þykist í draumi sjá eða skynja á annan hátt eitt og annað, sem var, en ekki er lengur til, og hafði maður nokkur einhvern-tíma orð á því við mig, að alltaf þegar sig dreymdi heim á sínar bernskustöðvar, þá dreymdi sig þar gamla bæinn, sem þar var áður og raunverulega var þá horfinn, en önnur bygging komin aftur á öðrum stað. Gat ég þess til, að manni þessum hafi verið tamt að líta þannig á drauma sína og annarra, að þeir væru skynjanir og starf sálarinnar utan við líkamann, og mun honum þá hafa þótt þetta koma undarlega í mótsögn við það. Enda kemur það þar í mótsögn eins og líka öll sú ósamkvæmni, sem ég svo oft hefi talað um að sé á draummyndunum og því, sem maður í svefninum ætlar þær vera. Og það

kemur enn gegn þessari trú, trúnni á sálfarir, sem andatrúarmönnum mun vera svo töm, að í framlífsriti því, sem ég vitnaði til í greininni Svefn og hvíld — „Í afturelding annars lífs“ — segir á einhverjum stað, að fyrst eftir andlátíð séu menn ókunnandi og ómegnugir þess, sem síðar lærist, að svifa eða fljúga, en eins og kunnugt er, megnar maður slíkt oft í draumi og það undireins í bernsku. Verður því slíkt, samkvæmt þessu, undarlegt og óskiljanlegt séð frá sjónarmiði andatrúarmannsins, en hinsvegar mjög ljóst og auðskilið, ef litið er á þessa drauma sem vökulíf annars manns á annarri jörð. Er þess einmitt getið þarna í framlífsritinu, að þetta flug eða svif hinna framliðnu manna sé alveg eins og það, sem maður þykist stundum lifa í draumi. Var því lýst þar á þann hátt, sem ég kannaðist svo vel við úr draumum mínum, að huganum sé beint að einhverjum stað, sem svo sé svifið til og síðan þannig frá einum stað til annars. Og einhverntíma þóttist ég í draumi vera að æfa það að breyta um stefnu á fluginu — þótti það fara fram í löngum og krókóttum gangi — og man ég vel eftir ánægjunni, sem fylgdi getunni til þess.

DRAUMUR BJÖRNS BJÖRNSSONAR.

Vorið 1940 átti ég eitt sinn tal við Pétur Beinteinsson, skáld frá Grafardal, og sagði hann mér þá meðal annars, að hann hefði — ég held þá nýlega — verið á miðlsfundí. Og eitt af því, sem framliðinn hafði sagt fyrir miðils munn, var, að hann hefði

vaknað til framlífs í bláu herbergi með gylltum stjörnum. En áður um daginn hafði ég átt tal við annan mann, Björn Björnsson að nafni, og sagði hann mér þá frá draumi, sem hann hefði dreymt einhverntíma. Var draumurinn á þá leið, að Björn þóttist vakna eins og af svefni í rúmi á ókunnum stað. Fannst honum það helst vera í einhverskonar sjúkrahúsi, og sá hann þar fólk og þóttist þekkja sumt af því. En það var eins og fólkisvildi leyna hann einhverju, eða vera í vandræðum með, hvað segja skyldi. Þótti þá Birni sér koma í hug, að hann væri dáinn og í öðru lífi, og þóttist hann þá spyrja fólkisvildi, hvort svo væri. Sagði það svo vera. Eftir það þóttist Björn fara á fætur og vera alheill heilsu og með styrkan líkama, og kemur mér í hug, að honum hafi orðið það ljósara og minnisstæðara vegna þess, að draumgjafi hans, sem ég ætla, að ástatt hafi verið um eins og draumurinn bendir til, hafi þá fyrir skömmu ekki verið heill. Þótti Birni allt vera þarna líkamlegt og jarðlegt, sem fyrir augu bar. En stofan, sem hann þóttist vakna í, var blá og með gylltum stjörnum eins og sú, sem Pétur fékk lýsingu af gegnum miðilinn.

DRAUMUR PÉTURS BEINTEINSSONAR.

Ekki hafði ég veitt því eftirtekt fyrr en annar maður vakti athygli mína á því, að fjarlægðarmun staða og hluta skynjar maður síður eða ekki, nema neytt sé beggja auga. En þó skynjar maður ekki með sínum tveimur augum fjarlægðarmun hinna fjarstu

hluta, sem sjá má, stjarnanna. Verður því að ætla, að það hafi verið fyrir samkynjan við einhvern betur skyggnan en nokkurn íbúa þessarar jarðar, að Pétur Beinteinsson þóttist einu sinni í draumi glögglega geta greint einnig þennan mun. Sleppi ég að giska á, hversvegna sú skyggni hafi verið svo fullkomin, en læt hér koma drauminn eins og Pétur sagði mér hann í bréfi til míni haustið 1941:

„Aðfaranótt 13. júlí síðastliðinn dreymdi mig, að ég virti fyrir mér suðurloftið hérumbil í nónstað. Heiðríkt var og blikandi stjörnur í heiðinu. En stjörnur þessar sá ég ekki með venjulegum hætti sem blikandi ljóspepla á sléttum fleti, heldur í mismunandi fjarlægð eins og við sjáum jarðneska hluti. Blik þeirra var óvenju skært og ljósmagnið margfalt við það, sem ég hef séð í vöku. — Á meðan ég virti þetta fyrir mér, heyrði ég einhvern segja fremur en að ég segði það sjálfur: Það er ekki fyrirhafnarlaust að kanna þessar leiðir. (Hvort þetta var orðrétt svona, man ég ekki með vissu)“.

DRAUMUR SVEINBJARNAR PORSTEINSSONAR.

Eins og ég hefi margtekið fram, þá tel ég ósamkvæmni draumsýnanna og þess, sem maður þýðir þær jafnan fyrir í svefninum, vera fullgilda sönmun þess, að draumar séu ekki að undirrót endurminningar dreymandans úr vöku. Hefi ég og talað um ástæðu til að ætla, að draumsýnirnar geti heldur ekki verið einar saman hugsmíðar dreymandans, og

kemur þar enn til viðbótar þeim ástæðum, þegar dreymandi gerir hvorttveggja í senn, að sjá og athuga það, sem séð er. Er auðsætt, að í sambandi við hugsýn, sem maður vakandi reyndi að kalla fram, gæti slikt ekki átt sér stað. Og hversvegna ætti það þá að geta átt sér stað um hugsýn sofandi manns? Skal hér nú segja eitt dæmi þess, þar sem dreymandinn samtímis því að sjá hlutina athugar þá á þann hátt, sem aðeins raunverulegar sýnir verða athugaðar. Skrifadaði ég drauminn upp eftir frásögn dreymandans, Sveinbjarnar Þorsteinssonar, og hafði hann þá dreymt hann nöttina á undan:

„Mig dreymdi, að ég væri staddur í Reykjavík, skammt frá tjörninni, þar sem barnaskólinn er. En húsin, sem ég sá, voru miklu stærri en þau, sem eru á þessum stað. Flugvélar sá ég þarna á sveimi uppiyfir, margfalt stærri en stærstu flugvélar, sem ég hefi séð í vöku, og greindi ég þær vel. En er ég var að horfa á flugvélarnar þaðan, sem ég stóð, en það var undir háu húsi, fór ég að furða mig á því, að mér fannst húsveggurinn slúta nokkuð fram eða út, og þóttist ég þó vita, að húsveggir væru jafnan hlaðnir að sér. Voru veggir hússins hlaðnir upp en ekki steypdir. Og til að ganga úr skugga um, að veggir húsanna væru annarsstaðar hlaðnir nokkuð að sér, fór ég í svefninum að miða húsin saman á þann hátt, að það hlyti að koma í ljós, og reyndist það þá svo“.

SANNLEIKSEINKENNI DRAUMSAGNA.

Í bernsku heyrði ég einhverntíma sagt, líklega samkvæmt einhverri gamalli trú, að ein mesta lyga-synd væri, að segja rangt frá draumum sínum eða ljúga þeim upp, og get ég nú fallist á, að nokkuð muni vera hæft í því. Mun engin verri synd vera en sú að ljúga þannig, að tafið sé fyrir réttum skilningi á veruleikanum, tafið fyrir aukning þekkingar, en undirstaða þeirrar þýðingarmiklu þekkingar, sem er réttur skilningur á eðli draumanna, er einmitt falin í því, að menn geri sér grein fyrir þeim og ljúgi þar engu. En margt er, sem veldur því þó, að menn ljúga stundum óvitandi í sambandi við drauma sína. Má þar til nefna oftrú á táknræni eða spágildi þeirra og hneigð til að færa í stíl, gera það sögulegt og ljóst í frásögn, sem var óljóst dreymt og sundur-laust og gat það orðið til þess að skyggja á það, sem raunverulega var. Þykir mér nú sem oft megi finna, ef draumsaga hefir aflagast á þennan hátt, og sé ég ekki ástæðu til að ætla slikt um draumsögurnar þrjár hér að framan. Þykir mér t. d. sannleikseinkennið sýna sig vel í því, hve draumsýn Péturs Beinteinsonar verður honum miklu minnisljósari en það, sem hann heyrir sagt eða þykist segja. Er skiljanlegt, að miklu auðveldlegar framleiðist í vitund dreym-andans sýnir draumgjafans heldur en hugsanir, einkum þó, ef mikill er munur vitundanna. Má vera, að Pétur hafi munað svo óljóst, hvort hann sjálfur þóttist segja setninguna eða heyra hana, af því, að

þar sem draumgjafinn átti heima, hafi hugsanaskipti farið fram með nokkuð öðrum hætti en hér gerist. Og ekki er hitt síður skiljanlegt útfrá kenningunni um draumgjafann, að húsin, sem Sveinbjörn þóttist sjá, væru ólik húsunum þar, sem hann þóttist vera staddur, og reyndar öllum venjulegum húsum. Kemur þar einmitt fram besta sannleikseinkenni draumsögu, því að vegna vanþekkingar á eðli draumanna hefir þessu aðaleinkenni draumanna svo lítil athygli verið veitt, að jafnvel góðskáldum hefir varla tekist að búa svo til draumsögu, að þess hafi ekki verið vant. Er þar gott dæmi þess, hvernig athugaleysið og skilningsleysið fylgist að, og svo á hinn veginn, hvernig réttur skilningur leiðir til athugunar á því, sem er, og sem verður hinum rétta skilningi til enn meiri styrktar.

VIÐ GREFTRUN

„Af jörðu skaltu aftur upprísa“.

Pað er sumardagur bjartur og blíður. Pað eru ómar í lofti, og dalurinn breiðir faðminn móti sólinni og brosir. Hann er að gleðja sig yfir hinu gróandi lífi.

Allt í einu berst klukknahljóð að eyrum mínum. Pað er líkhringing. Og nú man ég, hvar ég er staddir. Umhverfis mig sé ég alvöruleg andlit og döpur í bragði. Þar eru þeir, sem eru að fylgja hinum látna til greftrunar.

Pað marrar í líkböndum. Kistan er látin síga niður í gröfina. Presturinn kastar fyrstu rekunni og til mín berast þessi orð: Af jörðu ertu kominn.

Ég horfi á moldina dökka og óreglulega. Hve furðulegt er ekki það, að af henni skuli vaxa hinar margbreyttu, fögru og undursamlegu myndir jurta og dýra. Ég tek lítinn stein upp í hönd mína. Á þúsundum alda hefir hinn leysandi kraftur sólarinnar umbreytt hinu harða bergi jarðarinnar í sand og gróðurmold. Mun ekki koma að því, að einnig þessi steinn verði hæfilegt byggingarefni í líkama einhverrar lifandi veru? En hvaðan væri þá sá kraftur runninn, sem tæki upp hin uppleystu efni hans og

lagaði af þeim að einhverju leyti fagurt blóm eða heila göfugs vitrings?

Annari reku er varpað og til mín berast þessi orð: Að jörðu skaltu aftur verða.

Hve efnið er reikult. Og þó hefir það aldrei byrjað og hættir aldrei að vera til í einhverri mynd. Mér verður litið á sjálfan mig. Í líkama mínum eru hin sömu efni að koma og fara, sem ef til vill hafa svo ótalsinnum streymt um aðra lifandi líkama. En að lokum hættir í mér allur straumur þess og allt leysist sundur og dreifist.

Peyti ég frá mér steinum, sem ég held á, breytist orka handar minnar í líflausa orku samskonar og blærinn er eða lækjarstraumurinn. En líkami minn tekur upp nýja orku fyrir þá, sem hann lét, uns sögu hans er lokið. Mun þá ekki kraftur sá, sem hélt honum saman, sálin, vitundin, dreifast og hverfa?

Í þriðja sinn varpar presturinn reku, og til mín berast þessi orð: Af jörðu skaltu aftur upp rísa.

Hinar fyrri setningar höfðu sannleik að geyma. Hví skyldi þá ekki nokkur sannleikur felast í hinni síðustu? En hvílik firra virðist hún ekki samt. Og líklega trúir presturinn henni ekki fremur en aðrir. Öld eftir öld hefir hún samt hljómað yfir moldum kristinna manna og verið heyrð í hugsanaleysi eða vantrú. En hvaðan hefir prestinum komið þessi kenning um upprisuna?

Ég er í anda staddur við sjávarströnd, og við augum mínum blasir merkileg líking. Af landi stendur vindur, ímynd kraftarins upptaka, þó að sjálfur eigi hann sér önnur upptök og þau enn önnur. Fyrstu

bárur vakna, smáar í byrjun. Þær stefna á haf út stígandi og hnígandi og fara æ stækkandi. Hvort er hér ekki ímynd hinnar framvindandi og sífellt vaxandi lífstilveru? Og hver bára er sem einstaklingur. Þótt hún hnígi í djúpið, dreifist ekki krafturinn, sem byggði hana, heldur berst fram og birtist í nýjum báruham, samsettum af öðrum vatnseindum en sá fyrri, en þó samskonar.

Ég horfi í anda út í stjörnubjarta nótt. Og nú þegar ég hefi séð fyrir mér framvindu bárunnar og hamskipti hennar, þá finn ég þarna stað hinum síðustu orðum prestsins: af jörðu skaltu aftur upp rísa. Ég skil nú, að eins og báran endurrís, þannig endurrís kraftur hvers deyjandi manns á annarri jörð í djúpi hins endalausa hafs himinsins. En það, að upprisan átti að dragast þar til hinn ímyndaði dómsdagur skyldi koma, gat komið af misskildu fyrirheiti um það, að hinir dánu geti, þegar lífið yrði hér nægjanlega fullkomið, komið hingað hamförum og tekið hér aftur á sig nýja líkami.

1925.

HIN ÍSLENSKA HEIMSFRÆÐI OG SPÁDÓMUR NOKKUR

Jakobs þrep, undir starandi stjörnum,
stigin skulu af Eddunnar börnum.

Einar Benediktsson.

Í bók, sem í íslenskri þýðingu heitir „Hin mikla arfleifð Íslands“, er því haldið fram, að íslensku þjóðinni sé hið stærsta hlutverk ætlað og að héðan muni innan skamms skína ljós öllu mannkyni til ósegjanlegra heilla. Er höfundur þessarar bókar breskur. En jafnvel þó að hann sé Breti, það er að segja ekki Íslendingur, þá hygg ég, að flestum Íslendingum muni þykja skynsamlegast að líta svo á, að þarna sé aðeins um markleysu að ræða. Í augum Íslendinga flestra mun það þykja hið ólíklegasta, að Íslendingur eða Íslendingar geti átt forgöngu að einhverju stóru. Hinir skynsömu menn, sem þykjast vera, munu hvergi gera sér vonir um nokkuð stórt eða nýstárlegt, engin „minnisverð tíðindi“, nema í sambandi við byltingar eða eitthvað stjórnþákennt. En hvað sem hverjum þykir, þá getur mér ekki annað en fundist mikið um þennan spádóm.

Ég ætla ekki að fara hér út í ástæður þær, sem spámaðurinn byggir á trú sína um Ísland eða rök-

semdir hans yfirleitt. En mér þykir trú hans merkileg vegna þess, að hér hefir einmitt komið fram kenning eða drög til nýrrar þekkingar, sem ég er sannfærður um, að geti haft hina mestu þýðingu fyrir allt mannkyn þessarar jarðar, og fleiri. Á ég þar við heimsfræði dr. Helga Pjeturss, boðskap hans um lífsambandið á milli stjarnanna. Er þar meðal annars stefnt að því að sætta trú og vísindi, eða réttara sagt, skapa þar vísindi, sem áður hefir verið trú, svo að miklu dásamlegra verði þar um að litast en áður. Þykir mér mjög merkilegt, að A. R., sem sennilega veit ekkert af þessari kenningu, eða hefir víst ekki vitað, þegar spádómur hans kom fyrst fram, skuli einmitt segja í þessari bók sinni, að hið íslenska ljós muni sætta trú og vísindi.

Það er til sambands við guðina og hinn guðlega kraft, sem hin íslenska þjóð á að verða brautryðjandi að. Hér eiga hugsjónir Jesú að rætast, en ekki fyrir trú eða afturhvarf til nokkurs þess, sem áður hefir hér fram komið. Hinir kristilegu hugsjónir munu ekki rætast á kristilegan hátt, heldur vísindalegan. Hinir trúarlegu draumar mega rætast aðeins fyrir þekking.

SKÖPUNARSAGA BIBLÍUNNAR SÉÐ Í LJÓSI ÍSLENSKRAR HEIMSFRÆÐI

Einhverntíma, þegar ég var barn, sá ég því haldið fram til varnar bókstafstrú bibliunnar, að ljós það, sem sagt er, að guð hafi látið verða, áður en sólin var sköpuð og stjörnurnar, hafi getað verið norðurljós. Var þetta svar gegn gagnrýni, sem komið hafði fram gegn sköpunarsögunni, og verður ekki annað sagt en að það svar sé veigalítið. En þó að ég hafi fremur litla löngun til að styðja sumar kenningar bibliunnar eða láti mér margar þeirra koma lítið við, þá skal nú til gamans sýna fram á sannsögulegan möguleika þessa umrædda atriðis sköpunarsögunnar. Get ég einmitt búist við, að sól og stjörnur hafi ekki komið við sögu á jörðinni fyrr en jafnvel á 4. degi sköpunar hennar, og í fyrstu hafi hún ekki einungis verið auð og tóm, heldur líka dimm.

Pað sem ég hugsa mér er nú þetta:

Maður, ef til vill spámaðurinn Móse, var að virða fyrir sér hina ýmsu hluti tilverunnar. Fór hann þá að hugsa um, hvernig þetta allt hafi orðið til, og svo að tala um það við einhverja aðra, sem einnig leiddu hugi sína í sömu átt. En við það skapaðist sameiginlegt hugsanaaflsvæði, sem stillti spámanninn til sam-

bands þangað, sem vitað var um upphöf og sköpun veralda. Varð þetta samband þó fremur sjónar en vitsamband, eins og þegar atburðir þeir, sem sagt er frá í Opinberunarþók Jóhannesar, voru séðir. Hugsa ég mér, að sýngjafi spámannsins hafi fyrir mögu- leika, sem enn eru hér ekki fundnir, verið að virða fyrir sér umhorf á einhverri jarðstjörnu á upphafss- skeiði. Var þá sú jörð auð og dimm eins og ætlað er að sé nú á Venus, og miklir mekkir sveimuðu þar yfir vötnum og vellandi djúpum, og má vel hugsa sér, að spámaðurinn hafi ætlað það vera anda guðs. En svo skipti um mynd og útsýn kom um aðra jörð, sem var betur kólnuð og bjartari, en þó hulin skýjum og móðu, svo að hvergi sást til sólar né stjarna. Má einmitt ætla, að svo hafi verið á dögum hinna miklu burknakónga, sem lagt hafa efni til steinkolalaganna. Síðan gefur sýn til jarða, einnar á fætur annarri, þar sem sjá mátti hin ýmsu stig lífsþróunarinnar nokkurnveginn í sömu röð og verið hefir hér á jörðu, og má ef til vill segja, að sól og stjörnur hafi ekki komið til sögunnar fyrr en lífverurnar fóru að gera sér grein fyrir þeim. Og síðast er það, og þá er lengra komið fram þróuninni en ennþá er hér, að sýngjafinn sér fyrir sér mann liggjandi í fasta svefni og yndis- lega fagra konu vera að skapast út frá „einu rifi“ hans, og hefi ég séð mynd af svipuðum atburði, þó að í smærri stíl væri og ófullkomnari. Segir af þessari mynd í Nýal á einum stað, en myndin er af Haraldi Níelssyni og konusvip, sem verður af sterkri geislan, sem leggur út frá annarri síðu hans. Þykir mér ekki óliklegt, að sú svipmynd hefði getað orðið

skýrari, hefði Haraldur verið myndaður sofandi, og má jafnvel ætla, að þar hefði þá getað orðið meira en mynd. Get ég hugsað mér, að alltaf þurfi einhvern Edam eða Evu til þess að falla í fastan svefn, þar sem fram skal koma kona eða maður skyndisköpuð. Eru til ýmsar frásögur, sem benda til, að slíks hafi þurft við, þar sem svipir birtust eða önnur áhrif deyjandi eða látinna manna gerðu vart við sig.

BLÁMI HIMINSINS

Ég hefi, ef ég hefi skilið það rétt, séð því haldið fram, að blámi himinsins væri nokkurskonar eftirsátur hinna bláu geisla sólarljóssins, sem ekki hafi komist til jarðarinna alla leið. Ætti þá himinblámann að vera til orðinn af alveg gagnstæðri ástæðu við það, sem kvöldroðanum veldur, og á ég erfitt með að skilja slíkt. Roðinn stafar skiljanlega af því, að þegar sól er lágt á lofti, ná augum manns aðeins, eða nálega aðeins, hinir rauðu geislar sólarljóssins. En þá skilst mér, að hinir bláu geislar sitji ekki eftir á annan hátt en þann að ná ekki augum manns, hvort heldur sem væri beint eða í neinu endurskini. Hitt bykir mér miklu skiljanlegra, sem ég einnig hefi séð haldið fram, að blámi himinsins stafi af því, að í loftinu sé efni, sem kalla megi blátt á sama hátt og hvert annað efni eða hluti, sem er með þeim lit. Hefi ég einmitt séð haldið fram, að þetta efni, súr- eða fjörginsefni loftsins, valdi einnig roða blóðsins, og heillar það mig til umhugsunar um leik milli tveggja skauta. Eru slíkir leikir efni allrar sögu og fegurstir þó í tafli lífsins, þar sem saman á leik hið fagurbláasta og fagurrauðasta af öllu. En í stað þess að segja hér frá nokkru slíku tafli, ætla ég aðeins að segja

frá nokkru af því, sem mér í dag bar fyrir augu, og hvað ég þykist mega af því álykta um bláma himinsins.

Veður var ekki fagurt venju fremur. Hafði verið útsynningséljagangur, en var að snúast til norðurs. Degi var mjög tekið að halla til suðvestur og í norðaustri voru rauðleit ský neðst. En ofar voru fjólu-bláir litir mjög sterkir, og sá ég ekki, hvort þar var heiðríkja eða ský mjög fjarri. Fór ég að hugsa um, af hverju þessir litir stöfjuðu, og þótti líklegast, að fjólu-bláminn stafaði af endurkasti hinna rauðu geisla frá einhverju bláu. Og eftir nokkra stund, er roðinn var horfinn af hinum neðstu skýjum norðursins, kom í ljós, að þarna var aðeins um heiði að ræða, en óvanalega blátt fannst mér. Efst var litur himinsins myrkari, en í suðvestri og vítt útfrá var himininn bjartur, og gætti þar bláa litarins að vísu, en minna vegna ofurvalds hinna rauðu og gulu sólar-geisla. En hversvegna var norðausturloftið, þar sem áður höfðu verið hinir fjólu-bláu litir, svona fagur-blátt? Varla gat það stafað af eftirsátri eða endurkasti hinna bláu sólargeisla, þar sem sól náði ekki framar að skína þangað beint. En ef þess var gætt, að birta sú, sem náði þangað, var nærri eingöngu endurskin frá bláu efni, þ. e. lofthvolfi suðvesturhiminsins og endurkastaðist svo aftur til mín frá bláu efni, þ. e. lofthvolfi norðausturhiminsins, þá varð fagurbláminn skiljanlegur, jafnvel þótt upp-runaljósið væri tiltölulega snautt af bláum geislum. Allir geislar, sem ekki höfðu verið bláir, höfðu nú,

þrátt fyrir kvöldroðann, drukknað í bládjúpi norð-austurhimins eftir að hafa að mestu drukknað í bládjúpi suðvesturhimins, þar sem roðans gætti á skýjum. En ef til vill gat líka eftir veðrabrigðin loftið verið súrefnisauðugt venju fremur, og himininн því verið í fagurbláasta lagi.

FLJÓT LÍFSINS

Ég hugsa mér jarðlífið sem fljót. Ég sé straum þess renna og ég sé öldur þess berast fram hjá mér, en ég sé ekki upptök þess eða ós. Hvaðan er það og hvert fer það?

Maður kemur til mín. Hann bendir mér til himins þangað sem sólskini stafar niður um skýjarof, og segir: Þaðan kemur fljótið, sem þú sérð renna við fætur þína. Það kemur frá guði. Síðan hverfur hann þessi maður, og ég sit einn eftir og horfi með lotningu þangað, sem geislum stafar niður.

Annar maður kemur til mín. Hann fer einnig að ræða við mig um fljótið. Hann bendir mér á lækina og lindirnar, sem glitra í fjallahlíðunum, og á eina, sem kemur undan bergi rétt hjá mér, og hann segir mér, að af slíkum lækjum og lindum sé fljótið tilorðið. Hin fyrstu drög þess, segir hann, að séu örlitlar uppsprettur lengst inni á öræfum, sem aukist hafi smám saman af því, sem við bættist, og að þannig muni fljótið halda áfram að aukast allt til óss. Og enn sit ég einn eftir og hugsa um það, sem þessir tveir menn höfðu sagt mér, og mér virðist það vera ósættanlega andstætt hvað öðru.

ENN kemur til mín maður, og einnig hann fer að tala við mig um þetta mikla fljót. Og er ég segi

honum hvað hinir fyrri höfðu sagt mér og hversu það rekist á, þá segir hann mér til undrunar, að báðir þeir hafi haft nokkuð til síns máls, en hvorugur hafi þó haft alveg rétt fyrir sér. Hann segir, að skilningur hins síðari hafi að vísu verið raunhæfari og nær hinni réttu byrjun, en að mikið hafi þó skort í fræðslu hans. Þetta fljót, segir hann, er að vísu til orðið af lækjum þeim og lindum, sem spretta upp og síast saman inni á öræfum og víðar. En þá er eftir að vita, segir hann, hversvegna þær lindir og lækir verða þar til. Og svarið við þeirri spurningu, segir hann, að hafi að nokkru legið í því, sem hinn fyrri komumaður hafi sagt mér, þó að ófullkomlega væri sagt og villandi. Og nú bendir hann mér á skýin, þangað sem regni stafar niður á einum stað, og hann segir mér, að úr skýjunum komi það vatn, sem allar lindir verði til af. En skýin, segir hann mér að séu vötn, sem hafist hafi upp frá höfum jarðarinnar fyrir geislan frá sól, einmitt þar, sem hinn fyrsti komumaður hafi sagt mér, að væru upptök fljótsins. Og skilurðu nú ekki, segir hann um leið og hann kveður mig, að þetta fljót, sem þú kallar fljót lífsins, er bæði af himni og jörðu? Það hefði aldrei orðið til og gæti ekki haldið áfram að vera til án hins himneska sólaryls. Hjá sólinni er hið fyrsta upphaf þess.

ÓFULLNÆGJANDI SKÝRINGAR

Enga löngun hefi ég til þess að gera lítið úr hinu sálfræðilega riti dr. Símonar Jóh. Ágústssonar, „Mannþekking“, sem út kom 1945. Hygg ég, að segja megi, að bók þessi sé á margan hátt fróðleg og nyt-samleg. En þó finnst mér, að sumsstaðar hefði höf-undur getað beitt betur greind sinni og athugun, og skal hér einkum ræða um það eitt, sem þar stendur á bls. 19. — Segir dr. Símon þar, að hann hafi fyrir nokkrum árum lifað upp í draumi atvik, sem fyrir hann kom, er hann var 3—4 ára gamall. En sam-kvæmt eigin reynslu í sambandi við drauma og sam-kvæmt því, sem jafnan kemur fram í draumsögum annarra, þá þori ég að fullyrða, að draumur er aldrei endurminning, þó að manni kunni að sýnast svo í fljótu bragði. Raunveruleikinn er sá, að maður lifir það aldrei nákvæmlega upp í draumi, sem hann hefir lifað í vöku, og ætti sú ósamkvæmni, sem æfinlega er á milli draumsýnanna og þess, sem maður þýðir þær fyrir, að vera fullgild sönnun þess, að endur-minningar séu ekki undirrót draumanna. Hitt er heldur, að draumsýnirnar veki upp endurminningarnar, og mun svo hafa verið um draum dr. Símonar. Atvik, sem hann þykist lifa í svefninum, vekur upp endurminning um hið löngu liðna bernskuatvik, rétt

eins og vökuatvik getur stundum vakið upp minningu um annað vökuatvik, eða þá minnt á og rifjað upp draumatvik lönguliðið eða frá nótturni áður. Virðist vitund manns þannig ekki gera mun á draumatviki og vökuatviki, draumsýn og vökusýn, og gefur það eitt nokkra ástæðu til að ætla, að draumar séu í rauninni svo sem sýnist. Sé litið á þá eins og þeir koma fyrir, þá eru þeir einmitt aefinlega, þótt óljósir séu jafnan og sundurlausir, fyrst og fremst sýnir og atburðir, eins og það sem gerist í vöku, líf en ekki hugsanir, og verður því, ef ihugað er, mjög óskiljanlegt, að þeir séu aðeins framleiðsla eigin vitundar, og kemur þar lítt til hjálpar, þótt talað sé um „dulvitund“ eða annað slíkt. „Dulvitund“ skýrir hér ekkiert, nema sýnt væri greinilega fram á, hvað hún sé og hvernig hún fari að framleiða það, sem hin eiginlega meðvitund manns getur ekki framleitt, sýnir og atburði, sem maður aldrei hefir séð eða lifað í vöku, og stundum geta þó verið ógleymانleg. Og eins verð ég að segja, að orðið „dulvitund“ sé ófullnægjandi skýring á því, að maður í miðilsástandi eða óráði talar tungumál, sem hann í venjulegu ástandi kann ekki stakt orð í. Því að þótt einhverntíma kunni að hafa verið sannað, að maður, sem slíkt kom fyrir, hafi áður heyrt lesið á þessu máli, einmitt það, sem hann í miðilsástandi síðar þuldi, þá verður mér óskiljanlegt, að hann af eigin rammleik geti nokkru sinni munað það, sem hann aldrei nam eða kunni. Og þó að þetta gæti staðist, þó að maður gæti í miðilsástandi af eigin rammleik munað það, sem hann aldrei greindi nema ófullkomlega — slíkt er ekki

sambærilegt við ákveðnar skipanir dávalds, sem dá-leiddur maður verður fyrir — þá næði það skammt til að skýra allt það, sem miðlar, eða menn skyldir þeim að hæfileikum, hafa stundum sagt eða vitað án þess, að það á nokkurn hátt verði rakið til þess, sem fram við þá hafði komið áður. Eða ætti maður að líta á allar þær sögur sem lygi og misskilning, sem sagðar hafa verið í sambandi við Swedenborg, Isfeld og ótal marga aðra og sem með engu móti verða skýrðar með þessari dulminniskenningu.

Dr. Símon Jóh. Ágústsson er lærður maður og með viðleitni til sjálfstæðis í hugsun. Reynir hann jafnan að kryfja efnið til mergjar, finna ástæðu eða skynsamlega meðalvegi milli hinna ýmsu kenninga, sem hann ræðir um og byggir á. En betur mundi þó hið andlega sjálfstæði hans hafa komið í ljós, hefði hann ekki í sambandi við það, sem að framan getur, og víðar í þessari bók sinni, gengið þegjandi fram hjá kenningu dr. Helga Pjeturss um lífgeismanina og það, sem út frá henni verður skilið. Mun einhverntíma koma að því, að sú kenning þyki hafa verið ekki minni viðbót í líffræðilegum og sálfræðilegum skilningi en það var í heimsfræði, þegar fyrst var vitað, að jörðin er ein af stjörnum himinsins.

GUNNAR Á HLÍÐARENDÁ

„Hver hefir til síns ágætis nokkuð“, eru hin síðustu orð, sem sagan hefir eftir Gunnari á Hlíðarenda, og veit ég ekki til, að þeir, sem reynt hafa að gera lítið úr vitsmunum hans, hafi látið eftir sig viturlegri setningu. Eru þessi orð svo viturleg, að í þeim felst ein mesta undirstaða þess, að samræmi geti tekist manna á milli. Með því að sjá, að hver hefir til síns ágætis nokkuð, hverfur óvild til annarra og líka öfund, því að sá, sem einnig veit sitt ágæti, kærir sig ekki um að skipta við aðra. Kemur þessi hugsunarháttur Gunnars vel heim við það, að bjart hafi verið umhverfis hann dauðan eða í öðru lífi, því að ólíklegt er, að hann hafi í rauninni verið í haugnum með þeim hætti, sem hann birtist þeim Höagna og Skarphéðni. Mun hann hafa verið þannig í eðli sem í sjón, bjartur og hreinn, og er því ekki að undra, þó að gagnrýnendur þykist geta fundið á honum góða höggstaði. Hreinir menn kunna lítt að lifa í samræmi við þá öld, sem mest á undir gagnrýni og undirhyggju. Sá, sem best er fallinn til samræmis góðvildarinnar, þess samræmis, sem byggist á því að sjá hvern hafa til síns ágætis nokkuð, verður oft utanvið þar, sem þeir einir þykja miklir menn, sem dæma og lítilsvirða. Þar kann sá yfirleitt ekki að

haga sér, og verður þá stundum ágæti hans ekki séð nema gegnum bresti hans. — Gunnar kunni ekki að öllu leyti að halda virðingu sinni í sambandi við sitt einkalíf, og hann kunni ekki að fara að ráðum síns besta vinar og lét einþykki sína og tilfinningar aftra sér frá því skynsamlega ráði að yfirgefa hlíðina sína fögru. En fyrir þá óskynsemi verður hann í augum mínum hreinni og bjartari. Og mun það nú einmitt ekki hafa mikið verið vegna þessarar birtu, sem meir fylgir stundum ógæfumönnum en þeim, sem best kunna fótum sínum forráð, að spekingurinn, Njáll, var svo mikill vinur Gunnars? Getur ekki verið, að vegna hennar hafi honum orðið margt ljósara í návist Gunnars en í návist annarra manna? Er ekki einmitt eins og Njáli hafi förlað, eftir að Gunnar var úr sögunni?

EFTIRMÁLI „TUNGLSGEISLANNΑ“

SAMTAL.

B.: Hvað áttu við með heiti bókarinnar?

P.: Tunqlsgeisla nefni ég hana vegna þeirrar skilningsundirstöðu, sem ég hefi þegið af dr. Helga Pjeturss. En raunverulegur þiggjandi sannleikans getur maður naumast verið án þess að ávaxta hann að nokkru. Réttur skilningur hlýtur æ að leiða af sér aukinn skilning, því að á réttri leið er enginn án þess að vera á framfaraleið. Próun eða framför er hið óbrigðulasta einkenni hins rétta, og mætti það því vera mikil sönnun fyrir ágæti þeirrar undirstöðu, sem hér ræðir um, að skilningur minn á tilverunni hefir til þessa jafnt og stöðugt verið að færast út og aukast. — Pessi bók mín er að vísu, eins og reyndar allar aðrar bækur, að langmestu leyti endurskin þess, sem höfundurinn hefir af öðrum þegið, og er hún það ef til vill á venju fremur áberandi hátt vegna þess, hve hér er mjög af einum manni þegið. En hún er einnig saga af ávöxtum þess, sem þegið var. Þegar ég skrifaði, þá gerði ég það vegna þess, að mér kom eitthvað nýtt í hug eða varð eitthvað ljósara en mér hafði áður verið. Og með því að skrifa eða orða það, sem mér skildist, lagði ég oft undir-

stöðu til nýrrar skilningsútfærslu. Með því að orðast eru hugsanir manna fyrst orðnar til og færar um að fæða af sér aðrar nýjar.

B.: Hefir þú þá ekki bætt ýmsu við skilning þinn eftir að þú laukst við að skrifa bókina?

P.: Eitt af því, sem ég geri mér nú betur grein fyrir en þá, er hin mikla þýðing lífskraftarins fyrir heimssköpunina. Ég hafði að vísu gert mér ljóst, að lífið er takmark allrar tilveru, eða þá það sem væri æðra en líf, og að án sambands þess á milli stjarnanna hefðu engir lifendur orðið til, hvorki á þessari jörð né öðrum. En eftir að ég hlustaði á lestra Hjartar Halldórssonar um „uppruna og eðli alheimsins“, sem hann flutti í útvarpið í ársbyrjun 1951, fór mér að verða ljóst það, sem þar var þó ekki haldið fram, að án lífsins hefðu stjörnurnar aldrei getað orðið til. — Það er undirstöðuatriði að gera sér ljóst, að öll tilvera er sambandstilvera jafnframt því að vera einstaklingstilvera. Undirstaða allrar tilveru eru einingjar og sambond einingja. Og þar sem ljósið getur ekki nægt til alsambands óendenlegs heims, þá hlýtur einhver annar og hraðgeiskaðri kraftur að koma þar til greina, og þykir mér þá liggja beinast fyrir að ætla lífið vera þann kraft. Í stað þess, sem stjarnfræðingar hafa ætlað og ætla enn, að lífið sé aðeins hæpið og þýðingarlaust fyrirbæri í sköpun hins mikla heims, þá ætla ég nú, að lífið sé þar frumorsök og undirstaða. — Við uppgötvun þess, að draumar og miðilsfyrirbrigði stafi af áhrifum lifandi manns á öðrum jarðstjörnum liggur það fyrir sem staðreynd, að lífgeislinn sé ósegjanlega miklu hraðari í förum

en geislan ljóssins. En með því að gera sér grein fyrir nauðsyn alsambands sem frumorsakar heims-sköpunarinnar, þá verður óhjákvæmilegt að leita til einhvers slíks kraftar, sem lífið eða lífgeislanin þannig hlýtur að vera.

B.: Og þú heldur því fram, eins og höfundur lestranna, sem þú nefndir áðan, F. Hoyle, að nýtt heims-efni sé æ að verða til.

P.: Það, að lífið hljóti æ að bæta við sig, kom mér til að álykta svo. En eftir að ég heyrði þetta haft eftir heimsfræðingi, sem hefir flest vísindi nútímans til að styðjast við, þá held ég þessu nú hiklausara fram en áður. Og ég þykist nú líka sjá fram á þetta glöggara en ég gerði, þegar ég vék að því hér í bókinni, og hefi ég reynt að gera grein fyrir því á einhverjum stað í „Íslenskri stefnu“. Mér þykir nú sem það liggi beint fyrir, að ásamt framvindu þeirri og söguviðbót, sem heimsrásin hlýtur æ af sér að leiða, eigi sér stað efnun, því að án þess getur naumast nokkur aukning átt sér stað. Efnið hlýtur æfinlega að vera undirstaða allrar tilveru. Og það er á brautum kraftar alsambandsins sem ég hugsa mér, að frumingjar þess verði til. Eins og það er skynhæfileiki hinnar lifandi veru, sem gerir atburðina að minningum og undirstöðu þróunar hennar, þannig get ég hugsað mér, að heimssagan efnist fyrst í námunda við hið eilífa og æðsta. Mér þykir einmitt liggja svo beint fyrir að ætla, að þar sem bróunin er lengst komin, sé uppsprettu hinnar ófullkomnustu byrjunar.

K.: Er það ekki kenningin um ættminnið eða minn-

ingaspekin þín, sem þú telur þig einkum hafa lagt fram til viðbótar því, sem áður hefir verið hugsað eða skilið?

P.: Fyrir mann með aðstöðu slíka, sem ég hefi, er víst ekki árennilegt að halda fram, að hann hafi fundið nýja þekkingar eða skilningsundirstöðu. En þótt ótrúlegt muni sýnast, þá er samt þarna um að ræða verulega viðbót og leiðréttingu, hvað snertir skilninginn á lífinu og þróun þess. Að vísu má segja, að þessi kenning mínn sé ekki ný, því að hún er í samræmi við það, sem Lamark hélt fram um hina áunnu þróun. En hjá mér kemur þetta þó fram í nýrrri mynd og þannig, að þar er þessi kenning hafin til nýrrar sóknar, sem ekki mun verða hrundið. Það liggur alveg ljóst fyrir, sé aðeins af nógu háum sjónarhól horft, að lífsþróunin hlýtur að hafa byggst upp af minningum þess um það, sem fram við það hefir komið, og að ættminnið er, þótt óvitandi minni sé, jafnraunverulegt og minni vitundarinnar. Lífið er byggt upp samkvæmt samskonar lögmáli og vitundin, þó að stigsmunur sé, og þarf því ekki annað, til að skilja aðalatriðin þar, en að skoða huga sinn og gera sér grein fyrir, hversu minningarnar eru þar byggingarefninum eða undirstaðan. Að gera sér grein fyrir einhverju, byggist æfinlega á því að tengja það einhverju, sem maður áður hafði gert sér grein fyrir — tengja það eða færa til viðbótar við minningar sínar. Má jafnvel gera sér ljóst, svo sem ég vék að áðan um uppruna efnisins, að í rauninni gildi þetta sem undirstaða í allri tilverubyggingu. Og það mætti vera nokkuð til marks um gildi þess-

arar kenningar minnar um ættminnið, að í ljósi hennar þykist ég nú sjá fram á aðalorsökina til þess, að lifendurnir eldast og verða æ að hverfa frá einum stað til annars.

K.: Ég man, að ég las um þetta einhversstaðar í „Íslenskri stefnu“. En ég hafði þá ekki lesið þessa bók þína, og hefi því líklega ekki skilið það nógú vel.

P.: Það má nú auðsætt heita, að ellin eða gömlunin stafar af því, að magnan sú, sem fór til að byggja einstaklinginn og halda honum við, fer að verða ófullnægjandi. En hversvegna hún verður ófullnægjandi með vaxandi aldri, það var sú spurning, sem mér þótti örðugra að svara. Og það var ættminniskenningin, sem færði mér þar loks hugsanlega skýringu eða svar. Við fæðingu sína er hver einn tilorðinn samkvæmt ættminni sínu, og er magnan sú, sem hann síðan þiggur, að mestu leyti ákvörðuð af því. En þegar fram líða stundir bætast einstaklingnum einnig æfiminningar, og við það skapast nokkur áhalli, því að magnanin, sem hann þiggur, heldur eftir sem áður áfram að ákvarðast af ættminningunum einum. Og þar kemur loks, að þessi áhalli tekur að leiða til elli og síðan flutnings eða hamskipta frá einum stað til annars magnaðri, þar sem endurbygginingin verður einnig samkvæmt æfiminningunum. — Mér þykir líklegt, að ef hægt væri að lifa með öllu ósnortinn af reynslu æfiáranna, að varðeita mætti orku sína öld eftir öld. En vegna þess reynsluþroska, sem hver einn hlýtur að bæta við sig með lífi sínu, hlýtur frumlífsbyggingin, sem aðeins er samkvæmt ættminningunum, að verða ófullnægjandi til lengdar,

og þar í liggur ástæðan til þess, að enginn getur eilíflega dvalið á sama stað.

K.: Af hverju stafar það þá, að einstaklingar sumra tegunda ná hærri aldri en einstaklingar annarra? Mér þykir ekki líklegt, að t. d. sauðkindin þroskist hraðar af æfiminningum sínum en maðurinn. En samkvæmt því, sem þú heldur fram, ætti þó svo að vera, fyrst sauðkindin nær ekki eins háum aldri.

P.: Þótt fljótt á litið virðist hér vera um mótsögn að ræða, þá verður það við nánari athugun heldur á hinn veginn. Ættminnið ræður að vísu mestu um, hver einstaklingurinn verður, og af því ákvarðast líka sú lífmagnan, sem hann í frumlifi sínu getur begið. En þó verður að ætla, að sú ákvörðun sé hvergi alveg fastskorðuð. Væri hún það, hefði hver kynslóð fyrir sig ekki getað bætt við sig neinum æfiproska og því engar viðbætur getað erfst til afkomenda. Og mér þykir ástæða til að ætla, að þetta þróunarrými eða þanþol ættminnisins sé meira hjá manninum en nokkurri annarri tegund hér á jörðu, og að hann geti því flestum dýrum fremur bætt við sig æfiproska án þess að gamlast þegar í stað. Bendir til þess aðlögunarhæfileiki hans og þá ekki síður hitt, hve seinþroska hann er og ósjálfbjarga lengi frameftir æfinni. Hvorttveggja bendir einmitt til þess, að hann sé lausbundnari en önnur dýr við þennan ættarfарveg sinn, sem eðlisávísunin er komin af, og þá um leið sína lífsuppsprettu. Það er af því, hve ættminnið er vel vakandi hjá hestum, kúm og kindum, að þessi dýr eru undireins eftir fæðinguna að miklu leyti

sjálfbjarga og hraðvaxin langt framyfir mannanna börn. En þessi fastbinding ættminnisins veldur því aftur, að minna rúm verður þar fyrir viðbætur æfiminninganna, svo að æfi þeirra verður skemmri, þó að hún víst sé að flestu leyti betri. Námsþolið er það því eða framfarahæfileikinn, sem maðurinn hefir fram yfir dýrin, rýmri geta til að neyta af skilningstré reynslunnar án þess þegar að deyja af því, en hann verður til þess að vinna að vera vesælasta skepna jarðarinnar og sú, sem langgjarnast er til að fara sér að voða. Og einnig mannið leiðir þó reynsluneysla til elli og dauða svo sem lifendur allra annarra tegunda. Nái maðurinn að verða það, sem kallað er gamall eða háaldraður, þá tekur einnig framfarahæfileiki hans að dvína, og að lokum verður æfibyrði hans honum óbærileg.

B.: Ég skil ekki vel þetta, sem þú segir um efnið, að það sé undirstaða alls og þó alltaf að bæta við sig eða aukast. Væri ekki réttara að segja, að krafturinn eða andinn sé undirstaðan?

P.: Ég sagði áðan, að hugsun væri ekki sköpuð eða orðin til fyrr en hún hefði verið orðuð eða á annan hátt gerð skynjanleg. Málið er undirstaða eða tæki hugsunarinnar, og má því vel skilja, að miklu skipti, að það sé gott. Til þess að góð heimspeki geti orðið til hjá einhverri þjóð, er það ekki síður nauðsynlegt, að málfar hennar sé gott en að hún sé vel ættuð, og er nú reyndar óhjákvæmilegt, að hvort tveggja fari saman. Vel ættuð þjóð heldur við tungusinni og fegrar, en hjá úrkynjuðum lýð hlýtur málið að spillast. — En það, sem ég annars hafði í huga,

er líkingin, sem er með byggingu hugsunarinnar og allrar annarrar byggingar tilverunnar. Frumingjar efnisins mætti segja, að svöruðu til bókstafa skrif-aðs máls, en það sem fyrir sambönd þeirra verður er sambærilegt við hinar ýmsu hugsanir, sem fram koma við sambönd bókstafa og orða. Hið sama, frumingjar efnis, liggur til grundvallar allrar tilveru frá hinu lægsta til hins æðsta, því að það er í mismun sambandanna, sem allur munur er falinn. Og aukningin hugsa ég mér að verði um leið og heimssagan bætir við sig, og leiðir þar til viðbótar hver sá atburður, sem ekki var hrein endurtekning annarra eða annars. Hvað leiðir í rauninni af öðru og byggist á öðru, efni, kraftur og framvinda. Og framvinda hvers, sem orðið er til, liggur í útfærslu sambanda. Get ég jafnvel hugsað mér, að viðleitnin til slíks sé þegar falin í sjálfum frumingjum efnisins, eins og þeir eru á lægsta stigi, og þá um leið það, hversu sú viðleitni tekst. Það, að uppsprettta efnisins stafi af brautum hins æðsta kraftar, hlýtur nálega að leiða af sér slíka viðleitni. Og eitt stigið á þessari leið efnisins til fullkomnumar eða alsambands er, eins og áður hefir verið sagt, þetta ástand þess, sem nefnt er líf. Með lifnun efnisins á sér stað útfærsla sambanda langt framyfir það, sem átti sér stað áður í hinni líflausu náttúru, og er, þegar einhver deyr, ekki annað en að eitthvað hefur rofnað, sem nauðsynlegt var til að halda við fullum samböndum eða ástandi ákveðinna sambanda. Lífið er hafning í kraftveldi á hærra stigi en áður, viðleitni til alsambands og almáttar, því að öll úrfærsla sam-

banda leiðir í þá átt. Kraftur efnisins er falinn í samböndum þess og hann hefir byggst upp um leið og saga þess gerðist. Og hér er ég nú kominn að því, sem ég hefi vikið að annarsstaðar, að kjarnorkusprengjan sé líkt og högg, sem reitt var til á svo löngum tíma, að skipti milljónum alda.

K.: Samkvæmt því, sem þú sagðir áðan, þá ætti mannsþróuninni að miða fram miklu hraðar en þróun annarra tegunda. En þó virðist mér, að litlu eða engu hafi munað frá því sögur hófust.

P.: Mér þykir sem hinn mannlegi einstaklingur hljóti, þegar rétt stefnir, að bæta við sig allmiklum mun meiri broska en aðrar tegundir hér á jörðu frá frumlífi til framlífs. Það er ekki einungis að maður í frumlífi sínu komi fram þar, sem lifað er samkvæmt því, sem hann stefndi til með lífi sínu hér á jörðu, heldur byggist hann þá einnig upp samkvæmt því. Allt sem hann ávann sér með lífi sínu hér, bætist honum þá, og lífsmagnanin, sem hann þá þiggur sér til viðhalds, verður þá einnig samkvæmt því. — Um það, að manntegundin hafi þróast fram, þarf nú að vísu ekki að efast, þó að tegundarþróunin hljóti æfinlega að fara fram miklum mun hægar en þróun einstaklingsins. Það, sem maðurinn hefir framyfir dýrin, hefir honum ekki áskotnast af öðru en því, að þróun hans hefir í þeim greinum miðað nokkru hraðara fram en þróun annarra tegunda. Hitt er annað mál, að þróun hans hefir miðað fram miklu seinna en mátt hefði, og að mikil hætta er á, að allri þróun hans fari að verða lokið. Og þá kem ég að því, sem er lausn þess vanda, sem margir vitrir menn eru

nú farnir að sjá, að leitt gæti mannkynið til glötunar. Í stað þess að verða eins og dýrin hamingjusamur vegna lítilla framfarahæfileika og rótfestu við hið jarðræna upphaf sitt, sem er ættminni þeirra og farvegur vanans, ber manninum að tileinka sér ljósið og sannleikann og verða fyrir aðstoð þess foringi jarðlífsins á leið til æ meiri farsældar og fegurðar. Það eru ræturnar til himins, sem mönnunum ber að sameinast um og treysta.

Í júlí og ágúst 1952.